

SHALDOR
skoðun 14



3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Eldunartæki
Meistaradeildin



Framtíðarstjórnur
Tveir af efnilegustu
knattspyrnumönnum Íslands
fá tækifæri til að láta að sér
kveða í Evrópu-deildinni í vetur.
meistaradeildin 6



FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
13. september 2011
213. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10
ÁRA
2001 - 2011




Prautagöngu lokið
Leikstjórnin Ágúst Bent
loksins kominn með bílpróf.
fólk 38

Óvæntur sigur
Sveit Rimaskóla
í skák nýkrýnd
Norðurlandameistari.
tímamót 20



Ekki hættur að þjálfa
Heimir Hallgrímsson er
að hætta hjá ÍBV og mun
skoða öll tilboð sem berast.
sport 35

veðrið í dag



YFIRLEITT HÆGUR vindur á
landinu í dag, 3-8 m/s en 8-13 við
SA- og A-ströndina. Víða bjart en
skýjað og dálítið væta NA-til. Hiti
4-13 stig. **VEÐUR 4**

Taka upp inntökupróf vegna ómarktækra stúdentsprófa

Hagfræðideild Háskóla Íslands hyggst taka upp inntökupróf fyrir nýnema næsta haust. Ekki nægilega mikið að marka stúdentspróf úr sumum skólum til að hægt sé að nota þau sem viðmið segir dósent við deildina.

MENNTUN Til stendur að taka upp inntökupróf í hagfræðideild Háskóla Íslands til að vinna úr þá nemendum sem ekki hafa þann menntunargrunn sem þarf í náminu. Dósent við deildina segir einnig úr stúdentsprófi ekki nægilega gott viðmið.

„Markmiðið er ekki að takmarka aðgang að námi í hagfræði, það hefur aldrei staðið til,“ segir Daði Már Kristófersson, dósent við hagfræðideild háskólans.

Daði segir markmiðið að fækka þeim nemendum sem ekki geti staðist þær kröfur sem deildin geri til þeirra. Engum sé greiði gerður með því að taka viðkomandi inn í nám sem hann ráði ekki við.

„Við sjáum enga aðra lausn sem gæti skilað sama árangri og inn-

Kanna árangur eftir skólum

Athugun á árangri nemenda í Háskóla Íslands og brottfalli þeirra eftir því í hvaða menntaskóla þeir fóru hefur staðið yfir innan háskólans í rúmt ár. Róbert Haraldsson, formaður kennslumálanefndar HÍ, segir verkið hafa reynst flóknara en búist hafi verið við en til standi að ljúka rannsókninni á þessu misseri og þá séu niðurstöður væntanlegar.

tökupróf,“ segir Daði. Hann segir vissulega hafa verið rætt að setja skilyrði um lágmarkseinkunn. „Tilfellið er að stúdentspróf eru orðin svo mismunandi eftir því í hvaða skólum þau eru þreytt að það er einfaldlega ekki nægilega mikið að marka slíkt viðmið.“

Deildarfundur hagfræðideildar samþykkti fyrir sumarfrí að taka upp inntökupróf. Í sumar hafa starfsmenn deildarinnar smíðað

reglur sem gilda munu um inntökuprófin, en samþykki háskólaráðs þarf áður en þau verða tekin upp.

„Við erum skikkuð til að spara í rekstri deildarinnar, og stingum upp á inntökuprófum til að ná niður kostnaði,“ segir Daði. Hann segir markmiðið að sýna nemendum hvaða kröfur séu gerðar til þeirra svo þeir skrái sig ekki til náms sem þeir ráði ekki við, og endi á að falla eða hætta námi. Daði segir algengt

að á bilinu 35 til 50 prósent þeirra nemenda sem skrái sig til náms sjái aldrei í tímum og drjúgur hópur fyrsta árs nema falli á jóla-pröfunum.

Hann segir stefnt að því að inntökuprófin verði öllum opin sem hafi lokið stúdentsprófi, og allir sem standist prófið fái að hefja nám í hagfræði.

Í dag notar aðeins ein deild innan Háskóla Íslands inntökupróf. Þeir sem vilja komast í nám í læknisfræði eða sjúkrahjálfun við lækna-deild háskólans þurfa að þreyta inntökupróf. Þau eru annars eðlis en þau próf sem hagfræðideild vill taka upp, enda takmarkaður fjöldi nemenda sem kemst að hjá lækna-deild og markmiðið að finna þá hæfustu. -bj



FLÖKTANDI FIÐRILDI Fiðrildavika UN Women á Íslandi var formlega sett á Austurvelli í gær, en markmið vikunnar er að hvetja landsmenn til að taka þátt í fjársöfnun til að uppræta ofbeldi, fátækt og óréttlæti meðal kvenna í fátækustu samfélögum heims. Nemendur úr Vesturbæjarskóla lögðu sitt af mörkum með því að skreyta tré við Austurvöll með fiðrildum. **FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM**

Hlutabréf þýskra og franskra banka lækka um allt að tólf prósentum vegna óróa: Óttast að Grikkland fari í þrot

GRIKKLAND, AP Ótti við að Grikkland stefni í greiðsluþrot olli óróa á hlutabréfamörkuðum í gær og féllu bréf í þýskum og frönskum bönkum sem fjármagnað hafa stóran hluta skulda gríska ríkisins um allt að tólf prósentum.

Grísk stjórnvöld hafa ekki sýnt fram á nægilegan árangur í glímunni við skuldavandann á undanförunum vikum, og hóta ríki sem lofað hafa Grikkjum neyðarlánunum að skrúfa fyrir frekari lán þar til stjórnvöld ná tókum á ástandinu.

Fari gríska ríkið í þrot mun verðmæti skuldabréfa þess hrynja. Það gæti haft gríðarlega neikvæð áhrif á þá banka sem keypt hafa skuldabréfin, og þar með fjármagnað skuldir Grikklands.

Ótti við greiðsluþrot Grikklands varð til þess að hlutabréfa-verð í Evrópu, Bandaríkjunum og Asíu lækkaði í gær.

Gengi evrunnar lækkaði einnig verulega, sérstaklega eftir að þýskir fréttamiðlar birtu fréttir

af því að þýsk stjórnvöld væru byrjuð að undirbúa viðbrögð við gjaldþroti Grikklands.

Margt virðist benda til þess að þolinmæði þýskra stjórnvalda gagnvart Grikklandi sé á þrotum. Talsmaður Angelu Merkel Þýskalandsskanslara sagði þó í gær að Þýskaland „reiknaði með því að grísk stjórnvöld væru að gera sitt besta“ í efnahagsmálum landsins. „Okkar markmið er að koma á stöðugleika á evrusvæðinu í heild sinni,“ sagði hann. -bj

Salan á HS Orku: Rengja minnisblað ráðherra

VIÐSKIPTI Fulltrúar Norðurláls segja minnisblað, sem skrifað var fyrir forsætis- og fjármálaráðherra 30. mars 2010, ekki rétt. Þar sé fullt að aðeins standi yfir viðræður við Magma um kaup í HS Orku, en Norðurláli hafi þá nýlega verið tilkynnt um söluferli fyrirtækisins.

Einar Karl Haraldsson, höfundur minnisblaðsins, segir það hafa varpað ljósi á þá stöðu að Magma væri í viðræðum um meirihlutakaup í HS Orku. Ríkisstjórnin hafi ekki haft áhrif á sölu. „Það var hins vegar almennt pólitískt viðhorf, bæði innan Samfylkingar og Vinstri grænna, að ekki væri eðlilegt að álfyrirtæki, sem kaupandi að orku, ætti í orku-fyrirtækinu.“ -kóp / sjá síðu 4



allt að **90%** afsláttur

Yfir 1000 titlar

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

RISAlagersala Forlagsins er á Fiskislóð 39

BÓKA **LAGERSALA**



Friðrik, hefur þú nú hitt í mark?

„Já, skeytin inn.“

Friðrik Steinn Friðriksson vöruhönnuður hannaði áttítt fótboltamark og vakti þar með athygli hönnunartimaritsins FORM, sem telur hann meðal fimm bestu unghönnuðanna.



TRÉ ÁRSINS 2010 Í fyrra varð þessi álumur við Heiðarveg í Vestmannaeyjum fyrir valinu.

Tré á Suðurnesjum valið:

Tré ársins kynnt í dag

NÁTTÚRA Tré ársins 2011 verður kynnt við hátíðlega athöfn að Greniteigi 9 í Reykjanesbæ í hádegina í dag. Skógræktarfélag Íslands sér um valið en þetta er í fyrsta sinn sem tré á Suðurnesjum verður fyrir valinu.

Í tilkynningu frá Skógræktarfélaginu segir að tré þetta þygi fyrirtaks dæmi um það hvernig trjágróður geti vaxið og dafnað þrátt fyrir erfið skilyrði.

Útnefningunni er ætlað að beina sjónum almennings að því gróskumikla starfi sem unnið er um allt land í trjá- og skógrækt og benda á menningarlegt gildi einstakra trjáa um allt land. - mþl

Gangnamaður slasaðist:

Hestur sparkaði í höfuð smala

SLYS Gangnamaður á þrítugsaldri slasaðist töluvert í Þjórsárdal í gær þegar hestur sparkaði í höfuð hans.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Selfossi var maðurinn í hóp með öðrum á leið upp á Flóamannafrétt til að leita fjár. Allir mennirnir voru ríðandi á hestum.

Maðurinn hlaut mjög slæman skurð á höfði þegar hesturinn sparkaði í hann. Lögregla og sjúkralið var kallað á vettvang og var maðurinn fluttur til aðhlyningar á sjúkrahús. - sv

Svifryksmengun í Reykjavík var svo mikil í gær að möguleiki er á að heilbrigðir hafi fundið til óþæginda:

Loftmengun mælist langt yfir hættumörkum

UMHVERFISMÁL Mikil svifryksmengun mældist í Reykjavík í gær. Magn svifryks mældist yfir 260 míkrógrömm á rúmmetra um miðjan dag, en fari magnið yfir 100 er einstaklingur með ofnæmi eða með alvarlega hjarta- og lungnasjúkdóma ráðlagt að halda sig innan dyra.

Þegar styrkurinn er orðinn meira en 150 geta einstaklingar sem eiga ekki við vandamál í öndunarfærum að stríða einnig fundið fyrir óþægindum.

Í tilkynningu frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur segir að ekki hafi verið um öskufok að ræða heldur hafi sandur

og þurr leir borist til borgarinnar frá þurru svæðum við Langjökul. Því megi búast við að styrkur svifryks fari yfir sólarhringsheilsuverndarmörk.

Seinnipart dags var hálf tímagildi í Grensásstöðinni, þar sem mengun mælist yfirleitt mest í Reykjavík, rúmlega 200 míkrógrömm á rúmmetra, en meðaltal frá miðnætti er 37,8. Samkvæmt spá Veðurstofu Íslands er búist við að vind lægi í dag og því má búast við að fokið minnki.

Töluvert mistur var yfir Reykjavíkurborg um helgina en þó fór svifryk ekki yfir heilsuverndarmörk fyrir en í gær. - sv



SVIFRYKSMENGUN Í REYKJAVÍK Í GÆR Svifryk fór yfir 250 í gær vegna sand- og leirfoks frá Langjökli. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kind gekk úr Fljóts- hlíð norður í land

Klaufirnar gengnar upp í kviku eftir ferðina þvert yfir landið. Var sleppt upp á heimaland með lambi í vor en var lamblaus þegar hún fannst í Stafnsrétt í Svartárdal. Viðhaldi sauðfjárveikivarnargirðinga ábótavant vegn fjárskorts.

LANDBÚNAÐUR „Það er svolítið skrítið að fá hingað kind sem aldrei hefur farið úr heimahögum,“ segir Sigurjón Stefánsson, bóndi á Steiná í Svartárdal í Austur-Húnvatnssýslu, sem fann kind úr Rangárvallasýslu í Stafnsrétt þegar réttað var þar í 200. sinn síðastliðinn laugardag.

„Hún getur hafa komið öðruhvoru megin við Hofsjökul norður á Eyvindarstaðaheidi þáðan sem hún smalaðist. Hún hefur þurft að fara yfir einhverjar jökulár nema hún hafi farið yfir Hofsjökul. Það er ómögulegt að segja hvaða leið hún hefur farið.“

Ljóst er að leiðin sem ærin fór var löng og klaufirnar voru gengnar upp í kviku að sögn Sigurjóns, sem finnst skrítið að fá norður kind sem aldrei hefur farið úr heimahögum.

„En kannski var hún að flýja sandrokk. Hún hefur kannski ekki þekkt landið sitt sem hún var von að ganga á.“

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Sigurjón fær kind að sunnan. „Ég hef einu sinni fengið kindur sunnan af Eyrarbakka. Þær voru orðnar klaufalitr.“

Eigandi flökkukindarinnar úr Fljótshlíð, Kristinn Hákonarson á Eyvindarmúla, segist hafa látið hana út í maí. „Hún bar í vor og var sleppt upp á heimaland hjá okkur en var lamblaus þegar hún fannst. Þetta var sex ára kind mörkuð mér og það er magnað að hún skuli hafa farið alla þessa leið. Hún er búin að fara yfir margar sauðfjárveikivarnarlínur. Hún er búin að brjóta vel af sér,“ segir hann um flökkukindina, sem var slátrað í gær.



LÍNUBRJÓTURINN Kindin bar í vor en var lamblaus þegar hún fannst. Hún fór yfir margar sauðfjárveikivarnarlínur. MYND/ELÍN

Hún hefur þurft að fara yfir einhverjar jökulár nema hún hafi farið yfir Hofsjökul.

SIGURJÓN STEFÁNSSON
BÓNDI Á STEINÁ Í SVARTÁRDAL

Kristinn kveðst aldrei hafa misst kind á þennan hátt áður.

Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda, segir samtökin hafa talsverðar áhyggjur af línubrjótum. „Það er ekki svo langt

síðan varnarhólfum í sauðfjárrækt var fækkað. Við höldum að gert yrði átak í að lagfæra varnargirðingar en viðhaldi þeirra er sums staðar ábótavant.“

Matvælastofnun á að sjá um viðhaldið en hefur ekki fengið nægilegt fé til þess. „Þetta er eilíf barátta um fjármagn,“ segir Þorsteinn Ólafsson, dýralæknir nautgripa- og sauðfjársjúkdóma hjá Matvælastofnun.

Það er mat hans að línubrjótar séu ekki orðnir fleiri en þeir voru. „Það er þó nokkuð um línubrjóta en þeim hefur ekki fjölgað.“
ibs@frettabladid.is

Krafin svara um forsetann: Jóhanna þögul um forsetann

ALÞINGI Jóhanna Sigurðardóttir vildi lítið tjá sig á Alþingi í gær um nýleg ummæli Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands, sem gagnrýnt hefur ríkisstjórnina fyrir að beygja sig fyrir erlendu valdi í samningum um Icesave.

Ólöf Nordal, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, krafði Jóhönnu svara um skoðun hennar á ummælunum, hvort hún teldi forsetann hafa farið út fyrir valdsvið sitt og það væri ríkisstjórninni að meinalausu að forsetinn viðhefði slík ummæli í hennar nafni erlendis. Ólöf tók fram að hún væri sammála forsetanum.

Jóhanna vísaði í ummæli sín í fjölmiðlum; forsetinn hefði vegið ómaklega að stjórnvöldum og hún hygðist ræða það við hann. - kþp



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

Mótorhjólalys á Akranesi:

Blindaðist af kvöldsólinni

SLYS Umferðarslys varð um kvöldmatarleytið á Akranesi í gær þegar ökumaður mótorhjólsmissti stjórn á hjóli sínu. Talið er að maðurinn hafi blindast af kvöldsólinni með fyrrgreindum afleiðingum.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Akranesi slasaðist maðurinn töluvert og var fluttur á Sjúkrahúsið á Akranesi til aðhlyningar. Hann er þó ekki talinn í lífshættu. Að sögn lögreglu var maðurinn vel búinn og varð það til þess að betur fór en á horfðist. - sv

Fjöldauppsagnir hjá Arion banka þrátt fyrir 10 milljarða hagnað á síðasta ári:

Fimmtíu og sjö manns sagt upp

ATVINNUMÁL Forsvarsmenn Arion banka sögðu upp 57 starfsmönnum í gær. 38 þeirra störfuðu hjá höfuðstöðvum bankans en 19 á öðrum starfsstöðvum, að því er fram kemur í tilkynningu frá bankanum.

Forsvarsmenn bankans segjast harma aðgerðirnar en að ljóst megi vera að rekstur íslenska fjármálakerfisins sé of kostnaðarsamur. Ekki séu fyrirhugaðar frekari aðgerðir af þessu tagi.

„Almennt má ljóst vera að rekstur íslenska fjármálakerfisins er of kostnaðarsamur. Fjöldi starfsfólks hjá fjármálafyrirtækjum hér á landi er of mikill miðað við umfang kerfisins. Sú staðreynd á einnig við um Arion banka. Að auki eru ný verkefni, svo sem eftirspurn eftir nýjum lánum og fjárfestingar í lægð sem stendur,“ segir í tilkynningunni.

Einnig kemur fram að þrátt fyrir að afkoma bankans hafi verið viðunandi síðastliðin misseri sé stór hluti þess hagnaðar tilkominn vegna endurmat á lánabók á fyrirtækjasviði bankans. Líkt og greint hefur verið frá í fjölmiðlum að undanförun var hagnaður bankans 10,2 milljarðar á fyrrihluta þessa árs. „Arion banki hefur styrkt stöðu sína á



HÖFUÐSTÖÐVAR ARION BANKA 38 starfsmönnum í höfuðstöðvum bankans var sagt upp í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

markaði frá stofnun bankans en engu að síður eru aðgerðirnar nú nauðsynlegar til að treysta stöðu bankans og samkeppnishæfni til framtíðar.“

Vinnuálagstofnun hefur verið tilkynnt um uppsagnirnar. - sv

SIEMENS

8. - 24. september 2011

Tækifæri

Nú eru ýmis traust raftæki á góðu Tækifærisverði. Láttu sjá þig.

SMITH & NORLAND

Noátúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



BMW

www.bmw.is



Hrein
akstursgleði

DÍSIL 5,6 l/100 km*

Enginn annar bílaframleiðandi hefur jafn staðfastlega og jafn lengi leitað nýrra leiða til að draga úr eldsneytiseyðslu og BMW. Þessi vinna hefur margbargað sig fyrir ökumenn og umhverfið. EfficientDynamics er markaðsheit eins skilvirkasta tæknipakka sem völ er á. Um er að ræða stórar og smáar tækninýjungar sem BMW hefur þróað frá árinu 1999 og innleitt með það að leiðarljósi að minnka eldsneytiseyðslu og útblástur koltvísýrings.

NÝR OG STÆRRI BMW X3 Eyðir aðeins 5,6 l/100 km í langkeyrslu

BMW EfficientDynamics
Less emissions. More driving pleasure.



NÝR BMW X5

Kynntu þér líka nýjan X5. Tækni framtíðarinnar tryggir þér hagkvæmni, afl og þægindi. Jafnvel verðið kemur á óvart!

*Miðað við langkeyrslu

INGVAR HELGASON og B&L • Sævarhöfða 2, sími 525 8000

Áskorun til fyrrum hluthafa í Landsbanka Íslands hf.

- Ert þú fyrrum hluthafi í Landsbanka Íslands hf og vilt kanna réttarstöðu þína gagnvart fyrrum eigenda bankans?

Fyrrum hluthafar Landsbanka Íslands hf. vinna nú að undirbúningi vitnamáls gegn fyrrum eiganda Landsbanka Íslands, Björgólfi Thor Björgólfssyni. Hluthöfum bankans gefst nú kostur á því að leggja málinu lið og aðstoða við undirbúning vitnamáls.

Opinberlega hefur komið fram að lánveitingar til Björgólfs Thors Björgólfssonar hafi verið langt umfram lögbundnar heimildir á fjármálamarkaði. Einnig vekja viðskipti nánna samstarfsmanna Björgólfs Thors með óbeina eignarhluti í Landsbankanum upp spurningar um skilgreiningu hans sem ótengds aðila. Mörgum spurningum er ósvarað er varðar aðkomu Björgólfs Thors að stjórnun Landsbankans en mikilvægast er þó að skera úr um lögmæti lánveitinga til hans og hvort ekki hefði átt að skilgreina hann sem tengdan aðila í bankanum í ljósi beins og óbeins eignarhalds.

Landslög hafa unnið ítarlegt lögfræðiálit fyrir fyrrum hluthafa bankans. Samkvæmt því og áliti slitastjórnar Landsbanka Íslands virðist Björgólfur Thor hafa verið ranglega skilgreindur sem ótengdur aðili innan bankans. Eins hefur komið fram að lánveitingar til hans og tengdra aðila hafi verið langt umfram lögbundnar heimildir. Markmið vitnamáls á hendur Björgólfi Thor Björgólfssyni er að afla frekari upplýsinga um viðskipti, lánveitingar og skilgreinda stöðu hans innan bankans, auk þess sem aðkoma endurskoðanda og lykilstjórnenda verður könnuð. Í framhaldinu verður tekin ákvörðun um hvort höfðað verði skaðabótamál á hendur Björgólfi Thor. Opinberar upplýsingar benda til þess að Björgólfur Thor sé vel gjaldfær um skaðabætur til fyrrum hluthafa Landsbanka Íslands, sem voru um 20.000 talsins við fall hans.

Nú þegar hafa fjölmargir fyrrum hluthafar bankans ákveðið að styðja umrætt vitnamál sem höfðað verður á næstu vikum. Hluthafar tæplega 3% hlutafjár í Landsbanka Íslands fyrir fall hans hafa staðfest stuðning sinn við málið og væntanlegur rekstur vitnamáls hefur nú þegar verið fjármagnaður. Þess má geta að 3% hlutafjár í bankanum, endurspeglar um 6,2% hlutafjár í eigu annarra en Landbankans, stjórnenda hans og Björgólfs Thors og tengdra aðila. Ef þú varst hluthafi í bankanum á árunum 2005-2008 er hér með skorað á þig taka þátt í undirbúningi málsins og verða hluti af hugsanlegri hópmaalssókn kom til hennar síðar.

Þú getur staðfest stuðning þinn og áhuga á því að vera með í mögulegri hópmaalssókn með því að skrá nafn þitt, kennitölu og staðfesta hlutafjäreign á umræddu tímabili á skrifstofu Lögsögu lögmannstofa, Vegmúla 4, 108 Reykjavík (fyrir neðan MP banka). Tekið verður á móti skráningum á tímabilinu 13-16. september frá kl. 12.30-16.00. Engin fjárhagsleg skuldbinding fylgir skráningu en þeim sem skrá sig verður boðið að taka þátt í hópmaalssókn komi til hennar síðar. Lögfræðiálit Landslaga verður aðgengilegt fyrir fyrrum hluthafa bankans á Lögsögu lögmannsstofa.

F.h. fyrrum hluthafa í Landsbanka Íslands hf.

Ólafur Kristinsson, LL.M, hdl.
olafur@logsagan.is



Ferð þú í réttir?

Já	17,7%
Nei	82,3%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Finnur þú fyrir óþægindum í öndunarvegi þegar svifryk er mikið í umhverfi þínu?

Segðu þína skoðun á Vísis



Fátækrahverfi stóð í ljósum logum eftir að eldur komst í leka frá eldsneytislögn í Naíróbí, höfuðborg Kenía:

Að minnsta kosti 75 látirnir og 100 slasaðir

KENÍA, AP Í það minnsta 75 létust og yfir 100 til viðbótar eru slasaðir eftir að eldur komst í bensín sem hafði lekið úr bensínleiðslu í fátækrahverfi í Naíróbí, höfuðborg Kenía í gær.

Fjöldi fólks hafði safnast við leiðsluna eftir að bensín fór að leka. Ekki er ljóst hvernig eldur komst að bensíninu, en sjónarvottar segja að sprenging hafi orðið um klukkan níu um morgun að staðartíma.

Hluti fátækrahverfisins stóð í ljósum logum eftir sprenginguna, en húsum, kofum og tjöldum hafði

verið komið fyrir alveg upp við bensínleiðsluna.

Joseph Mwangi, 34 ára íbúi hverfisins, sagði fréttamanni AP að hann hefði verið að gefa kúnni sinni að éta þegar hann hefði heyrt af bensínlekanum. Hann hefði farið að sækja fat til að ná sér í bensín þegar sprenging hefði orðið.

Rétt eftir að hann ræddi við fréttamanninn fann Mwangi tvö illa brunnin lík af börnunum sínum í rústum heimilis þeirra. „Þetta voru börnin mín,“ sagði hann áður en hann féll grátandi í jörðina.



HARMLEIKUR Björgunarmenn flytja Joseph Mwangi af vettvangi. Hann fann brunnin lík barnanna sinna tveggja í rústum heimilis þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Costa del sol

20. september

Frá kr. **39.900**

Ótrúlegt tilboð - Allra síðustu sætin

Heimsferðir bjóða nú einstakt tilboð á síðustu flugsætunum til Costa del Sol 20. september í 8 nætur. Þú kaupir 2 flugsæti en greiðir aðeins fyrir 1. Við bjóðum þér fjölbreytta gistingu meðan á dvölinni stendur.

Verð kr. 39.900

Flugsæti með sköttum, m.v. 2 fyrir 1 tilboð 20. september í 8 nætur. Netverð á mann. Verð áður kr. 79.800.-

Verðdæmi fyrir gistingu:

Kr. 21.300 m.v. 4 íbúð á Apartamentos MS Alay's á mann í 8 nætur. Verð í tvíbýli 28.800 á mann í 8 nætur.

Kr. 46.500 með fullu fæði

m.v. 2 í herbergi á mann á Balmoral hótelinu í 8 nætur.



Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is



Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á silku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Orkuskipti í samgöngum

Opinn fundur um mótun vistvænnar framtíðar í samgöngum

Fimmtudaginn 15. september kl. 9.00-12.30 í húsakynnum Orkustofnunar, Grensásvegi 9

- 9.00 Kristján Skarphéðinsson, ráðuneytisstjóri iðnaðarráðuneytisins
- 9.15 Hvert erum við komin og hver eru næstu skref? Sverrir V. Hauksson, formaður verkefnisstjórnar Grænu orkunnar
- 9.50 Vinnuhópar að störfum
- 11.45 Kynning vinnuhópa og samantekt

Allt áhugafólk um mótun vistvænnar framtíðar í samgöngum er hvatt til að mæta

Skráðu þig með því að senda tölvupóst á asl@os.is
Takmarkað sætaframboð
Frekari upplýsingar á www.graenaorkan.is



IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ



Sveppa bannað að tala beint til barna

Neytendastofa hefur úrskurðað að útvarpsauglýsingar fyrir kvikmyndina Algjör Sveppi og töfraskápurinn hafi brotið gegn lögum þar sem í þeim er talað beint til barna. Framleiðandi hefur tekið umræddar auglýsingar úr umferð.

NEYTENDUR Neytendastofa hefur bannað þrjár útvarpsauglýsingar í auglýsingaherferð fyrir kvikmyndina Algjör Sveppi og Töfraskápurinn. Hreyfimyndasmiðjan ehf. er framleiðandi auglýsinganna og kvikmyndarinnar sjálfrar.

Í úrskurði Neytendastofu kemur fram að auglýsingarnar eru taldar brjóta gegn lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Talið var augljóst að þær fælu í sér beina hvatningu til barna til að kaupa aðgang að kvikmyndinni. Stofnuninni hafi borist athugasemdir frá neytendum vegna auglýsinganna og því hafi málið verið skoðað.

Hreyfimyndasmiðjunni var send athugasemd í byrjun september vegna tveggja útvarpsauglýsinga fyrir kvikmyndina. Voru þær teknar úr umferð í kjölfarið og ný send út. Neytendastofa taldi þriðju auglýsinguna einnig brjóta gegn lögum og var hún því einnig tekin úr umferð.

Dórunn Anna Árnadóttir, sviðsstjóri neytendaréttarsviðs hjá Neytendastofu, segir þetta í fyrsta sinn sem stofnuninni berist ábendingar sem þessar er varða auglýsingar til barna.

„Það eru strangar reglur er varða börn og auglýsingar og það er nauðsynlegt að vera meðvitaður um það,“ segir Dórunn. „En fyrst þessar þrjár auglýsingar eru ekki lengur í loftinu geri ég ekki ráð fyrir því að það verði nein eftirmál.“

Bragi Þór Hinriksson, framkvæmdastjóri Hreyfimyndasmiðjunnar og leikstjóri kvikmyndarinnar, segist ekki hafa áttað sig á því að gömlu auglýsingarnar væru ekki í samræmi við lög.

„Við tókum auglýsingarnar úr umferð um leið og við fengum úrskurðinn. Þær voru allar þrjár réttilega bannaðar og við fram-



SVERRIR ÞÓR SVERRISSON Auglýsingar þar sem Sveppi talar beint til barna hafa nú verið bannaðar af Neytendastofu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Mig langaði bara að se... Obobob þetta er bannað.“

Auglýsing 1.

„Hæ krakkar þetta er Sveppi. Ég ætlaði bara að segja ykkur að Alger Sveppi og Töfraskápurinn, nýja myndin okkar, hún verður frumsýnd 9. september í Sambíóunum. Ég veit að það eru margir búnir að biða spenntir eftir þessari mynd en núna getið þið hætt að biða og bara farið í bíó. Sjáumst. Já og góða skemmtun, hún er alveg hrikalega skemmtileg, eða það finnst mér.“

Auglýsing 2.

„Hæ krakkar þetta er Sveppi herna mig langaði bara að se... Obobob þetta er bannað. Nú. Kæru foreldrar væruð þið til í að segja b... Þetta er bannað. Nú. Kæru Íslendingar það er mér sönn ánægja. *Hlátur* Á gráu svæði. Já. Þú sem ert að hlusta: Algjör Sveppi og Töfraskápurinn verður frumsýnd í Sambíóunum á föstudaginn næsta um land allt. Má það eða? *Tónlist*.“

Auglýsing 3.

„Gagnýnendur eru á einu máli. Þeir eru allir mega-spenntir fyrir hinni stórkostlegu ævintýramynd Algjör Sveppi og töfraskápurinn. Komin í bíó, í Sambíóunum um land allt. Þetta var flott hjá þér. Já.“
Heimild: Neytendastofa

leiddum því nýjar auglýsingar sem ég vona og held að séu í samræmi við lögin,“ segir hann. Varðandi þriðju auglýsinguna, sem einnig var bönnuð, segir Bragi að hún hafi

verið sett fram sem saklaust grín. Spilun á henni hafi verið hætt um leið og seinni úrskurðurinn kom frá Neytendastofu.

sunna@frettabladid.is

Utanríkisráðuneytið svarar fyrirspurn þingmanns um kostnað við ferðalög:

Færri ferðir en sami kostnaður

UTANRÍKISMÁL Ferðum utanríkisráðuneytisins og undirstofnana þess hefur fækkað um ríflega þriðjung á fjögurra ára tímabili en kostnaður við ferðalögin stendur svo gott sem í stað vegna hruns krónunnar.

Þetta kemur fram í svari Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur, þingmanns Framsóknarflokksins.

Farnar voru 537 utanlandsferðir á vegum ráðuneytisins eða stofnana þess árið 2007, en 336 árið 2010, sem er 37,4 prósent fækkun á utanlandsferðum.

Kostnaður við ferðalögin var 98,7 milljónir árið 2007. Hann



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON



VIÐÍS HAUKSDÓTTIR

hækkaði í 140,9 milljónir árið eftir en var kominn niður í 97,9 milljónir í fyrra. Meðalkostnaðurinn á hverja ferð hafði samkvæmt því aukist um ríflega 75 prósent, úr 361 þúsund krónum árið 2007 í 634 þúsund krónur í fyrra.

75% hækkan hefur orðið á kostnaði við hverja utanlandsferð á vegum utanríkisráðuneytisins á fjórum árum.

Starfsmenn ráðuneytisins og stofnanna þess fóru til samtals 123 landa á tímabilinu í margvíslegum erindagjörðum.

Ekki er sundurgreint í svarinu í hvaða erindagjörðum starfsmenn ráðuneytisins og undirstofnanna þess voru í hverju tilvikinu tilgreint er hvers vegna hvert af ríkjunum 123 var heimsótt.

- bj



Skoda Octavia Scout 4x4
Árgerð 2007, dísel
Ekinn 80.000 km, beinskiptur

Ásett verð
2.950.000,-

NÝLEGGIR GÆÐABÍLAR Á GÓÐU VERÐI

Komdu til okkar á **Laugaveg 174** og prófaðu einn af gæðingunum í notuðum bílum. Sölumenn taka vel á móti þér!




MM Pajero 3.5 GLS 33"
Árgerð 2004, bensín
Ekinn 97.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
2.890.000,-



VW Caddy Life TDi
Árgerð 2007, dísel
Ekinn 161.000 km, beinsk.

Ásett verð
1.590.000,-



VW Touareg
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 92.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
3.550.000,-



VW Polo 1.4 Comfl. 5 gíra
85 Hö. Árgerð 2010, bensín
Ekinn 42.000 km, beinsk.

Ásett verð
1.990.000,-



MM Outlander Intense. Árgerð 2007, dísel
Ekinn 80.000 km, beinsk.

Ásett verð
3.090.000,-



Toyota Land Cruiser 120 VX
Árgerð 2007, dísel
Ekinn 85.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
6.850.000,-



Audi A3 TFSI
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 25.000 km, beinsk.

Ásett verð
3.290.000,-



MM Pajero Instyle
Árg. 2010, dísel
Ekinn 85.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
6.550.000,-



VW Passat Comfort 4Motion. Árgerð 2006, bensín
Ekinn 64.000 km, beinsk.

Ásett verð
2.790.000,-



VW Sharan TDi
Árgerð 2007, dísel
Ekinn 78.000 km, beinsk.

Ásett verð
2.990.000,-



VW Polo 1.4 Comfl. 5 gíra
85 Hö. Árgerð 2010, bensín
Ekinn 41.000 km, beinsk.

Ásett verð
1.990.000,-



MM Lancer
Árgerð 2009, bensín
Ekinn 41.000 km, beinsk.

Ásett verð
2.690.000,-



1. Hvað vill hátt hlutfall landsmanna draga aðildarumsókn Íslands að ESB til baka?
2. Hvaða fótboltalið unnu Keflvíkingar um helgina?
3. Hver er búinn að gera sína eigin útgáfu af sígildum íslenskum popplögum?

SVÖR

meðvirkurinn Hermannsson
1. Tæp 37 prósent 2. Val 3. Tónlistar

Engyeongurinn Einar Sveinsson orðinn einn af stærstu hluthöfum Nýherja:

Situr á skuldugum félögum

VIÐSKIPTI Einar Sveinsson hefur keypt Áningu-fjárfestingar, einn af stærstu hluthöfum Nýherja.

Eigendur Áningar voru fjórir; Benedikt Jóhannesson, stjórnarformaður Nýherja, Þóroddur Sverrisson forstjóri og Halldór Teitsson auk Einars sem átti fjórðung. Hann hefur nú keypt hina út.

Einar vildi hvorki tjá sig um kaupverðið né hvort kaupin hefðu verið liður í fjárhagslegri endurskipulagningu Nýherja eða Áningar.

Áning tapaði rúmum 385

milljónum króna samkvæmt síðasta uppgjöri frá árinu 2009. Skuldir námu 650 milljónum króna á móti 350 milljónum króna neikvæðu eigin fé.

Áning á 7,4 prósentu hlut í Nýherja. Hluttur Einars í Nýherja er tvöfalt meiri í gegnum nokkur eignarhaldsfélög. Þar á meðal eru Gildruklettur og Hrómundur.

Félögin hafa látið á sjá eftir bankahrunið. Gildruklettur töpuðu rúmum 540 milljónum króna á árunum 2008 og 2009 og var eigið fé félagsins neikvætt bæði árin.



EINAR SVEINSSON

Hrómundur átti í Icelandair Group, móðurfélagi N1 sem kröfuhafar hafa tekið yfir, og félaginu Vafningi, sem tengdist fasteignaviðskiptum Sjóvári á Makaó. Hrómundur tapaði sex milljónum króna árið 2008 og var með neikvætt eigið fé upp á tvo milljarða króna í lok árs.

- jab

Fékk skilorðsbundinn dóm:

Með ólöglega byssu og dóp

DÓMSMÁL Þritugur karlmaður hefur verið dæmdur í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að vera með skammtbyssu á heimili sínu í leyfisleysi og fyrir kannabisræktun.

Þá fundust um 1,2 kíló af kannabislaufum við hútleit hjá manningum og um 360 grömm af marjúúana. Maðurinn játaði brot sín. Við ákvörðun refsingar var litið til þess að maðurinn var ekki gefið að sök að hafa ætlað fíkniefnin til sölu og að maðurinn hafði tekið sig á og farið í meðferð.

- jhh

www.ms.is

Fjörmjólk

Með D-vítamíni sem hjálpar þér að vinna kalkið úr mjólkinni. Meira fjör með Fjörmjólk!

Nú í nýjum umbúðum með skrúttappa

Skoða möguleikann á skaðabótamáli

Fyrrverandi hluthafar í Landsbanka Íslands kanna möguleikann á því að höfða skaðabótamál gegn Björgólfi Thor Björgólfssyni. Skorað er á hluthafa að styðja við málið. Forsvarismaður segist hafa fengið gríðarlega góð viðbrögð.

FIÁRMÁL Fyrrverandi hluthafar í Landsbanka Íslands skora á aðra hluthafa að styðja við vitnamál sem höfðað verður á næstu vikum gegn Björgólfi Thor Björgólfssyni, fyrrverandi eiganda bankans. Ólafur Kristinsson lögmaður er skrifadur fyrir auglýsingu um birtist í blöðum í gær og í dag um málið.



BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON

Málið snýr að því að Björgólfur Thor hafi fengið lán í bankanum sem ótengdur aðili. Markmiðið með vitnamálinu er að afla frekari upplýsinga um viðskipti, lánveitingar og skilgreinda stöðu Björgólfs Thors innan bankans, auk þess sem aðkoma endurskoðanda og lykilstjórnenda verður könnuð.

Í framhaldinu verður tekin ákvörðun um það hvort höfðað verði skaðabótamál á hendur honum, að því er fram kemur í auglýsingu Ólafs. Þegar höfðu hluthafar tæplega þriggja prósentu hlutfjár staðfest stuðning við málið, sem endurspeglar 6,2 prósent hlutfjár í eigu annarra en Landsbankans, stjórnenda hans og Björgólfs Thors.

Þá segir Ólafur að fjöldi hluthafa hafi bæst í hópinn strax í gær, þó formleg skráning vegna málsins hefjist í dag. Hann hafi fengið gríðarlega góð viðbrögð. „Mörgum spurningum er ósvarað er varðar aðkomu Björgólfs Thors að stjórnun Landsbankans en mikilvægast er þó að skera úr um lögmæti lánveitinga til hans



LANDSBANKINN Björgólfur Thor hefði samkvæmt lögræðiálitum átt að vera skilgreindur tengdur aðili í bankanum. FRÉTTABLAÐIÐ/RÖSA

FME og regluvörður þekktu eignarhald

Björgólfur Thor Björgólfsson, fyrrverandi eigandi Landsbankans, vildi í gær ekki veita viðtal vegna mögulegrar málshöfðunar. Talsmaður hans vísaði á pistil á vefsvæði Björgólfs Thors sem skrifadur var í gær. Þar segir að Ólafur Kristinsson lögmaður hafi boðað fyrir réttu ári að hann ætlaði að safna fyrrverandi hluthöfum í Landsbankanum saman til að höfða mál gegn Björgólfi Thor.

„Ólafur virðist byggja framgöngu sína á þeirri trú, að ekki hafi verið réttilega upplýst um eignarhald samstarfsmanna minna í Samson eignarhaldsfélaginu sem fór með ríflega 40 prósentu eignarhald í Landsbankanum. Eins og fram hefur komið þá var bæði [Fjármálaeftirlitinu] og regluverði Landsbankans kunnugt um það eignarhald. Fullyrðingar um annað byggja ekki á neinum gögnum,“ segir á vef Björgólfs Thors.

- bj

og hvort ekki hefði átt að skilgreina hann sem tengdan aðila í bankanum í ljósi beins og óbeins eignarhalds,“ segir í auglýsingunni. Lögfræðistofan Landslög hefur unnið lögræðiálit fyrir hluthafa og samkvæmt því var Björgólfur Thor tengdur aðili gagnvart bankanum. Ólafur segir að Landslögum hafi verið falið að undirbúa vitnamálið og undirbúningur sé vel á veg kominn.

thorunn@frettabladid.is

Íslenska sjávarútvegssýningin 2011

Smárinn, Kópavogur • September 22-24

Eini viðburðurinn sem nær til íslenska sjávarútvegsins í heild sinni

- * Alþjóðlegar VIP-sendinefndir verða á staðnum
- * Íslensku sjávarútvegsverðlaunin verða afhent í fimmta sinn þann 22. september 2011

Allt fyrir atvinnumenn í sjávarútvegi frá veiðum til vinnslu og dreifingar á fullnum afurðum

Stuðningsaðilar eru:

- Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið
- Utanríkisráðuneytið
- Samtök iðnaðarins
- Fiskifélag Íslands
- Landssamband íslenskra útvegsmanna
- Landssamband smábátasjónda
- Samtök fiskivinnslustöðva
- Farmanna- og fiskimannasamband Íslands
- VM - Félag vélstjóra og málmáknimanna
- Sjómannasamband Íslands
- Félag atvinnurekenda
- Samtök vorkun og þjónustu
- Íslandsstofa
- Fiskifréttir



Nánari upplýsingar veitir Marianne Rasmussen-Coulling í síma +44 (0) 1329 825335, netfang: mrasmussen@mercatormedia.com

mercatormedia

Íslenska sjávarútvegssýningin er atburður á vegum Mercator Media

www.icefish.is

Riftunarmáli gegn Sigurjóni Þ. Árnasyni vísað frá Héraðsdómi Reykjavíkur:

Segir málatilbúnað vera í skötulíki

DÓMSMÁL Riftunarmál slitastjórnar Landsbankans gegn Sigurjóni Þ. Árnasyni, fyrrverandi bankastjóra, var fellt niður í héraðsdómi í gær, en slitastjórnin hafði krafist Sigurjón um endurgreiðslu á 300 milljónum króna launagreiðslu.

Slitastjórn Landsbankans höfðaði mál á hendur Sigurjóni Þ. Árnasyni, fyrrverandi bankastjóra, auk tveggja annarra starfsmanna bankans á síðasta ári vegna launa sem bankaráð greiddi mönnum í aðdraganda falls bankans.

Málið sneri að kaupréttarsamningnum og öðrum greiðslum sem slitastjórnin vildi fá rift og krafist endurgreiðslu á en málareksturinn hefur staðið yfir frá áramótum.

Málið var fellt niður í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær en dómurinn úrskurðaði að slitastjórnin skyldi greiða Sigurjóni 700 þúsund krónur í málskostnað.

Páll Benediktsson, talsmaður slitastjórnar Landsbankans, sagði í samtali við fréttastofu Stöðvar 2 að málið hafi verið fellt niður af tæknilegum ástæðum, en niðurstaðan hafi ekki áhrif á framgang málsins og bankinn muni áfram reyna að sækja féð.

Sigurður G. Guðjónsson, lögmaður Sigurjóns, sagði hins vegar að málatilbúnaður slitastjórnarinnar hefði verið í skötulíki. Hann segir þó að skjólstæðingur hans hefði fremur kosið að fá efnislega niðurstöðu um hvort hann yrði krafinn um endurgreiðslu fjáris, en ekkert er því til fyrirstöðu að slitastjórnin haldi málinu til streitu fyrir dómstólum þar til hún fæst.

- hgh



SIGURJÓN Þ. ÁRNASON Slitastjórn Landsbankans var gert að greiða Sigurjóni 700 þúsund krónur í málskostnað.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Samstarfsaðili um flutninga



Alþjóðleg útgáfa



Skipuleggjandi



Opinber íslensk útgáfa



Opinbert flugfélag/loftflutningafélag & hótelleða



Fannar Óli Ólafsson
Lærði bifvélavirkjun en eftir kerfisstjóránámið hjá NTV fékk hann vinnu sem kerfisstjóri hjá ISAVIA

Edda Þórey Guðnadóttir
Starfaði við bókhald og skrifstofu-
störf en eftir námið hjá NTV fékk hún
vinnu sem kerfisstjóri hjá IKEA

Haraldur Guðjónsson
Eftir 35 ár í slökkviliðinu fór hann
í Kerfisstjórn hjá NTV. Starfar í dag
sem kerfisfræðingur hjá UTI Reykjavík.

FENGU DRAUMASTARFIÐ AÐ LOKNU NÁMI HJÁ NTV!

Tölvuviðgerðir

72 stundir - Verð: 119.000.-

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl á viðgerðarsviðinu. Verulegur undirbúningur fyrir A+ gráðurnar frá Comptia.

Eftir námið eiga nemendur að vera í stakk búnir til að uppfæra, bilanagreina og gera við tölvubúnað, ásamt því að setja upp videigandi stýrikerfi og koma tölvum í netsamband.

Kennt í sérútbúinni tölvuviðgerðarstofu.

Morgunnámskeið byrjar 4. október
Kvöld- og helgarnámskeið 10. október

MCTS og Network+

108 stundir - Verð: 153.000.-

Markmiðið með þessu námskeiði er að nemendur öðlist færni og kunnáttu til að setja upp og hafa umsjón með tölvum sem keyra á Windows stýrikerfinu. Nemendur öðlast einnig viðtækan skilning á netkerfum og geta leyst vandamál sem að þeim snúa. Auk þess er kynntur fyrir nemendum Windows 2008 Server. Að námskeiði loknu á nemandi að geta séð um rekstur minni eða meðalstórra tölvukerfa.

Morgunnámskeið byrjar 1. nóvember
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 7. nóvember

Diplomanám í Forritun

282 stundir - Verð: 399.000.-

Öflugt starfsnám þar sem leitast er við að leggja traustan þekkingargrunn og byggja ofan á hann með skriflegum og verklegum æfingum.

Að námi loknu eiga nemendur að hafa góða undirstöðuþekkingu og yfirsýn yfir þær aðferðir sem helst eru notaðar í nútíma hugbúnaðargerð og vera í stakk búnir að starfa á þessu sviði.

Að námi loknu eiga nemendur að vera færir að taka 3 alþjóðleg próf.

Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 20. september



Learning Solutions



PROMETRIC



Upplýsingar og skráning: 544 4500 / www.ntv.is

ntv

Samdráttur í landsframleiðslu nam 11 prósentum frá 2009:

Svipaður tekjuhalla á milli ára

EFNAHAGSMÁL Tekjuhalla hins opinbera var 155 milljarðar króna á síðasta ári, rúmlega 10 prósent af landsframleiðslu. Um svipaðan halla og árið 2009 er að ræða. Þetta kemur fram hjá Hagstofu Íslands.

Samkvæmt Hagstofunni skýrist niðurstaðan fyrst og fremst af miklum samdrætti í tekjum hins opinbera vegna 11 prósentna samdráttar í landsframleiðslu á milli árunna 2009 og 2010. Þá jukust útgjöld verulega vegna mikillar skuldsetningar og aukins atvinnuleysis. Heildartekjur hins opinbera námu 637 milljörðum króna árið 2010.



HEILBRIGÐISMÁL Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála námu 360 þúsund krónum á hvern Íslending árið 2010. Það er 24 þúsundum krónum lægra en árið 2009.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Það er aukning frá árinu 2009 um 3,7 prósent, eða 23 milljarða króna.

Tekjurnar mældust 41,5 prósent af landsframleiðslu en voru 41 prósent árið 2009. Er það nokkuð lægra hlutfall en árið 2007 þegar tekjurnar námu 47,9 prósentum af landsframleiðslu, en 44,1 prósentu árið 2008.

Útgjöld til heilbrigðismála námu 9,3 prósentum af landsframleiðslu, alls 142,6 milljörðum króna. Hluttur hins opinbera nam 114,6 milljörðum króna. Hluttur heimilanna 28 milljörðum króna. Hluttur hins opinbera nam 360 þúsund krónum á hvern Íslending árið 2010. Það er 24 þúsund krónum lægra en árið 2009.

- kóp

Mannauðsdagurinn 2011

FLÓRA félag mannauðsstjóra á Íslandi

Helstu áskoranir í mannauðsmálum í dag og framtíðin

Ráðstefnan verður haldin á Hótel Natura í Þingheimasal 14. september kl. 08.00

Framtíðaráskoranir í mannauðsmálum

08:00	Skráning
08:30	Ávarp formanns Flóru, Ketill B. Magnússon
08:40	Gylfi Dalmann, dósent við H.Í. Staða mannauðsstjórnunar á Íslandi
08:55	Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa
09:10	Ásbjörn Gíslason, forstjóri Samskipa
09:25	Kaffihlé
10:00	Sigrún Ragna Ólafsdóttir, forstjóri VÍS
10:15	Björn Zoega, forstjóri LSH
10:30	Paul Kearns, Director of Personnel Works Ltd. – „Stepping up to the HR Challenges facing us all“
11:30	Umræður

Hádegisverður.

Samstarfsaðilar kynna vöru og þjónustu tengda mannauðsmálum

Áskoranir mannauðsstjóra og starfsmanna mannauðsdeilda

13:30	Vlad Vaiman, forstöðumaður framhaldsnáms við H.R. Talent Management
13:50	Svali Björgvinsson, framkvæmdastjóri hjá Icelandair Hvatar og hvatakerfi, er framtíðin í því? -
14:05	Sigbrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Landvirkjun Ráðningar
14:20	Kaffihlé
14:45	Helga Fjóra Sæmundsdóttir, frkvst. hjá Ísl. gámafélaginu Vinnustaðamenning -
15:00	Hafsteinn Bragason, mannauðsstjóri Íslandsbanka HR mælikvarðar
15:15	Elín Helgadóttir, ráðgjafi hjá PWC - Þróun markaðslauna
15:30	Margrét Guðmundsdóttir, forstjóri IcePharma Ef ég væri mannauðsstjóri þá myndi ég...
15:45	Samantekt og lok Kokteill

Fundarstjóri er Elfa Hrönn Guðmundsdóttir, starfsmannastjóri Landsnets hf.

Sérstakur gestur Mannauðsdagsins verður Paul Kearns forstjóri Personnel Works Ltd. Paul hefur starfað að mannauðsmálum frá árinu 1978. Paul hefur skrifað nokkrar bækur um starfsmannamál og þar á meðal bókina HR Strategy og Creating Business Strategy with Human Capital.

Skráning fer fram á stella@practical.is

Ráðstefnugjald kr 16.500.- fyrir heilan dag og kr.13.500.- fyrir hálfan dag*

Meðlimir FLÓRU fá sérstök kjör og greiða kr.10.500.- fyrir heilan dag og kr 8.900.- fyrir hálfan dag*

*Hádegisverður er innifalinn í öllum verðum



Flóra
Félag mannauðsstjóra á Íslandi

practical

Þingmenn takast enn á um aðlögun

Rætt var um aðlögun að ESB á Alþingi í gær. Stjórnarandstaðan telur kröfur sambandsins í landbúnaðarmálum kalla á aðlögun fyrir samþykkt. Ráðherrar voru ósamstíga. Jón Bjarnason segist munu krefja ESB skýringa á kröfum þess.

ALÞINGI Stjórnarandstaðingar telja að Evrópusambandið sé að krefjast aðlögunar íslensks stjórnkerfis að kerfi sambandsins, með skýrslu sinni um landbúnaðarmál. Tekist var á um hvað skýrslan þýddi og hvort aðlögunarferlis væri krafist fyrir mögulega samþykkt í þjóðar- atkvæði eða ekki.

Utandagskrárumræða var um málið á þingi í gær og var Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, málshafjandi. Hann sagði skýrslu ESB, sem lögð var fram í síðustu viku, sýna að sambandið teldi Íslendinga ekki nægilega vel undir viðræður búna, þar sem ekki væri skýrt kveðið á um hvernig aðlaga ætti íslenskt stjórnkerfi að því evrópska.

Jón Bjarnason, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, sagði stærstu tíðindi umræddrar skýrslu vera þau að ESB setti Íslendingum opnunarskilyrði sem uppfylla þyrfti áður en samningur um landbúnað og dreifbýlisþróun hæfust. „Það er ekki að sjá að Evrópusambandið muni taka tillit til hugsanlegra krafna Íslands um styrkja- kerfi sem hentar okkur betur en kerfi Evrópusambandsins.“

Jón taldi ýmislegt óskýrt í skýrslu ESB og hann mundi krefja sambandið skýringa á því hve ítarleg áætlun Íslands þyrfti að vera áður en til viðræðna kæmi.

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra sagði ljóst að kröfurnar væru ekki mjög skýrar. Skýringin á því væri að ESB setti það nánast í hendur Íslendinga sjálfrá með hvaða hætti áætlunin yrði tímasett.



MÁLSEFJANDI Bjarni Benediktsson telur skýrslu Evrópusambandsins um landbúnaðarmál sýna að sambandið telji Íslendinga ekki nægilega búna undir viðræður. Skýrt sé þar hverju þurfi að breyta í landbúnaðarkerfinu hér á landi, eigi aðild að verða að veruleika.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Össur fullyrta, sem og fleiri stjórnarliðar, að kröfurnar væru í fyllsta samræmi við skilyrði Íslendinga fyrir viðræðunum. Krafan snerist ekki um kröfu um aðlögun áður en samningur yrði borinn undir þjóðina; þvert á móti væri verið að ræða um hvernig ætti að laga íslenskt stjórnkerfi að kerfi ESB ef og þegar þjóðin hefði samþykkt samning í þjóðar- atkvæðagreiðslu.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, sagði það liggja fyrir

að ef land sækta um aðild að sambandinu yrði það að undirgangast reglur þess.

Hann spurði Jón Bjarnason að því hvort hann gerði sama greinarmun og Össur á því að Íslendingar þyrftu að hafa starfsfólk á hliðarlínunni sem hlaupa mundi inn í tómar byggingar yrði aðild samþykkt.

Jón svaraði því ekki beinum hætti, en sagðist reiðubúinn til að fara til Brussel ef með þyrfti til að fá skýringar á skýrslu ESB.

kolbeinn@frettabladid.is

Stúlkur í meirihluta verðlaunahafa í Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda:

Hofsstaðaskóli með þriðja gullið

NÝSKÖPUN Fjórar stúlkur við jafn- marga grunnskóla hlutu gullverð- laun í Nýsköpunarkeppni grunnskólanna, sem lauk um helgina. Hofsstaðaskóli í Garðabæ hlaut gullviðurkenningu þriðja árið í röð en flestar hugmyndir í keppninni komu frá nemendum við skólann.

Athygli vekur að af tólf börnum sem lentu í verðlaunasætum eru tíu stúlkur og aðeins tveir drengir. Sendar voru inn 1.872 hugmyndir frá 46 grunnskólum. Anna Þóra Ísfold, framkvæmastjóri Nýsköpunarkeppninnar, segir kynjahlutfall þeirra sem hafi átt hugmyndir í keppninni hafa verið nokkuð jafnt.

Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda hefur verið haldin í tuttugu ár og hafa borist 35 þúsund umsóknir í hana. Markmið keppninnar er að gera börnum á aldrin-

um átta til fimmtán ára grein fyrir sköpunargáfu sinni og þroska hana í gegnum vinnu með eigin hugmyndir. Ekki er útilokað að á næsta ári verði keppninni skipt upp í aldursflokka með skiptingu við gagnfræðaskólaaldur, að sögn Önnu.

- jab

RÁÐHERRA AFHENTI GULLIÐ Þau Katrín Elva Elíasardóttir, Kristín Hekla Örvarsdóttir og Birgir Guðlaugsson frá Hofsstaðaskóla í Garðabæ tóku við gullverðlaunum frá Svandísí Svavarsdóttur menntamálaráðherra.



Þessi hlutu gullverðlaun

Nafn	Skóli	Uppfinning
Katrín Hekla Örvarsdóttir	Hofsstaðaskóla	Öryggisúr
Stefanía Malen Halldórsdóttir	Grunnskólanum austan vatna	Stigastöng
Dagný Rósa Vignisdóttir	Álfstanesskóla	Tannburstagler
Karen Eir Einarisdóttir	Vesturbæjarskóla	Fjölnota stóll

Breskur stjórnfræðingur:

Fyrirlestur um betri stjórnsmál

STJÓRNSMÁL Gerry Stoker, prófessor í stjórnfræði við Háskólann í Southampton, mun flytja opin fyrirlestur í tilefni af 100 ára afmæli Háskóla Íslands á morgun, 14. september, klukkan 12.10. Erindið fjallar um hvernig stuðla megi að betri stjórnsmálum í lýðræðiskerfi. Stoker er einn þekktasti stjórnfræðingur Evrópu. Rannsóknarsvið hans eru sveitarstjórnarmál, stjórnsmáláttaka, stjórnsmálaflokkar og styrking borgaralegrar þátttöku í stjórnsmálum. - sv



HÁSKÓLATORG Konur eru 54,2 prósent starfsfólks í háskólum í 52,9 prósentum stöðugilda. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Flairi konur vinna í háskólum: Starfsfólki fjölgaar en stöðugildum fækka

VINNUMARKAÐUR Starfsfólk í háskólum landsins var 3.042 í 2.255 stöðugildum á síðasta skólaári. Þetta kemur fram í tölum sem Hagstofa Íslands birti í gær.

Starfsmönnum háskóla fjölgaði um 119 milli ára en aftur á móti fækkaði stöðugildum um 30. Starfsmenn sem sinntu kennslu á tímabilinu voru 2.128 í 1.355 stöðugildum.

Ríflega helmingur starfsfólks við kennslu eru aðjúnktar og stundakennarar eða 1.175 talsins í 535 stöðugildum. Þá eru konur 54,2 prósent starfsfólks í háskólum í 52,9 prósentum stöðugilda. - mþl



FRUMKVÖÐLAR Ása Magnusson fremst í flokki með öðrum þátttakendum á frumkvöðlaráðstefnu EUWIIN í síðustu viku. Fréttablaðið/Július Valsson

Svíi fékk æðstu verðlaunin:

29 konur voru tilnefndar

NÝSKÖPUN Svænski frumkvöðullinn og uppfinningakonan Ása Magnusson hlaut æðstu verðlaun Evrópusamtaka kvenna í nýsköpun (EUWIIN). Verðlaunin hlaut hún fyrir björgunarbúnaðinn QSAVE PRO, sem ætlaður er björgunarsveitum, köfurum, sundlaugarvörðum og öðrum sem starfa við gæslu.

Af rúmlega fimmtíu frumkvöðlum sem kynntu hugmyndir sínar fyrir dómnefnd voru 29 íslenskar konur tilnefndar.

Evrópuráðstefna samtakanna var haldin í Hörpu í síðustu viku og var þetta ein stærsta ráðstefna frumkvöðlakvenna í Evrópu á árinu. - jab

MANNANAFNANEFND

Þinur Dúnn Laugason

Karlmansnöfnin Þinur, Dúnn og Laugi hafa verið samþykkt af mannanafnanefnd. Þá voru kvenmannsnöfnin Vagnfríður, Elly og Jovina samþykkt, en síðastnefnda nafninu hafði áður verið hafnað. Aftur á móti var kvenmannsnafninu Einars hafnað.

Verðmæti eignasafns fasteignafélags í eigu Landsbankans stóreykst:

Reginn hagnast um 66 milljónir króna

VIÐSKIPTI Reginn ehf., dótturfélag Landsbankans, skilaði 66 milljóna króna hagnaði fyrstu sex mánuði ársins. Á sama tímabili í fyrra skilaði félagið 48 milljóna króna hagnaði.

Rekstrartekjur félagsins á fyrstu sex mánuðum ársins námu 1.411 milljónum króna samanborið við 965 milljónir króna á sama tímabil í fyrra. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði nam 727 milljónum króna samanborið við 336 milljónir króna fyrir sama tímabil í fyrra. Hækkun á veltu milli ára skýrist af stærra

eignasafni. Verðmæti eignasafns félagsins nam um mitt ár í fyrra um 23 milljörðum króna samanborið við 34 milljarða króna um mitt ár nú.

Reginn ehf. er eigandi að mörgum af helstu fasteignum höfuðborgarsvæðisins eins og Smáralind, Egilshöll, Laugum í Laugardal og Bildshöfða 9, auk þróunarverkefna. Félagið á 58 fasteignir og 13 þróunarverkefni í formi lóða eða mannvirkja í byggingu. Stefnt er að því að skrá félagið á markað um mitt næsta ár. - jhh



SMÁRALIND Á meðal eigna Regins ehf. er Smáralind, Laugar í Laugardal og Egilshöll.

Heimilisbókhald Arion banka

Bætum við námskeiðum í Meniga

Vegna mikillar þátttöku bætir Arion banki við tveimur ókeypis byrjendanámskeiðum í notkun Meniga heimilisbókhaldsins.

Lærðu grunnatriðin og þú kemst að því hvað það getur verið létt og skemmtilegt að sinna heimilisbókhaldinu.

Miðvikudagur 14. sept.	Fullbókað
Fimmtudagur 15. sept.	Laus sæti
Miðvikudagur 21. sept.	Laus sæti

kl. 17.30 í Háskólanum í Reykjavík.

Nánari upplýsingar og skráning á arionbanki.is



arionbanki.is - 444 7000

 Arion banki



STOKKIBÍÐ Á HJÓLI Breski hjólréiðakappinn Sam Pilgrim hátt á lofti fyrir framan Frúarkirkjuna í Nürnberg í Þýskalandi. NORDICPHOTOS/AFP

Samtök atvinnulífsins segja kaupmátt bóta hafa hækkað meira en kaupmátt launa síðustu 10 ár:

Kaupmáttur bóta 65% hærri nú en árið 2000

KJARAMÁL Kaupmáttur lágmarksbóta í almannatryggingakerfinu hefur hækkað 50 prósent meira en kaupmáttur almennra launa frá árinu 2000. Þetta kemur fram í tölum sem Samtök atvinnulífsins hafa tekið saman og birtu nýverið á vefsíðu sinni.

Kaupmáttur lágmarksbóta var í júlí í ár 65 prósent hærri en árið 2000. Frá árinu 1995 hefur hann tvöfaldast. Kaupmáttur lágmarkslauna hefur hins vegar hækkað um 24 prósent frá árinu 2000 og kaupmáttur almennra

50% meiri hækking hefur orðið á kaupmætti lágmarksbóta en almennra launa frá árinu 2000.

launa um 10 prósent.

Þá kemur einnig fram í tölunum að kaupmáttur atvinnuleysisbóta hefur aukist um 32 prósent frá árinu 2000. Atvinnuleysisbætur hafa því hækkað um 20 prósent umfram laun.

Lágmarksbætur almanna-trygginga eru nú rúmar 196 þúsund krónur á mánuði. Lágmarks-laun eru aftur á móti 182 þúsund krónur á mánuði.

Í pistlinum á vefsíðu SA segir að hlutfallslega hækkingun lágmarksbóta megi rekja til tveggja ákvarðana stjórnvalda á síðustu árum. Árið 2007 hafi tekjutrygging verið hækkuð um næstum helming og árið 2009 hafi uppbót vegna framfærsluviðmiðs verið tekið upp. Þá hafi verið lögð á það áhersla allan



PENINGAR Kaupmáttur bóta hefur hækkað meira en launa samkvæmt SA. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

síðasta áratug að hækka lægstu launin í landinu umfram þau sem eru hærri. - mþl

Lögfræðilít á Sjóði 9:

Illugi snýr aftur til þingstarfa

ALÞINGI Illugi Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, mun snúa aftur á þing í þessari viku. Illugi steig til hliðar frá störfum á Alþingi í apríl á síðasta ári vegna þeirrar óvissu sem kom upp þegar rannsóknarnefnd Alþingis sendi málefni peningamarkaðssjóða til saksóknara.

Í Kastljósi í gær sagði Illugi að hann hafi viljað gefa yfirvöldum ráðrúm til að átta sig á stöðu mála. Lögmannsstofan Lex hafi nú sent frá sér álit sem segir að ekkert hafi verið athugavert við fjárfestingarheimildir, fjárfestingarstefnu og eignasamsetningu Sjóðs 9, sem var undir Glitni.

Nú sé búið að vísa þessu máli frá og því telur Illugi enga ástæðu til að halda sig lengur frá þingstörfum. - sv

Framtakssjóðurinn kaupir 15,8% hlut í N1:

Lífeyrissjóðir vonast til að fá tapað fé til baka

VIÐSKIPTI „Við teljum N1 traust félag og áhugaverðan fjárfestingarkost,“ segir Finnþógi Jónsson, framkvæmdastjóri Framtakssjóðsins.

Sjóðurinn hefur samið um kaup á 15,8 prósent hlut í olíuversluninni N1. Kaupverð mun ráðast þegar rekstur ársins verður gerður upp.

Framtakssjóðurinn kaupir eignahlutinn af skilanevnd Glitnis og Íslandsbanka og þéttist hluthafahópurinn nokkuð fyrir vikið. Stærstu hluthafarnir eftir viðskiptin verða Framtakssjóðurinn, Íslandsbanki, Arion banki og skuldabréfaeigendur.

Skuldsetning N1 varð mjög

þung í efnahagshruninu 2008 og fór félagið í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu. Niðurstaðan varð sú að kröfuhafar, að mestu bankar og lífeyrissjóðir, tóku félagið yfir í sumar.

Lífeyrissjóðir áttu fjórtán prósent af heildarkröfum á N1 og töpuðu þeir rúmum fjórum milljörðum króna við endurskipulagningu skulda félagsins. Eftir því sem næst verður komist telja stjórnendur Framtakssjóðsins kaupin afar hagstæð, ekki síst fyrir þær sakir að þeir eygja von um að fá kröfur sínar til baka með skráningu N1 á markað eftir tvö ár.

- jab



DE VILLEPIN OG CHIRAC Lögmennt þeirra beggja segja ekkert hæft í ásökunum um að þeir hafi þegið fé frá leiðtogum Afríkurlíkja. NORDICPHOTOS/AFP

Fengu fúlgur frá leiðtogum Afríkurlíkja

Tveir fyrrverandi leiðtogar Frakklands, þeir Jacques Chirac og Dominique de Villepin, eru sagðir hafa fengið tuttugu milljónir dala frá þjóðhöfðingjum í Afríku.

FRAKKLAND, AP Franski lögfræðingurinn Robert Bourgi segist hafa fært bæði Jacques Chirac, þáverandi Frakklandsforseta, og Dominique de Villepin forsætisráðherra tugi milljóna dala í ferðatöskum frá þjóðarleiðtogum í vestanverðri Afríku á árunum 1995 til 2005.

Meðal annars hafi hann fært Chirac tíu milljónir dala frá þjóðhöfðingjum í Senegal, Búrkína Fasó, Fílabeinsströndinni, Gabon og Vestra-Kongó, sem Chirac hafi síðan notað í kosningarátta sinni árið 2002.

Bourgi áætlað að samtals hafi þessir tveir menn fengið tuttugu milljónir dala með þessum hætti. Allt hafi þetta fé verið ólöglegt og hvergi talið fram.

Lögmennt þeirra Chiracs og Villepins segja ekkert hæft í þessu. Jean Veil, lögmaður Chiracs, segir tímasetninguna á þessum yfirlýsingum auk þess harla grunsamlega.

Chirac á nú þegar í dómsmáli, þar sem hann þarf að svara fyrir ásakanir um að hafa borið ábyrgð á því, meðan hann var borgarstjóri í París á árunum 1977 til 1995, að búið hafi verið til tvö gervistörf hjá borginni.

Launagreiðslur vegna þeirra

hafi svo verið notaðar til að fjármagna að hluta starfsemi íhaldsflokksins.

Auk þess styttest í kosningarátta í Frakklandi, því á næsta ári verða forsetakosningar.

Bourgi neitar því að pólitískar hvatir búi að baki fullyrðingum sínum, en viðurkennir að hann hafi ekkert í höndunum til að sanna ásakanir sínar, enda hafi greiðslurnar verið reiddar af hendi í reiðufé.

„Ég hef engar sannanir. Í svona málum eru aldrei neinar sannanir,“ sagði hann.

Í gær hélt Michel de Bonnecores, sem lengi var ráðgjafi Chiracs í málefnum Afríkurlíkja, því síðan fram að Nicolas Sarkozy, núverandi Frakklandsforseti, hefði fengið sinn skerf af fénu frá Afríku.

Þetta stangast reyndar á við það sem Bourgi hefur sagt, því hann segir að Sarkozy hafi sagt sér árið 2005 að tími ferðatöskusendinganna væri liðinn.

Martine Aubry, sem er leiðtogi Sósíalistaflokksins og sækist eftir að verða forsetaefni hans gegn Sarkozy í kosningunum á næsta ári, segir þessar ásakanir mjög alvarlegar og hvetur til þess að dómstólar rannsaki þær.

gudsteinn@frettabladid.is

// NAESTAKYNSLOD.IS

NÁMSKEIDIN 2011 ERU AÐ HEFJAST!

// DALE CARNEGIE FYRIR UNGT FÓLK

// KYNNINGARFUNDIR

Þriðjudaginn 13. september
Kl. 19 fyrir 13 - 15 ára
Kl. 20 fyrir 16 - 25 ára

// NÁMSKEIÐ FYRIR 13 - 15 ÁRA

19. september - mánudagar kl. 17 - 21
27. september - þriðjudagar kl. 17 - 21
Akureyri - 27. sept, kl. 17 - 21

// NÁMSKEIÐ FYRIR 16 - 20 ÁRA

28. september - miðvikudagar kl. 18 - 22
Akureyri - 28. sept, kl. 18 - 22

// NÁMSKEIÐ FYRIR 21 - 25 ÁRA

21. september - miðvikudagar kl. 18 - 22

VILT ÞÚ...

...verða einbeittari í námi?

...geta staðið þig vel í vinnu?

...vera jákvæðari?

...eiga auðveldara með

að eignast vini?

...Vera sáttari við sjálfan þig?

Kíktu á naestakynslod.is og sjáðu hvað aðrir þátttakendur höfðu að segja um þjálfunina.



// Sími 555-7080

ÞAKIÐ! TAX FREE!

FRAMLENGJUM TIL 19. SEPTEMBER

Þakstál • Þakrennur • Þakull • Rakasperruplast • Þakpappi • Þakdúkur • Bindiborði
Þaksaumur • Þakskrúfur Þaksperrur og festingar • Þakkantaefni og fleira!

Húsasmiðjan selur íslenskt þakstál frá Límtré Vírnet.



**ÞAKSTÁL
TAX FREE**

Húsasmiðjan selur íslenska þakull frá Steinull hf.



**ÞAKULL
TAX FREE**

KAUPLÁN

Nánar á husa.is

0%

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

VAXTALAUST LÁN

***LÆGSTA LÁGA VERÐ
HÚSASMIÐJUNNAR**

TAXFREE og önnur tilboð gilda ekki af vörum merktum "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar".

enda er það lægsta verð sem við biðum á hverjum tíma.



HÚSASMIÐJAN

Tax free tilboð jafngildir 20,32% afslætti.
Að sjálfsgöðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

Vængjasláttur á Íslandi getur gefið konu í fjarlægu landi byr undir báða vængi.

Fiðrildaáhrif systralags

Fiðrildavika UN Women er nú haldin í annað sinn. Markmiðið er að vekja athygli á kjörum kvenna í fátækustu löndum heims. Um leið er þess farið á leit við Íslendinga að ganga í systralag með þessum konum með því að láta fé af hendi rakna til baráttunnar gegn ofbeldi og fátækt.

Hugmyndin að baki því að kenna átakið við fiðrildi er falleg og skírskotar til þeirrar kenningar að vængjasláttur agnarlítila fiðrilda í einum heimshluta geti haft áhrif á veðrakerfið í öðrum heimshluta, auk þess sem fiðrildið hefur um aldir verið táknið umbreytinga og frelsis.

Lítið framlag á Íslandi getur enda aukið líkurnar á því að fátækum konum auðnist að skapa sér og börnum sínum og um leið samfélaginu öllu betri framtíð.

SKOÐUN

Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is



Starf UN Women beinist fyrst og fremst að því að bæta kjör kvenna í fátækustu löndum heimsins. Það er ekki að ástæðulausu því 70% allra þeirra sem

búa við sára fátækt eru konur sem bera yfirleitt ekki aðeins ábyrgð á því að fæða og framfleyta sjálfum sér heldur einnig börnum sínum.

Margar rannsóknir hafa sýnt að aðstoð við að bæta kjör, menntun og réttindi kvenna í þróunarlöndum hefur margfeldisáhrif vegna þess að hún skilar sér einnig í meðal annars betri kjörum og menntun barna þeirra.

Verkefni sem snúa að jafnrétti kynjanna í þróunarlöndum eru endalaus. Þessi verkefni krefjast ekki aðeins mannafla og tíma heldur einnig talsverðra fjármuna. Þess vegna er efnt til þessa fjársöfnunarátaks nú.

Það fé sem Íslendingar láta af hendi rakna í Fiðrildaviku mun ganga til þess að styrkja konur í fátækustu löndum heims til þess að verða sjálfstæðir borgarar sem hafa áhrif á eigin líf og kjör og á samfélag sitt allt. Til þess að svo geti orðið þurfa þessar konur menntun og atvinnutækifæri. Þannig geta þær öðlast sjálfstætt líf án ofbeldis.

Þetta er í annað sinn sem Fiðrildavika er haldin en haustið 2008 tókst UN Women (eða UNIFEM eins og samtökin hétu þá) að safna 100 milljónum króna.

Kannski sýnir það þá ábyrgð sem Íslendingar, sem að mjög mörgu leyti standa framarlega í jafnréttismálum kynjanna, kenna til gagnvart systur sínum í löndum þar sem lengra er í land í jafnréttismálum.

Verkefnin eru enn óþrjótandi og því vonlegt að íslenskar konur og karlar taki enn á ný við sér með jafnmyndarlegum hætti og fyrir þremur árum. Það gildir nefnilega það sama hér og um aðra þróunaraðstoð að lítið framlag á Íslandi getur með fiðrildaáhrifum skipt sköpum fyrir líf og framtíð konu í fjarlægu landi.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Ertu „enn á leiðinni“ í jóga?
Vantar þig orku, einbeitingu, gleði og ró?

KUNDALINI JÓGA
„Vertu velkominn“

Orkugefandi - Markvisst - Umbreytandi

Kundalini jóga - Byrjendanámskeið
Meðgöngujóga - Mömmujóga - Krakkejóga
Hatha jóga - Yoga Nidra - Sadhana
DANS dans DANS

Skráning og nánari upplýsingar:
www.jogasetrid.is

Auður Bjarna 846 1970

JÓGASETRÍÐ - Borgartúni 20, 4. hæð

FRÁ DEGI TIL DAGS

Leikskólaumræður

Erfitt getur verið að eiga við þvera krakka sem bíta eitthvað í sig. Þrátt fyrir að útskýrt sé fyrir þeim að það sé ekki í þínu valdi að verða við kröfunum breytir það stundum litlu. Þingmenn stjórnarandstöðunnar fylktu liði í pontu á þingi í gær og kröfðust þess að Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra yrði viðstödd umræður um breytingar á stjórnarráði. Forseti upplýsti að boðunum yrði komið til hennar, meira væri ekki hægt að gera. Það stöðvaði þó ekki þingmenn í langri umræðu um málið. Forseti upplýsti þá að forsætisráðherra væri að taka á

móti erlendum gestum og kæmi strax að því loknu. Engu að síður þurftu fjórir þingmenn stjórnarandstöðunnar að koma í pontu og ræða þá úmbreytanlegu stöðu. Svona er umræðan stundum á leikskólum landsins.

Sittu kyrr og hlustaðu

Einn þeirra þingmanna sem aftur tjáðu sig um málið var Ásmundur Einar Daðason. Hann krafðist ekki aðeins þess að forsætisráðherra kæmi í þingsal, brýnt væri að tryggja að Jóhanna sæti kyrr undir ræðum þingmanna og tæki þátt í umræðunni. Vald Alþingis verður sífellt meira og val einstakra þingmanna að sama skapi minna.

Allt skýrt, eða ekki neitt

Enn og aftur sannaðist það í gær að ráðherrar ríkisstjórnarinnar líta hlutina ekki sömu augum. Í umræðu um skýrslu ESB um landbúnaðarmál á Íslandi kom þetta vel í ljós. Utanríkisráðherra taldi allt í skýrslunni kýrskýrt. Landbúnaðarráðherra taldi hana svo óskýra að hann væri til í ferð til Brusel til að grafast fyrir um raunverulega merkingu hennar. Margt má segja um ríkisstjórnina, en samstíga er hún ekki.

kolbeinn@frettabladid.is



HALLDÓR



Skýrt hlutverk

Borgarmál



Jón Gnarr
borgarstjóri

Hanna Birna Kristjánsdóttir, oddviti Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn, virðist hafa sérkennilegan skilning á hlutverki borgarstjóra og embætti borgarritara sem auglýst var nú um helgina. Mér finnst rétt að leiðrétta þennan misskilning.

Hanna Birna heldur því fram í fréttum um helgina að borgarkerfið sé að þenjast út. Ekkert er jafn fjarri sannleikanum. Hún misskilur eitthvað þar. Veit hún ekki betur eða er hún kannski að misskilja viljandi? Er hún búin að gleyma því að árið 2007 lagði Sjálfstæðisflokkurinn fram eins tillögu um stofnun embættis borgarritara?

Kostnaður við skrifstofu borgarstjóra hefur ekki aukist eins og hún heldur líka fram í sama viðtali. Hann hefur þvert á móti lækkað umtalsvert eins og Hönnu Birna á að vera vel kunnugt um. Þar hefur starfsfólki fækkað og rekstrarkostnaður lækkað.

Ekkert er á reiki varðandi verkefni borgarstjóra. Ég mun áfram verða æðsti embættismaður borgarinnar og þeirra sviða sem Reykjavíkurborg rekur. Reyndar eru sviðin orðin færri núna. Menntasvið, leikskólasvið og frístundahluti ÍTR sameinuðust í nýtt skóla- og frístundasvið sem tók til starfa nú í vikunni.

Skrifstofustjóri borgarstjóra hefur haft

yfirumsjón með því verkefni og embætti borgarritara á einmitt að skoða og gera tilögur um hvernig hægt er að fara í enn frekari sameiningar skrifstofa og gera miðlæga stjórnýslu borgarinnar einfaldari, skilvirkari og hagkvæmari. Þetta á að vera stöðugt verkefni í rekstri borgarinnar.

Borgarritari verður staðgengill borgarstjóra. Það er ekkert nýtt. Borgarstjóri hefur alltaf haft staðgengil. Slíkur staðgengill hefur heitið skrifstofustjóri borgarstjóra og hann hefur einnig verið kallaður borgarritari. Stundum hefur borgarlögmaður jafnvel verið staðgengill borgarstjóra. Þegar Hanna Birna var sjálf borgarstjóri og brá sér til útlanda var skrifstofustjóri borgarstjórnar jafnan staðgengill hennar.

Staðgengill borgarstjóra leysir hann ekki af í vinnunni dags daglega eins og Hanna Birna heldur fram. Hér er um að ræða nauðsynlegan hlut í stjórnýslu þar sem staðgengill verður að vera til staðar ef, í þessu tilvik borgarstjóri, er af einhverjum orsökum fjarverandi. Hlutverkin eru mjög skýr. Staða borgarritara er mjög spennandi, krefjandi og lifandi starf. Vil ég nota þetta tækifæri til þess að hvetja sem flesta sem telja sig hæfa til að gagna embættinu til að sækja um stöðuna. Umsóknarfrestur rennur út 26. september næstkomandi.

Reiðin



Í DAG
Jónína Michaelsdóttir
 blaðamaður

Reiðin er skráttin skrúfa, sem bæði getur hert að og losað um tilfinningastreymi. Til eru þeir sem gefa sig henni á vald þegar hún bærir á sér. Aðrir hleypta henni ekki inn. Gera henni ekki svo hátt undir höfði. Hún nýtur reyndar þeirrar virðingar að vera tengd réttlætunni í vitund mannsins, sem styður sig við þá staðreynd þegar skapsmunir fara úr böndum. Þá er sem sagt verið að þjóna réttlætunni. Munnsöfnuður sem að jafnaði er ekki talinn vitna um gáfur og góða siði er tryggur fylgiskur reiðinnar. Og geri einhver athugasemd við óheflað tungutak, er því svarað með þótta: „Ég var öskureiður, og ekki að ástæðulausu!“ Reiðinni eru þannig gefin þau forréttindi, að ávirðingar, yfirgangur og jafn-

streymi birtist. En það er einmitt þá sem á að kyrra hugann og láta ekki koma sér í uppnám, sé maður á annað borð á þeirri snúru að vilja vera í jafnvægi. Og mörgum tekst það. Til eru hjón og pör sem magna öðru hvoru upp spennu á heimilinu og koma af stað rífrildi, af því að þeim finnst svo gaman að sættast. Þegar ég heyrði um slíkt fyrir margt löngu hélt ég að það væri spaug. En ég hef síðan orðið vitni að slíku oftar en einu sinni og er alltaf jafn forvið. Ekki síst vegna þess að viðkomandi pör virðast yfirleitt ekki átta sig á þessu mynstri sjálf. Þetta er meinlaust ef það kemur ekki niður á börnunum. Foreldrar skulda börnum sínum heimili án átaka í þeirra viðurvist. Reiði og ávirðingar á heimili, hver sem ástæðan er, sest í vitund barnanna og fylgir þeim út í lífið.

Varasamt að hlúa að reiði
 Reiðinni var gert hátt undir höfði í búsaðaldarbyltingunni og lengst af eftir það, nema kannski á síðustu mánuðum. Fólk er ekki

“Menn sitja uppi með lakara heilsufar vegna spennunnar og reiðinnar. Hvernig sem hún birtist og hvað sem hún er réttlætunleg, þá er hún hvorki holl né heppileg.

vel ofbeldi er án ábyrgðar, af því að viðkomandi gaf sig reiðinni á vald. Kaus það. Því að hvað sem hver segir, þá hefur maður alltaf val.

Kyrrum hugann
 Réttlæti er ekki eina orðið sem við tengjum við reiðina. Það er líka talað um heilaga reiði, þannig að upphafningin er ekki lítil á þessum skapgerðarrestri, sem vísast er oft til kominn vegna skorts á innra öryggi og sjálfstjórn. Ég veit um fólk sem hefur þjálfað sig í að kyrra hugann og ná með því betra sambandi við eigin anda og efni, njóta þess í dagsins önn, en hafa samt sem áður misst sig á vald reiðinnar við tilteknar aðstæður. Þá er sagt að það sé eðlilegt þegar óvænt and-

ánægt með pólitíkina sem er að verða æ furðulegri og sundurlausari, en það er komið niður á jörðina og leggur sig fram við að una glatt við sitt. Það þýðir ekki að almenningur sé ánægður, en það hefur dregið úr fúkyrdum og reiðiköstum, þó að nokkrir áhugamenn í faginu séu ennþá að. Upphafning reiðinnar hér á landi virðist vera á undanhaldi, að minnsta kosti í bili. Sem betur fer. Ég held að það sé verulega varasamt að hlúa að reiði og spennu, því að það er beinlínis heilsuspillandi. Jafnvel svo að ekki verður aftur snúið. Menn sitja uppi með lakara heilsufar vegna spennunnar og reiðinnar. Hvernig sem hún birtist og hvað sem hún er réttlætunleg, þá er hún hvorki holl né heppileg.

Orð og hugtak



Menning
Hannes Pétursson
 rithöfundur

Ígrein sem ég birti í Fréttablaðinu 20. ágúst síðastliðinn lét ég þess getið að til Goethes mætti rekja hugtakið heimsbókmenntir, „Weltliteratur“. Gauti Kristmannsson dósent er ekki á því máli. Hér í blaðinu (1. september) benti hann á stað í þýzkri bók frá árinu 1773 þar sem þetta orð kemur fyrir, þ.e. um hálfum sjötta áratug fyrir en Goethe tók sér það í munn í frægum samræðum sínum við Eckermann.

Hér fer Gauti Kristmannsson of hratt í sakir. Það stóð hvergi í grein minni að Goethe hefði fyrstur þýzkra manna gripið til sjálfs orðsins „Weltliteratur“ og veit ég ekki hvort nokkur hefur ýjað að slíku, þó kann svo að vera (og mætti gúgla þetta!). Ég nefndi eingöngu að Goethe hefði búið til hugtak úr orðinu „Weltliteratur“. Það hugtak hefur síðan lifað í umræðum manna um það hvernig skilja beri orðið heimsbókmenntir. Eru heimsbókmenntir samanlagðar bókmenntir allra þjóða á öllum tímum, merkar og miður merkar, eða eru þær eitthvað annað og þá hvað? Í þýzku bókarklausunni frá

1773 kemur ekki nógu glögg í ljós hvað átt er við með „Weltliteratur“. Ég bið Gauta Kristmannsson vinsamlegast að lesa aftur og betur en hann virðist hafa gert þau ummæli sem Eckermann hefur eftir Goethe úr samræðum þeirra í Weimar 31. janúar 1827. Hann hlýtur þá að sjá að Goethe býr til nýtt hugtak úr orðinu „Weltliteratur“.

Í örstuttu máli: Samkvæmt því sem Eckermann skrásetur lagði Goethe á efri árum þann skilning í orðið heimsbókmenntir að þær væru bókmenntir á nýju og víðara menningarsviði en fyrir var hjá hverri þjóð um sig, en í sögulegum tengslum við þjóðarbókmenntir („Nationalliteratur“, orð sem Goethe notar í skilgreiningu sinni). Sannra fyrirmyndir sé þó ávallt að leita hjá Grikkjum að fornu, segir hann. Sú viðmiðun hefur sumum þótt allþröng og vísa meðal annars til þess að Goethe dæði Shakespeare, hafði hann í engu minni hávegum en forngrísku stórskáldin.

Tímarnir sverfa til ýmis hugtök. Þannig munu heimsbókmenntir tákna nú á dögum framfarir og þann hluta heildarbókmenntanna sem gæddur er menningarlegu áhrifagildi í heiminum frá kyni til kyns. En þetta breytir engu um hitt, að Goethe bjó fyrstur til bókmenntafræðilega skilgreiningu á orðinu heimsbókmenntir, hugtak sem var annars konar en bláber orðsins hljóðan.

Nám í viðurkenndum tölvuskóla - skráðu þig núna: Frábært tölvunám fyrir þig



Vefsíðugerð og margmiðun

Dag- eða kvöldnám
 Nám þar sem þú lærir allt það mikilvægasta um vefsíðugerð og margmiðun, CSS, HTML, DreamWeaver, Photoshop og Flash. Þú verður fær um að búa til og viðhalda flottum vefsíðum fyrir þig og aðra. Skráðu þig núna!


Verð: 129.900 Stundir/einingar: 104/5



Hagnýtt bókhaldsnám

Morgun- eða kvöldnám
 Mjög gagnlegt bókhaldsnám sem ætlað er öllum þeim, sem vilja ná góðum tökum á bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald. Hefðbundið bókhald og tölvubókhald kennt af frábærum kennurum.

Verð: 109.900 Stundir/einingar: 94/4



Tölvunám fyrir 50+

Dag-eða kvöldnám
 Skemmtilegt nám, miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu, sem hentar jafnt þeim sem hafa stigið sín fyrstu skref og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu. Námsgreinar: Windows, Word, Excel, Internetið, tölvupóstur og stafræn ljósmyndun.

Verð: 69.900 Stundir/einingar: 72/3



Hagnýtt verkefnastjórnun

Dagnám
 Nám fyrir þá sem vilja ná góðum tökum á nútíma verkefnastjórnun og ná hámarksárangri. Námsgreinar: Undirstaða nútíma-verkefnastjórnunar, aðferðarfræði við undirbúning, áætlun og stjórnun. Notkun hugarkorta, Excel, Project og Outlook við verkefnastjórnun.

Verð: 99.900 Stundir/einingar: 50/2



Visual C# .NET forritun

Kvöldnám
 Frábært nám fyrir þá sem vilja læra vinsælasta forritunarmálið. Hnitmiðað og yfirgrípsmikið nám sem undirbýr þig fyrir krefjandi starf við forritunarverkefni og alþjóðlega þróun í forritun. ASP vefforritun er hluti af náminu en hægt er að sækja eingöngu ASP vefforritun.

Verð: 169.900 Stundir/einingar: 94/4

Þetta er aðeins brot af þeim vönduðu námskeiðum sem eru í boði hjá TV, sem hefur verið í fremstu röð frá 1986.

Skoðaðu nánar á www.tv.is



Grensásvegi 16 | 108 Reykjavík | Sími: 520 9000 | tv@tv.is www.tv.is

Hverjar eru orsakir titrings á eigna- og gjaldeyrismörkuðum?

Málstofa á vegum Hagfræðideildar

Aðalbyggingu Háskóla Íslands, Hátíðasal.

Fimmtudaginn

15. september kl. 12-14



Robert Z. Aliber er fyrrverandi prófessor við Chicago háskóla

Í fyrirlestri sínum mun Robert Aliber fjalla um óstöðugleika á mörkuðum í Evrópu og Bandaríkjunum í sögulegu samhengi. Hann mun velta fyrir sér þeirri spurningu að hversu miklu leyti sveiflur í gengi gjaldmiðla og sveiflur hlutabréfaverðs og fasteignaverðs megi rekja til alþjóðlegra þátta, annars vegar, og starfsemi innlendra fjárfestinga- og viðskiptabanka hins vegar.

Meðal áhugaverðra spurninga sem hann mun leitast við að svara er hvort bankahrunið hér á landi hafi fremur átt rætur að rekja til ástands alþjóðlegra fjármálamarkaðar eða eftirlitsleysis og áhættusæknir innlendra aðila.

Ókeypis aðgangur og allir velkomnir.



Bílaleigubílar eru komnir!

Tækifæri til að eignast **nýlegan gæðabíl í ábyrgð** á frábæru verði.
Komdu **strax í dag** og tryggðu þér eintak! Opið frá **10 til 18**

Verðdæmi:
Chevrolet Spark L, nýskr. 2010
Verð kr. 1.430 þús.

Tilboð kr. 1.090 þús._{.stgr.}
Útborgun 20%
Kr. 15.926 á mánuði*

M.v. Ergo Grænan bílasamning til 72 mánaða



Bílabúð Benna - Notaðir bílar, Bíldshöfða 10, Reykjavík og Njarðarbraut 9 Reykjanesbæ, býður mátulega tilkeyrða bílaleigubíla á frábæru verði og þægilegum kjörum. Um er að ræða hina vinsælu Chevrolet Spark, Aveo og Lacetti.

Verðdæmi:
Chevrolet Spark LS, nýskr. 2010
Verð kr. 1.590 þús.

Tilboð kr. 1.290 þús._{.stgr.}
Útborgun 20%
Kr. 18.822 á mánuði*

Chevrolet Spark LS á mynd

- Allir Chevrolet Spark LS koma á nýjum heilsársdekkjum og álfelgum
- Allir bílarnir í ábyrgð
- Allir bílarnir hafa fengið gott viðhald
- Fjöldi bíla á staðnum - margir litir í boði



Verðdæmi:
Chevrolet Aveo bsk., nýskr. 2009
Verð kr. 1.690 þús.

Tilboð kr. 1.290 þús._{.stgr.}
Útborgun 20%
Kr. 19.473 á mánuði*



Verðdæmi:
Chevrolet Lacetti Station bsk., nýskr. 2010
Verð kr. 2.150 þús.

Tilboð kr. 1.890 þús._{.stgr.}
Útborgun 20%
Kr. 28.965 á mánuði*

*Bílasamningur á Spark og Lacetti frá Ergo til 72 mánaða / **Bílasamningur á Chevrolet Aveo frá Ergo til 60 mánaða
Nánari upplýsingar og forsendur bílasaminga hjá www.ergo.is

Opið frá kl. 10 - 18 alla virka daga

Bílabúð Benna - Notaðir bílar - Bíldshöfða 10 - 587 1000 - benni.is
Bílabúð Benna - Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - 420 3330

Bílabúð
Benna
— Notaðir bílar - Bíldshöfða 10 —



Eirberg

Air-O-Swiss rakatæki

- Bætir rakastig
- Hreinsar ryk og grófar agnir úr loftinu
- Bakteríuvörn í vatnstanki
- Auðvelt í notkun og umhirðu
- Hljóðlátt



Airfree lofthreinsitæki



- Eyðir frjókornum og öðrum ofnæmisvöldum
- Vinnur gegn myglusveppi og ólykt
- Eyðir bakteríum og vírusum
- Hljóðlaust og sjálfhreinsandi
- Hæð aðeins 27 cm

Bettra loft

Stuðningshlífar



- Veita góðan stuðning
- Vandaður vefnaður
- Góð öndun
- Einstök hönnun
- Viðurkennd gæði
- Fjölbreytt úrval



Æfingavörur

Bjóðum gott úrval af Sissel æfinga- og heilsuvörum.

- Æfinga- og yogadýnur
- Boltar
- Jafnvægisbretti
- Nuddrúllur
- Hita- og kælibakstar



Nalastungudýnan



- Eykur blóðflæði
- Minnkar vöðvabólgur
- Dregur úr höfuð-, háls- og bakverkjum
- Veitir slökun og bætir svefn
- Notkun 10-20 mínútur í senn

Betri líðan

Í sumar er opið virka daga frá kl. 9 - 18 • Eirberg ehf. • Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is





40

TÍSKUHÖNNUÐURINN OG BÍTLADÓTTIRIN STELLA MCCARTNEY er fertug. „Tískuiðnaðurinn hefur síst gert mig hugsjúka út af útliti mínu, auk þess sem ég hef haft svolitlar áhyggjur af holdafarinu. Ég vona að fötin mín endurspegli það. Fólk á að líða vel í þeim.“

AFMÆLI



EDDA BJÖRG-VINS-DÓTTIR, leikkona og flugfreyja, er 59 ára.



ANDREA GYLFA-DÓTTIR söngkona er 49 ára.

ÞETTA GERÐIST: 13. SEPTEMBER 1981

Borgarfjarðarbrúin formlega vígð

Þrjátíu ár eru í dag liðin síðan Borgarfjarðarbrúin var vígð, en umferð um hana hófst sumarið áður.

Með brúnni styttist leiðin á milli Akraness og Borgarness úr 69 í 38 kílómetra.

Brúin er 520 metra löng, sú næstlengsta á landinu á eftir Skeiðarárbrú. Hún var víðamesta mannvirki sem Vegagerðin hafði ráðist í til þess tíma.

Við vígslu brúarinnar lýsti Halldór E. Sigurðs-

son, fyrrverandi samgönguráðherra, því yfir að brúin væri opin og klippti á borða sem strengdur hafði verið þvert yfir hana. Halldór var einn ötulasti hvatamaður brúargerðarinnar og átti mikinn þátt í að hrinda málinu í framkvæmd á sínum tíma.

Borgarfjarðarbrú liggur í þjóðbraut og var strax mikil samgöngubót. Þar sem brúin tekur land í Borgarnesi hefur byggst upp stór verslunar- og þjónustukjarni.



YNGRI SKÁKSVEIT RIMASKÓLA: NÝKRÝNDIR NORÐURLANDAMEISTARAR

Beitir hvorki grimmd né heraga

„Börnin æptu upp af gleði þegar titillinn var í höfn, enda höfðu þau mikið fyrir honum og stemningin eins og á æsispennandi kosninganótt þegar menn eru ýmist inni eða úti síðasta hálf tímann,“ segir Helgi Árnason, skólastjóri Rimaskóla, um árangur yngri sveitar skólans sem varð Norðurlandameistari barnaskólasveita í skák í bænum Hadsten á Jótlandi í Danmörku um nýliðna helgi.

„Sigurinn var óvæntur vegna þess hve börnin eru ung, en við stefnum alltaf á að standa okkur sem best,“ segir Helgi um skákmeistarana, sem eru á aldrinum 9 til 12 ára og unnu sænska mótherja sína í fyrstu umferð.

„Eftir fyrsta sigurinn töpuðum við niður klaufalegum vinningum og urðum í lokin að treysta á góð úrslit gegn norsku sveitinni og að Svíar misstu vinning, sem þeir og gerðu. Undir lokin skáru fleiri stig íslensku barnanna úr um hver væri Norðurlandameistari,“ segir Helgi, aldeilis kátur með sitt fólk sem hann segir hafa æft lengi og tekið þátt í fleiri alvöru og löngum skákmótum en jafnaldrar þeirra á Norðurlöndum. Sum eru reyndar þegar farin að keppa fyrir Íslands hönd á Evrópu- og heimsmeistaramótum og nú þegar talin til framtíðarskákmeistarar Íslands

„Börnin stefna ákveðið á þessa spennandi og raunhæfu leið. Þau eru tilbúin að leggja á sig bæði æfingar og keppni utan landsteinanna, enda vinna þau markvisst að því að verða góðir skákmenn,“ upplýsir Helgi sem undanfarin átta ár hefur farið með unga skák-



GLÆÐIR NORÐURLANDAMEISTARAR Metnaðarfullir nemendur Rimaskóla hafa á liðnum árum unnið til ótal afreka á skákmótum, í upplestrar-, ræðu- og matreiðslukeppnum. Hér má sjá nýkrýnda Norðurlandameistara barna í skák, frá hægr: Helgi Árnason skólastjóri, Jóhann Arnar Finnsson, Kristófer Jól Jóhannesson, Oliver Aron Jóhannesson, Nansý Davíðsdóttir, Svandís Ósk Ríkhárdsdóttir og Hjörvar Steinn Grétars-son, liðsstjóri, landsliðsmaður í skák og fyrrverandi nemandi Rimaskóla.

menn úr liðum Rimaskóla á tíu Norðurlandamót. Aðeins tvisvar hefur skólinn ekki unnið til verðlauna, en fjór- um sinnum hampað titlinum.

„Skák kallar á aga, kurt-eisi og reglusemi, en númer eitt er ánægjan sem henni fylgir því skák er afar skemmtileg og krakka sem komnir eru á bragðið klæjar í fingurna að tefla,“ segir Helgi og vitnar um árangur og áhuga skákprinsessunnar Nansýjar Davíðsdóttur, sem talin er með efnilegustu skákstúlkum á alþjóðlega vísu.

„Nansý á kínverska foreldra og tækju íslenskir

foreldrar uppeldi þeirra til fyrirmyndar gengi okkar börnum betur. Hjá þeim gilda ákveðnar reglur og svo mikið öryggi að Nansý sé bráðklár, undirbúin og vel stemmd. Árangur hennar er því engin tilviljun, jafnvel þótt Nansý sé bráðklár, því heima er haldið vel utan um hana, þar sem hún æfir sig í allt að fjóra klukkutíma á dag.“

Í starfi skólastjóra og sem mikill skákáhugamaður og fyrrverandi skák-kennari hefur Helga tekist að gera skák áhugaverða og skemmtilega í augum nemenda.

„En því fylgir hvorki

grimmd né heragi. Hér gilda þó reglur og hér eru gerðar kröfur, og á móti fá börnin ánægju og tækifæri,“ segir Helgi og leggur áherslu á að skák sé frábært veganesti út í lífið.

„Þó er ekki öllum börnum gefið að vera skákmeistarar. Þau þurfa að hafa til þess góða rökhugsun og hæfileika sem ég get ekki skilgreint, en einnig vera tilbúin að leggja á sig vinnu, og hafa aga og stuðning að heiman. Í keppnisliðunum eru þó ekki endilega „prófessorar“ en samt krakkar sem eru góðir í stærðfræði og á bókina.“

thordis@frettabladid.is



Ástkær eigenmaður minn,
Sigurður Sigurjónsson
til heimilis að Teigagerði 12, Reykjavík,

er látinn. Fyrir hönd fjölskyldunnar,

Guðbjörg Hjálmsdóttir.



Okkar ástkæra
Guðmunda Erlendsdóttir

lést sunnudaginn 11. september á deild B-6, Landspítala Fossvogi. Jarðarför auglýst síðar.

Gunnar Valur Þorgeirsson
Hrefna Gunnarsdóttir
Louisa Gunnarsdóttir
Erna Gunnarsdóttir
Auður Björk Gunnarsdóttir

Jónas Ástráðsson
Birgir Þór Jónsson
Haukur Ólafsson
Þórhallur K. Jónsson



Okkar ástkæri
Stefán Guðmundsson
fyrrverandi alþingismaður,
Sauðárkrúki,

lést laugardaginn 10. september. Jarðarförin auglýst síðar.

Ómar Bragi Stefánsson
Hjördís Stefánsdóttir
Stefán Vagn Stefánsson
og barnabörn.
Margrét Jónsdóttir og synir.

María Björk Ingvadóttir
Kristinn Jens Sigurþórsson
Hrafnhildur Guðjónsdóttir



Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,
Margrétar Hannesdóttur
frá Núpsstað, Langholtsvegi 15.

Þökkum starfsfólki öldrunardeildar Borgarspítalans B-4 og starfsfólki Skógarbæjar fyrir hjartahlýju og góða umönnun.

Jón Valur Samúelsson
Elsa Samúelsdóttir
Margrét Samúelsdóttir
ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn

Lovísa Gunnarsdóttir
Sveinn Sveinbjörnsson



Eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir og amma,
Guðrún Sigurðardóttir

frá Vatni í Haukadal, fyrrverandi hjúkrunarforstjóri FSN, Bakkabakka 4b, Neskaupstað,

lést að heimili sínu þriðjudaginn 6. september. Útför hennar fer fram frá Norðfjarðarkirkju þriðjudaginn 13. september klukkan 14.

Halldór Þorsteinsson
Sveinbjörg Halldórsdóttir
Þórunn Björg Halldórsdóttir
Snorri Halldórsson
og barnabörn.

Kári Þormar
Ragnar Eðvarðsson
Sigrún Þorsteinsdóttir



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir og amma,
María Gunnarsdóttir

(Maja)

sjúkralíði,
Suðurgötu 2a, Vogum,

sem lést á heimili sínu miðvikudaginn 7. september, verður jarðsöngin frá Kálfatjarnarkirkju fimmtudaginn 15. september kl. 15.00.

Þóroddur Kristinn Guðmundsson
Ívar Örn Þórðarson
Guðríður Kristín Þórðardóttir
Halla Guðbjörg Þórðardóttir
og barnabörn.

Sigríður Vigdís Þórðardóttir
Sölvi Hall



Sultutíðin er hafin og um að gera að skella í holla rabarbarasultu. Í hana fer 700 g rabarbari, 250 g döðlur, ½ bolli agavesíróp, 2 tsk. sítrónusafi og vanillustöng. Saxið rabarbara og döðlur. Setjið allt í pott og sjóðið í 15-20 mínútur. Hellið svo yfir í glerkrukkur með þéttu loki.

ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Brynja Dan Gunnarsdóttir brynjadan@365.is 512 5465 Snorri Snorrason snorris@365.is 512 5457

GLÆSILEGUR BLÜNÐUHALDARI



Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366

Opið mán.-fös. 10-18.
Opið á laugardögum 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is

Vertu vinur

teg FLORENCE - glæsilegur blünðuhaldari í D,DD,E,FF,G skálum. Litur: svartur með gylltu ívafi á kr. 9.590,-

Kameron Bink er mættur til landsins og byrjaði að kenna í gær.



Orðið þreyta ekki til í orðaforðanum

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Það var reyndar tilviljun að ég skyldi koma hingað í júní. Samstarfsmaður minn sem ætlaði að koma hætti við og ég hljóp í skarðið. Það gekk ótrúlega vel og fólk virtist njóta tímannna hjá mér

og ég naut þess að kenna íslensku krökkunum. En þetta var bara ein helgi og mig langaði til að upplifa Ísland almennilega þannig að þegar Nanna hringdi og bauð mér að koma aftur kom ekki annað til greina en að slá til," segir

Kameron Bink, danskennari, einn af stjórnunum úr So You Think You Can Dance 2007, sem mun kenna hjá Dance Center Reykjavík næstu tvo mánuðina.

FRAMHALD | 2



AIR-O-SWISS rakatækin

- Bæta rakastig og vinna gegn
- Slappleika og þreytu
- Höfuðverkjum
- Augnþurrki
- Astma

Auka vellíðan og afköst



Opið virka daga kl. 9 - 18 og á laugardögum kl. 11 - 16

Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is



GÆÐAFISKUR

ÍSLENSK FÆÐUBÓT BITAFISKUR

-næring fyrir líkama og sál



Söluastaðir:

10 - 11, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðirnar, Olís, N1, Kaupfélag V - Húsvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga, Verslunin Visir, Bláa Iónið, Hreyfing, Krumbúðin, Fiskubúðin Freyja, Melabúðin.

BYLGJAN 25 ÁRA 989

Heimir & Kolla vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 - 9.00

Stuðningsstöngin

LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ

Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggisæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra. Margir lújubjálfa, sjúkrapjálfa og læknar hafa mælt með stuðningsstöngunum fyrir sína skjólstaðinga.

- Auðveld í uppsetningu.
- Engar skrúfur eða boltar.
- Tjakkast milli lofts og gólfs.
- Hægt að nota við hallandi loft, timbur/gíslöft og mikla lofthæð.

Vilji vilji.is

...léttir þér lífið

Sími 856 3451 • www.vilji.is

- Margir aukahlutir í boði.
- Falleg og nútímanleg hönnun.
- Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
- Viðurkennd af Sjúkratryggingum Íslands, hjálpartækjamiðstöð.

Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum í USA.

Yfir 4000 notendur á Íslandi síðan 1999



Timburmenn eru eftirköst mikillar áfengisdrykkju. Slík eftirköst eru vegna eituráhrifa áfengis og einkennast af höfuðverk, óreglulegum hjartslætti, ógleði og ertingu frá melt-ingarvegi. Höfuðverkurinn er oftast vegna ofþornunar en áfengi hefur vatnslosandi áhrif.

NÝ SENDING

B|A|S|L|E|R

Skipholti 29b • S. 551 0770

ÍSLENSKT HUNDANAMMI

gott í þjálfun og í leik

VINSÆL VARA

Fæst í Bónus, Samkaup, 10-11, Fjarðarkaup og Inspired Keflavíkurflugvelli

SKÓMARKAÐUR

XENA

St. 37-41 Verð: 6.575

St. 36-41 Verð: 6.595

St. 40-46 Verð: 6.295

St. 36-41 Verð: 5.895

Opið
mánud.-föstud. 11-18
laugard. 11-16

XENA

Grensásvegur 8 & Nýbýlavegur 12 Sími 517 2040



Vísindamönnunum tókst að sýna fram á hvernig svokallaðar æðapelsfrumur geta umbreytt stofnfrumum þannig að þær fari að skriða frá upprunalegri staðsetningu yfir í nærliggjandi vefi og mynda meinvörp. NORDICPHOTOS/GETTY



Þórarinn (til vinstri) og Magnús Karl segja mikinn áhuga á að þróa meðferðir sem hindra meinvörp enda draga þau marga til dauða. FRÉTTABLAÐID/DANIEL

Skilar sér mögulega í nýjum meðferðarúrræðum

Rannsókn íslenskra vísindamanna varpar ljósi á tengsl stofnfrumna við æxlisvöxt í brjóstakrabbameinum. Hún eykur líkur á að hægt verði að þróa ný meðferðarúrræði sem mögulega hindra meinvörp.

Vísindamenn á Rannsóknarstofu í stofnfrumufræðum við Lífvísindasetur Háskóla Íslands og Landspítalann birtu nýverið grein í lífvísindaritinu PLoS ONE sem varpar nýju ljósi á tengsl stofnfrumna við æxlisvöxt í brjóstakrabbameinum. Þeir binda vonir við að uppgötvanir þeirra skili sér í nýjum meðferðarúrræðum.

Rannsóknin, sem var hluti af doktorsverkefni Valgarðs Sigurðssonar, snerist um að þróa þrívítt frumuræktunarlíkan þar sem æðapelsfrumur voru ræktaðar með stofnfrumum úr brjóstskirtli. „Okkur tókst að sýna fram á hvernig svokallaðar æðapelsfrumur (æðapels er innsta lagið í vegg æða) geta umbreytt stofnfrumum í brjóstskirtli í svokallaðar bandvefs-

líkar frumur. Slíkar bandvefslíkar frumur hafa þann eiginleika að skriða frá upprunalegri staðsetningu yfir í nærliggjandi vefi og eru taldar gegna hlutverki í meinvörpum brjóstakrabbameina,“ segir Þórarinn Guðjónsson, dósent í vefjafræði við Læknadeild Háskóla Íslands, sem stýrði rannsókninni ásamt Magnúsi Karli Magnússyni prófessor.

Bandvefsumbreyting æxlisfrumna af þessu tagi er algeng í undirflokki brjóstakrabbameina, svokallaðra basal-líkra æxla, þar sem batahorfur eru verri en í öðrum tegundum brjóstakrabbameina. „Hingað til hafa engin sértek líf virkað á þessi æxli. Því eru notuð breiðvirkandi líf sem hafa oftast en ekki slæm áhrif á

einstaklinginn að öðru leyti. Við erum að vonast til hægt verði að nota líf, sem jafnvel eru til á markaði í dag, til að hindra þennan æðavöxt samhliða öðrum lyfjum. Með öðrum orðum að hægt verði að koma í veg fyrir að æðapelsfrurnar geti haft þau áhrif á stofnfrumurnar að þær fari að skriða inn í aðlæga vefi,“ segir Þórarinn.

Hann segir rannsóknina varpa ljósi á samspil æða og brjóstakrabbameinsfrumna og að hún auki þannig líkur á að hægt verði að þróa ný meðferðarúrræði sem beinist að þessu samspili. Hann segir mikinn áhuga á því að þróa krabbameinsmeðferðir sem hindra meinvarpamyndun enda eru þau helsta dánarorsök krabbameins-sjúklinga. vera@frettabladid.is

Fararstjórn erlendis

Meðal námsefnis:

- Mannleg samskipti.
- Helstu áfangastaðir erlendis í máli og myndum.
- Mismunandi trúarbrögð.
- Saga landsins, menning og listir.
- Frumbyggjar og saga staðarins.
- Þjóðlegir siðir og hefðir.
- Leiðsögutækni og ræðumennska.

Ferðalandafræði: Evrópa, Asía, Africa, Ameríka og Eyjaálfan.

Námið fer fram í formi fyrirlestra og reynslu fararstjóra í leiðsögn á erlendri grund.

Leiðbeinendur eru: Kjartan Trausti Sigurðsson, Pétur Björnsson, Jóhanna Kristjónsdóttir, Höskuldur Frimannsson, Magnús Björnsson, Pétur Óli Pétursson, Bjarni Randver Sigurvinsson, Sr. Bragi Skúlason.

Ferðamálastólaskóli Íslands

Ferðamálastólaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466

M H A Ó G L M U F S R Í Þ U R I R

Fæðubótarefni í landsliðsklassa fyrir þá sem vilja ná árangri

NOW

Gæði • Hreinleiki • Virkni

Framhald af forsiðu

Kameron hefur kennt víða, meðal annars í Ástralíu, Afríku og Skotlandi.

Kameron hefur verið önnur kafinn við að kenna dans síðan hann tók þátt í dansþættinum vinsæla og ferðast um allan heim í því augnamiði. „Ég flutti til New York strax eftir þættina og hef búið þar síðan og æft dans. Þættirnir gerðu mig það þekktan að ég hef verið eftirsóttur sem kennari allar götur síðan. Kennið mikið í Ástralíu, Suður-Afríku, Skotlandi og fleiri stöðum sem ég hefði aldrei komið til annars.“

Er þessi stöðugi flækingur ekki þreytandi? „Ef ég á að vera hreinleiki þá tekur þetta dálítið á. Ég var 21 árs þegar ég tók þátt í SYTYCD og þá hafði maður endalausa orku. Nú er ég 25 ára og er farinn að finna fyrir því að þetta tekur sinn toll. En þetta er það sem ég vil gera og ég nýt þess í botn, þannig að ég er búinn að eyða orðinu þreyta úr mínum orðaforða,“ segir Kameron hlæjandi. fridrikab@frettabladid.is

ELDUNARTÆKI

Kynningarblað

Ísskápar
Innréttingar
Borðbúnaður
Eldavélar
Háfar
Bakaraofnar

ÞRIÐJUDAGUR 13. SEPTEMBER 2011



Einar Farestveit & Co. hf. leggur áherslu á vönduð vörumerki í eldunartækjum, að sögn verslunarstjórans Þráins Bj. Farestveit.

MYND/PJETUR



HÁGÆÐA HNÍFAR

Fissler er þekkt fyrir vandaða framleiðslu. Fissler er framleitt úr hágæða stáli í öllum vöruflokkum. Fissler hefur verið fáanlegt á íslenskum markaði í nokkra áratugi. Meðal þess sem fyrirtækið framleiðir eru hnifar af öllum stærðum og gerðum, allt frá flysjurum upp í kjöt- og grænmetishnífa, sem hægt er að kaupa staka eða saman í setti ásamt hnífastöndum og nota jafnt heima eða í atvinnuskyni

Fjölbreytt tækjaflóra

Fyrirtækið Einar Farestveit & Co. hf. er landsmönnum að góðu kunnugt fyrir vönduð heimilistæki.

Fyrirtækið Einar Farestveit & Co. hf. hefur fyrir löngu skapað sér nafn hérlendis fyrir sölu á vönduðum eldunartækjum. Verslunarstjórinn Þráinn Bj. Farestveit er öllum hnútu kunnugur um nýjungar þess.

Þráinn upplýsir að hjá Einari Farestveit & Co. hf. séu fjögur vörumerki í öndvegi í eldunartækjum. Nefnir hann fyrst til sögunnar Blomberg. „Óhætt er að segja

að Blomberg sé stórtækt í öllu sem það tekur sér fyrir hendur, því það býður upp á breiða línu af ofnum, allt frá hálf- og upp í alsjálfvirka ofna, og ofna þar sem við erum að tala um allt að 65 lítra ofnrými en yfirleitt eru ofnar í kringum 53 lítra,“ bendir hann á og bætir við að Blomberg þekki flestir enda hefur merkið fyrir löngu náð fótfestu hérlendis.

De Dietrich er að sögn Þráins stórt vörumerki frá Frakklandi sem hefur náð miklum vinsældum á Íslandi enda bjóði það upp á eina fullkornustu ofna sem völ er á. „Sumir eru búnir alsjálfvirkum hreinsi- og matreiðslukerfum

og sértækum tölvustillingum. Sem dæmi er hægt að stilla ofn sérstaklega á roastbeef og hann skilar kjötinu fulleludu án þess að kokkurinn þurfi að grípa inn í eldamenskuna.“

Þá segir Þráinn De Dietrich framleiða smáofna sem eru ekki nema 2/3 af hefðbundinni stærð og eru nokkuð eftirsóttir. „Þar eru hagkvæmnissjónarmið höfð í fyrir-rúmi og gott dæmi um slíkt eru ofnar sem sameina eiginleika hefðbundinna ofna og örbylgjuofna.“

Þráinn segir þó fáa standast bandaríska fyrirtækinu KitchenAid snúning hvað glæsileika varðar í ofnum, helluborðum og háfum.

„Allt sem frá því kemur er vand- að og flott og stálið sem er notað er sérstakt nanóstál, sem er kámrítt.“

Einnig nefnir hann ítalska framleiðandann Candy sem framleiðir einfalda og vandaða ofna og helluborð. „Þeir eru búnir öllum nauðsynlegum eiginleikum, góðri blástursviftu, undir- og yfirhita og grilli.“

Loks lætur Þráinn þess getið að litlir og stórir ofnar, háfar, gas-hellu- og spansuðuhelluboð séu meðal þess sem bjóðist frá öllum framleiðendum, sem fyrirtækið er umboðsaðili fyrir. Sjón er sögu ríkari.“

HÁGÆÐA POTTAR

Fissler er einn stærsti og virtasti framleiðandi á pöttum og pönnum í Þýskalandi. Pottarnir eru framleiddir úr vönduðu stáli og til í mörgum tegundum, bæði til heimilis- og atvinnunotkunar. Einnig framleiðir Fissler mikið af eldhúsa-áhöldum til að einfalda störf in í eldhúsinu.



Mikið úrval hágæða eldhústækja

CANDY

KitchenAid

Fissler

De Dietrich

Blomberg



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

Minni orka og meiri ró



product
design
award

2011

AEG

Það nýjasta í Ormsson er stílfögur AEG-eldhústækjalína sem fellur vel inn í alrými heimilisins. Hljóðlát tæki og sparneytin á orku.

Nú til dags er eldhúsið gjarnan hluti af opnu rými heimilisins og ný og glæsileg heimilistækjalína AEG tekur mið af því. Hún er eftir yfirhönnuð fyrirtækisins, Hans Strohmeier og hefur hlotið hin viðurkenndu IF-hönnunarverðlaun fyrir árið 2011,“ segir Ólafur Már Sigurðsson, deildarstjóri í Ormsson. Í nýju línunni eru ofnar, helluborð, uppþvottavélar, háfar og örbylgjuofnar. Öll hönnun er samræmd og stál kámfritt. „Tækin eru hljóðlát og orkunýting þeirra mun betri en áður,“ segir Ólafur Már. „Mottóið er lægra hljóð, minni orkueyðsla og meiri ró.“

Ólafur Már segir innra rými ofnanna hafa aukist úr 58-60 lítrum upp í 74 lítra. Því ráði ný einangrunartækni. Þrátt fyrir það taki ofnarnir 10% minni orku en áður. „Með hinni nýju THERMIC° AIR SYSTEM-hitadreifingu streymir hitinn jafnt innan ofnsins um það sem verið er að steikja eða baka,“ segir hann og bætir við að við stækkun ofnsins rúmi bökunarplötur og skúffur um 20% meira magn en áður og ofnglerið sé líka stærra.

Um fjóra mismunandi verð- og gæðaflokka er að ræða á ofnunum. Þeir skiptast í línurnar 3, 5, 7, og 9 og verða fullkomnari eftir því sem tölurnar hækka. „Í tveimur hæstu klössunum



„Það er verið að fá sem mest út úr tækjunum,“ segir Ólafur Már hjá Ormsson.

MYND/VILHELM

er kominn innbyggður hjálparkokkur,“ segir Ólafur Már. „Hann virkar þannig að hægt er að stilla eldun eftir þyngd á kjötinu og þá kemur tillaga að eldamenskunni. Einnig er hægt að setja inn uppáhalds-uppskriftir og með einni stillingu kalla þær fram. Í þeirri línu erum við með gufuofna líka, sem bjóða ekki bara upp á gufueldun heldur líka steikingu þar sem einungis 25% af því gufumagni (rakastigi) er notað sem venjuleg gufueldun krefst.“

Í Ormsson er fjölbreytt úrval af helluborðum úr keramikki, bæði með hraðhita- og spansuðuhellum. Sum eru felld ofan í borðplötur úr steini og önnur fljóta ofan á og þá eru uppþvottavélar á framfarabraut. „Þróunin er þannig að uppþvottavélar eru með mun stærra innra rými og öflugra vatnsúðunarkerfi en áður, auk þess sem þær eru hljóðlátari,“ segir Ólafur Már. „Það er verið að fá sem mest út úr tækjunum.“

Fagmennskan í fyrirrúmi

Fastus í Síðumúla 16 þjónar fyrirtækjum í hótél- og veitingageira ásamt mótuneytum og atvinnueldhúsum. Stór þáttur í starfsemi Fastus er ráðgjöf og hönnun í samstarfi við arkitekta og veitingamenn.

Við seljum vörur frá leiðandi framleiðendum á sínu sviði. Þar á meðal eldhústæki frá Convotherm, Bertos, Ilsa, Wexiödisk, Hobart og fleirum,“ segir Jóhannes Ægir Kristjánsson, sölustjóri hjá Fastus ehf. en grill og eldunartæki eru stór hluti af vöruframboði fyrirtækisins.

Fastus hefur einnig upp á að bjóða mikið úrval af borðbúnaði. „Þar eru fremst í flokki glös frá Arc International en það er stærsti framleiðandi glasa í heimi með um 50 prósent markaðshlutdeild,“ segir Jóhannes og nefnir að Fastus sé einnig með postulín frá framleiðendum eins og RAK og Figgjo.

Starfsmenn Fastus hafa víðtæka reynslu úr hinum ýmsu geirum. Jóhannes nefnir sérstaklega að hjá Fastus starfi matreiðslumeistarar með áralanga reynslu af matreiðslu. „Það kemur

sér mjög vel þegar viðskiptavinir þurfa á ráðgjöf að halda,“ upplýsir hann og bætir við að hjá fyrirtækinu starfi einnig tæknimenn aðrir sölumenn sem viðskiptavinir kunnir mjög vel að meta.

Viðskiptavinir Fastus eru margvíslegir og Jóhannes nefnir nokkra þeirra: „Þeir eru allt frá skipaútgerðum og þvottahúsum til bakaríá og matvælaframleiðenda,“ segir Jóhannes en Fastus hefur einnig þjónað þörfum ísbúðaeigenda með vélum frá Taylor sem hafa verið á íslensk-

um markaði í áratugi.

Viðgerða- og varahlutaþjónusta er mikilvægur þáttur í starfsemi Fastus.

„Við erum í samstarfi við X-Tækni ehf.,“ segir Jóhannes og bendir á að X-Tækni hafi aðsetur á sama stað og Fastus sem komi sér einstaklega vel,



Fastus hefur unnið að ýmsum áhugaverðum verkefnum undanfarið. Sem dæmi má nefna tvö eldhús í Hörpu og eldhús í veitingahúsum Grillmarkaðnum, Sjávargrillinu, Happi, Manni lifandi og Uno.

MYND/DANIEL

enda stutt að fara.

Jóhannes er beðinn um að nefna nokkur þeirra verkefna sem Fastus hefur unnið að undanfarið. „Þar má nefna tvö eldhús í Hörpunni og svo höfum við unnið að eldhúsum í nýjum veitingahúsum á borð við Grillmarkaðinn, Sjávar-

grillið, Happ, Mann lifandi, Uno og fleiri,“ telur Jóhannes upp og því greinilegt að reyndir matreiðslumenn kunna að meta þjónustu Fastus.

Jóhannes bendir á að stór hluti af starfsemi Fastus þjóni þörfum heilbrigðisgeirans. „Til þess að

mæta þörfunum sem best höfum við á okkar snærum hjúkrunarfræðinga, líffræðinga og iðjuþjálfara,“ upplýsir hann og því ljóst að fagmennskan er í fyrirrúmi hjá Fastus.

Nánari upplýsingar má nálgast á fastus.is.



FRÉTTABLAÐIÐ

Bakhjarlar Stöð 2 Sport eru:

Iceland Express 
með ánægju



MARKAKÓNGUR MEISTARAEILDARINNAR ÞRJÚ ÁR Í RÖÐ



Lionel Messi hefur skorað 37 mörk í 57 leikjum með Barcelona í Meistaradeildinni á undanföllum sjö árum. Hann er bara 24 ára og á eftir að bæta við einn fleiri mörkum.

MYNDIR NORDICPHOTOS/GETTY

Messi eða Ronaldo?

Argentínski snillingurinn Lionel Messi hefur verið markahæstur í Meistaradeildinni undanfarin þrjú ár. Hann fær væntanlega harða samkeppni frá Cristiano Ronaldo í vetur.

Messi hefur verið óstöðvandi með Barcelona undanfarin ár og er að flestra mati besti knattspyrnumaður heims um þessar mundir. Portúgalinn Cristiano Ronaldo hjá Real Madrid er þó ekki langt undan og það var gaman að fylgjast með einvígi þeirra um markakóngstitilinn á Spáni síðasta vetur. Ronaldo sigldi fram úr undir lokin og hafði betur með 41 mark í 34 deildarleikjum, en Messi skoraði 31 mark í 33 leikjum. Alls skoraði Ronaldo 54 mörk í 54 leikjum í öllum keppnum en Messi skoraði 53 mörk í 55 leikjum í öllum keppnum. Raunar eru ekki allir sáttir við talninguna og telja að Ronaldo hafi verið gefið eitt mark sem Pepe skoraði gegn Real Sociedad í deildinni.

Það var samt Messi sem hafði meiri ástæðu til að fagna í vor, enda sigraði Barcelona bæði í spænsku deildinni og í Meistaradeildinni.

HVOR ER BETRI?

Messi er maðurinn á bak við glæsligan árangur Barcelona á síðustu árum. Hann kom fyrst inn í lið Börsunga í deildarleik gegn nágrönnunum í Espanyol í október 2004, aðeins 17 ára og 114 daga gamall. Síðan þá hefur leiðin legið upp á við og hann hefur



Cristiano Ronaldo hefur skorað 29 mörk í 76 Evrópuleikjum með Sporting Lisbon, Manchester United og Real Madrid.

Lionel Messi



Fullt nafn: Lionel Andrés Messi

Fæddur: 24. júní 1987 (24 ára)

Upphafið: Kom 11 ára til Barcelona frá Newell's Old Boys í Argentínu.

Ferill:

2004–2005 Barcelona B 22 6

2004–2011 Barcelona 178 121

Landsleikir: Argentína 60 17

Cristiano Ronaldo



Fullt nafn: Cristiano Ronaldo dos Santos Aveiro

Fæddur: 5. febrúar 1985 (26 ára)

Verð: £80.000.000 frá Man. Utd.

Ferill:

2001–2003 Sporting 25 3

2003–2009 Man. Utd. 196 84

2009–2011 Real Madrid 64 69

Landsleikir: Portúgal 83 29

fimm sinnum orðið spænskur meistari og þrisvar sinnum Evrópumeistari. Hann lék reyndar ekki með í úrslitaleiknum gegn Arsenal árið 2006 en hlaut verðlaunapening þar sem hann lék sex leiki í keppninni og skoraði eitt mark. Messi skoraði síðan í báðum úrslitaleikjunum gegn Manchester United 2009 og 2011.

Ronaldo hefur einu sinni fagnað sigri í Meistaradeildinni en það var með Manchester United árið 2008. Hann var síðan í liði United

sem tapaði fyrir Barcelona í úrslitum 2009 og það reyndist vera síðasti leikur hans í treyju United.

Einvígi þessara mögnuðu knattspyrnukappa mun halda áfram næstu árin. Þeir hófu þetta tímabil líkt og þeir luku því síðasta. Ronaldo skoraði þrennu í fyrsta deildarleik Real Madrid, 6-0 sigri á Real Zaragoza. Messi svaraði með tveimur mörkum í 5-0 sigri Barcelona á Villarreal. Þetta er bara byrjunin á frábæru fótbolatímabili.

Skorað fyrir fimm lið

Tveir leikmenn hafa náð þeim árangri að skora fyrir fimm mismunandi lið í Meistaradeildinni. Þetta eru Argentínamaðurinn Hernán Crespo og Svíinn Zlatan Ibrahimovic, sem um tíma léku saman hjá Internazionale á Ítalíu.

Crespo skoraði tvö mörk í níu leikjum fyrir Parma (1997–2000), fimm mörk í 13 leikjum fyrir Lazio (2000–02), tíu mörk í 15 leikjum fyrir Inter (2002-03 og 2006-07), fjögur mörk í 15 leikjum fyrir Chelsea (2003–04 og 2005–06) og sex í tíu leikjum fyrir AC Milan (2004–05) Ibrahimovic skoraði sex mörk í 19 leikjum með Ajax (2002–04), þrjú mörk í 19 leikjum fyrir Juventus (2004–06), sex mörk í 22 leikjum



fyrir Inter (2006-09), fjögur mörk í 10 leikjum fyrir Barcelona (2009–10) og fjögur mörk í átta leikjum fyrir AC Milan (2010–11).

MARKAKÓNGAR MEISTARAEILDARINNAR FRÁ UPPHAFI

Tímabil	Markahæstur	Mörk	Tímabil	Markahæstur	Mörk
1992-93	Romário (PSV Eindhoven)	7	2000-01	Rául González (Real Madrid)	7
1993-94	Ronald Koeman (Barcelona)	8	2001-02	Ruud van Nistelrooy (Man. Utd)	10
1993-94	Wynton Rufer (Werder Bremen)	8	2002-03	Ruud van Nistelrooy (Man. Utd)	12
1994-95	George Weah (Paris Saint-Germain)	7	2003-04	Fernando Morientes (Monaco)	9
1995-96	Jari Litmanen (Ajax)	9	2004-05	Ruud van Nistelrooy (Man. Utd)	8
1996-07	Milinko Pantić (Atlético Madrid)	5	2005-06	Andriy Shevchenko (AC Milan)	9
1997-98	Alessandro Del Piero (Juventus)	10	2006-07	Kaká (AC Milan)	10
1998-99	Andriy Shevchenko (Dynamo Kiev)	8	2007-08	Cristiano Ronaldo (Man. Utd)	8
1998-99	Dwight Yorke (Manchester United)	8	2008-09	Lionel Messi (Barcelona)	9
1999-00	Mário Jardel (Porto)	10	2009-10	Lionel Messi (Barcelona)	8
1999-00	Rául González (Real Madrid)	10	2010-11	Lionel Messi (Barcelona)	12
1999-00	Rivaldo (Barcelona)	10			

STÖÐ 2 SPORT SÝNIR ALLA HELSTU LEIKINA FRÁ MEISTARAEILD EVRÓPU OG EVRÓPUDEILDINI Í VETUR Í BEINNI ÚTSENDINGU

Besta knattspyrnukeppni í heimi

Sterkasta deild í heimi, Meistaradeild Evrópu, hefst á ný í dag með frábærum leikjum og framundan er skemmtilegur fótbolta-vefur.

Stöð 2 Sport mun sem fyrr sýna a.m.k. sex leiki frá hverri umferð, þrjú á þriðjudögum og þrjú á miðvikudögum. Evrópudeildin tekur síðan við á fimmtudögum en þar eru nokkrir íslenskir leikmenn í eldlínunni með félögum sínum. Það eru því fjölmörg ómissandi fótbolta-vefur framundan fyrir fótboltaáðdáendur.

Í sumar framlengdi 365 miðlar samstarf við Knattspyrnu-samband Evrópu um útsendingar

frá Meistaradeild Evrópu og Evrópudeildinni til ársins 2015.

Ari Edwald, forstjóri 365 miðla, segir að Meistaradeild Evrópu sé flottasta sjónvarpsefni sem völ er á. „Alex Ferguson, stjóri Manchester United, sagði eitt sinn að Meistaradeildin væri betri keppni en HM í fótbolta og það er hægt að taka undir það. Í Meistaradeildinni eru bestu leikmennirnir, bestu liðin, bestu þjálfararnir og bestu fótboltinn. Vinsældir hennar hafa farið vaxandi með hverju árinu og leikmenn og þjálfarar telja þátttöku í Meistaradeildinni til mestu afreka sem hægt er að áorka í knattspyrnu,” segir Ari.

Íslendingar hafa átt fimm fulltrúa í Meistaradeildinni frá því hún var sett á lagirnar árið 1992 og sá sjötti bætist við í ár þegar Kolbeinn Sigþórsson mætir til leiks með hollenska stórlíðinu Ajax. Leikjum liðsins verða gerð góð skil í vetur. „Það verður spennandi að fylgjast með Kolbeini og Ajax í vetur og sjá hann spreyta sig gegn þeim bestu í heimi,” segir Ari og bætir við að Evrópudeildin sé ekki síður spennandi með öllum Íslendingunum sem þar leika.

Stöð 2 Sport mun sýna beint frá öllum helstu leikjunum í deildanna tveggja og þætti með ítarlegri umfjöllun um hverja leikviku.



Götze verður STÓRSTJARNA

Það þekja allir Messi, Rooney, Ronaldo og Torres. En hvaða leikmenn eiga eftir að koma mest á óvart í Meistaradeildinni í vetur? Arnar Björnsson, einn reyndasti íþróttafréttamaður landsins, bendir á 11 leikmenn sem áhorfendur ættu að taka vel eftir í vetur.

„Það eru margir leikmenn sem gætu sett skemmtilegan svip á keppnina og skotið sér upp á stjórnuhimininn í vetur,“ segir Arnar.

Þjóðverjinn Mario Götze var lykilmáður í sigri Borussia Dortmund í þýsku Bundesligunni síðastliðinn vetur. „Grunnurinn er til staðar og hann er ótrúlega góður miðað við aldur og getur orðið ein af stórstjörnunum í boltanum.“

Eden Hazard, kantmaður Lille, spilaði einnig stórt hlutverk þegar lið hans tryggði sér óvæntan sigur í frönsku deildinni. „Hazard var einn heitasti leikmaðurinn á markaðinum í sumar og það er spurning hvað hann verður lengi hjá Lille. Annar leikmaður sem áhorfendur ættu að gefa gaum er Daninn Christian Eriksen. Það verður gaman að sjá hann með Kolbeini Sigþórssyni. Tveir frábærir leikmenn sem hafa alla burði til að ná enn lengra.“


Einn leikmaður sem hefur komið Arnari á óvart í vetur er Phil Jones, varnarmaður Manchester United. „Það er ljóst að Ferguson hefur veðjað á réttan leikmann og hann hefur staðið sig betur en ég reiknaði með. Smellpassar í United-liðið.“

„Juan Mata lærði fræðin hjá Real Madrid og gæti orðið einn af lykilmönnum Chelsea í vetur og Kóreumaðurinn Park Chu-Young gæti spilað stórt hlutverk hjá Arsenal. Ég sá hann spila nokkra leiki með Mónakó og hann kemur með nýja vídd inn í enska boltann.“

Einn áhugaverðasti markvörðurinn í Meistaradeildinni er Manuel Neuer hjá Bayern. „Það verður forvitnilegt að sjá hvort forráðamenn Manchester United eigi eftir að naga sig í handarbókin fyrir að hafa ekki keypt Neuer í sumar.“

„Giuseppe Rossi hjá Villarreal hefur ótrúlegt markanef og verður gaman að fylgjast með honum kljást við stóra og sterka varnarmenn í Meistaradeildinni. Fábio Coentrão er fjölhæfur leikmaður og gæti gert gæfumuninn fyrir Real Madrid. Hann var að mínu mati besti maður Portúgala hér á Laugardalsvelli gegn Íslendingum. Marek Hamšík er stórskemmtilegur sóknarmaður hjá Napoli og João Moutinho hjá Porto er alvörumíðjumaður og gæti orðið stórt númer í Evrópuboltanum.“



MARIO GÖTZE
Borussia Dortmund 
 Fæddur: 3. júní 1992 (19 ára)
 Staða á velli: Sóknartengiliður
 Næsta stórstjarna Þýskalands og efstur á óskalista Manchester United. Hefur þegar stimplað sig inn í þýska landsliðið.




EDEN HAZARD
Lille 
 Fæddur: 7. janúar 1991 (20 ára)
 Staða á velli: Kantmaður
 Eldfljótur og leikinn Belgi sem Arsenal reyndi að kaupa í sumar og Liverpool freistaði þess að fá forkaupsrétt á.




CHRISTIAN ERIKSEN
Ajax 
 Fæddur: 14. febrúar 1992 (19 ára)
 Staða á velli: Sóknartengiliður
 Efnilegasti Dani sem komið hefur fram í síðan Michael Laudrup sló í gegn. Yngsti leikmaðurinn á HM 2010.




JUAN MATA
Chelsea 
 Fæddur: 28. apríl 1988 (23 ára)
 Staða á velli: Kantmaður/framherji
 Uppalinn hjá Real Madrid, sló í gegn hjá Valencia og seldur til Chelsea fyrir 23,5 milljónir punda.




MAREK HAMŠÍK
Napoli 
 Fæddur: 27. júlí 1987 (24 ára)
 Staða á velli: Sóknartengiliður
 Besti leikmaður Slóvakíu frá upphafi. Kom til Brescia aðeins 17 ára og seldur til Napoli fyrir 5,5 milljónir evra 2007.




MANUEL NEUER
Bayern Munchen 
 Fæddur: 27. mars 1986 (25 ára)
 Staða á velli: Markvörður
 Var frábær milli stanganna hjá Schalke og Bayern borgaði 18 milljónir evra fyrir hann í sumar.




GIUSEPPE ROSSI
Villarreal 
 Fæddur: 1. febrúar 1987 (24 ára)
 Staða á velli: Framherji
 Fæddur í New Jersey í Bandaríkjunum, lék í unglíngaliðum Man. Utd og er orðinn lykilmáður í ítalska landsliðinu.




PHIL JONES
Manchester United 
 Fæddur: 21. febrúar 1992 (19 ára)
 Staða á velli: Miðvörður
 Hefur leikið frábærlega með United í upphafi tímabilsins. Þykir líklegur sem framtíðarfyrirliði enska landsliðsins.




FÁBIO COENTRÃO
Real Madrid 
 Fæddur: 11. mars 1988 (23 ára)
 Staða á velli: Vinstri bakvörður
 Portúgalskur landsliðsmaður sem Real Madrid borgaði 30 milljónir evra fyrir í sumar. Getur einnig leikið á kantinum.




PARK CHU-YOUNG
Arsenal 
 Fæddur: 10. júlí 1985 (26 ára)
 Staða á velli: Framherji
 Fyrirliði landsliðs Suður-Kóreu. Kom frá Mónakó, þar sem hann skoraði 25 mörk í 91 deildarleik á þremur árum.



JOÃO MOUTINHO
Porto 
 Fæddur: 8. september 1986 (24 ára)
 Staða á velli: Miðjumaður
 Leikstjórnandi Porto sem sigraði í Evrópu deildinni og ofarlega á óskalista stærstu liða Evrópu.

Vil sýna öllum að hér á ég heima

Kolbeinn Sigþórsson verður sjötti Íslendingurinn sem spilar í Meistaradeild Evrópu þegar lið hans, Ajax, hefur leik í keppninni gegn Lyon á heimavelli á morgun.



Kolbeinn Sigþórsson



Fæddur: 14. mars 1990 (21 árs)

Verð: 4,5 milljónir evra.

Ferill:

2006–2007	HK	5	1
2010–2011	AZ Alkmaar	32	15
2011–	Ajax	5	4
Landsleikir:	Ísland	8	4

„Það er kominn smá fiðringur í mann enda er búið að tala mikið um þetta hér úti,“ segir Kolbeinn, en Ajax er nú í riðli með spænska stórlíðinu Real Madrid annað árið í röð. Ajax komst reyndar ekki áfram í fyrra því liðið endaði í þriðja sæti riðilsins, einu stigi á eftir öðru stórveldi, AC Milan frá Ítalíu. Þá var Kolbeinn ekki kominn til Ajax en félagið keypti hann nú í sumar frá öðru hollensku liði, AZ Alkmaar, fyrir 4,5 milljónir evra.

Miklar vonir eru því bundnar við Kolbein, sem fékk treyju númer níu, en margar stórstjörnur hafa áður klæðst þeirri treyju í gegnum tíðina. Ein þeirra er Dennis Bergkamp, sem nú er aðstoðarþjálfari Franks de Boer

hjá félaginu. Báðir hófu ferilinn hjá Ajax og voru þar að auki lykilmenn með hollenska landsliðinu á tíunda áratugnum.

ERFIÐUR EN SKEMMTILEGUR RIÐILL

Auk Real Madrid eru franska liðið Lyon og Dinamo Zagreb frá Króatíu með Ajax í D-riðli Meistaradeildarinnar. Ef úrslitin verða eftir bókinni má gera ráð fyrir því að Ajax og Lyon berjist um að fylgja Real í sextán liða úrslitin. Ekki má þó afskrifa Króatana, sérstaklega þegar þeir spila á sínum heimavelli.

„Þetta er erfiður riðill en það er engu að síður skemmtilegt að fá að mæta þessum stórlíðum. Við eigum séns á að komast áfram og lítum á Lyon sem okkar helsta

keppinaut,“ segir Kolbeinn. „Þeir frönsku hafa ekki verið upp á sitt besta að undanförunu og virðast ekki vera jafn sterkir og þeir voru fyrir nokkrum árum.“

Fyrsti leikur Ajax í riðlinum verður einmitt gegn Lyon á heimavelli. Kolbeinn segir að sá leikur sé afar mikilvægur.

„Við þurfum að byrja vel í keppninni. Góð úrslit í þessum leik gefa okkur byr undir báða vængi fyrir næstu leiki. Real er auðvitað með frábært lið og er líklegast til að vinna riðilinn en við erum líka með gott lið og ætlum okkur að komast áfram.“

VERÐUM KANNSKI BESTU VINIR

Hinn 27. september rennur síðan upp stór stund hjá íslenskum

knattspyrnuáhugamönnum þegar Kolbeinn og félagar leika gegn Real Madrid á Santiago Bernabéu. Kolbeinn segist vissulega vera spenntur fyrir þeirri tilhugsun að spila þar en veltir þó ekki vöngum yfir því öllum stundum.

„Það kemur kannski að því þegar nær dregur,“ segir hann í léttum tón. „En ég veit að það verður gaman að fara á þennan sögufræga völl og mæta mörgum af bestu fótþáttamönnum heims, þá sérstaklega Cristiano Ronaldo. Við eigum nú leik gegn Portúgölum með íslenska landsliðinu í næsta mánuði og vonandi fær maður að mæta honum þrisvar á skömmum tíma. Við verðum kannski orðnir bestu vinir eftir það,“ segir hann og hlær.

DRAUMUR AÐ RÆTAST

Kolbeinn segir þátttöku Ajax í Meistaradeildinni hafa haft mikið að segja um þá ákvörðun að ganga til liðs við félagið í sumar. „Það heillaði að spila í henni en mestu máli skiptir að mér er ætlað stórt hlutverk hjá liðinu. Það kom í ljóst strax í fyrsta leik að ég á að vera aðalframherji liðsins enda er númerið sem ég fékk ekkert lítið. Ég held því að ég hefði ekki getað tekið betra skref á ferlinum en að koma til Ajax.“ Kolbeinn er ekki nema 21 árs gamall en segir nú gamlan draum vera að rætast. „Þegar ég var yngri dreymdi mig um að spila í Meistaradeildinni. Nú er næst á dagskrá að sýna öllum að ég get staðið mig í þessari keppni.“

eirikur@frettabladid.is

MARCO VAN BASTEN



Ajax (1982-1987)

Fullt nafn: Marcel van Basten

Fæddur: 31. október 1964

Titlar með Ajax: Evrópumeistari bikarhafa 1986–87, hollenskur meistari 1981–82, 1982–83, 1984–85 og bikarmeistari 1982–83, 1985–86, 1986–87.

Ferill:

1982–1987	Ajax	133	128
1987–1995	AC Milan	147	90
Landsleikir:	Holland	58	24

DENNIS BERGKAMP



Ajax (1986-1993)

Fullt nafn: Dennis Nicolaas Bergkamp

Fæddur: 10. maí 1969

Viðurkenningar með Ajax:

Markahæstur í Hollandi 1991, 1992 og 1993. Valinn leikmaður ársins 1991 og 1992.

Ferill:

1986–1993	Ajax	185	103
1993–1995	Inter	52	11
1995–2006	Arsenal	316	87
Landsleikir:	Holland	79	37

PATRICK KLUIVERT



Ajax (1994-1997)

Fullt nafn: Patrick Stephan Kluyvert

Fæddur: 1. júlí 1976

Ferill:

1994–1997	Ajax	70	39
1997–1998	AC Milan	27	6
1998–2004	Barcelona	182	90
2004–2005	Newcastle	25	6
2005–2006	Valencia	10	1
2006–2007	PSV Eindhoven	16	3
2007–2008	Lille	13	4
Landsleikir:	Holland	79	40

ZLATAN IBRAHIMOVIC



Ajax (2001-2004)

Fullt nafn: Zlatan Ibrahimović

Fæddur: 3. október 1981

Ferill:

1999–2001	Malmö FF	40	16
2001–2004	Ajax	74	35
2004–2006	Juventus	69	23
2006–2009	Inter	88	57
2009–2011	Barcelona	29	16
2010–	AC Milan	28	14
Landsleikir:	Svíþjóð	67	28

LUIS SUÁREZ



Ajax (2007-2011)

Fullt nafn: Luis Alberto Suárez Díaz

Fæddur: 24. janúar 1987

Viðurkenningar með Ajax:

Markahæstur og leikmaður ársins í Hollandi 2009–10.

Ferill:

2005–2006	Nacional	27	10
2006–2007	Groningen	29	10
2007–2011	Ajax	110	81
2011–	Liverpool	16	6
Landsleikir:	Úrúgvæ	49	21

EYJÓLFUR SVERRISSON, ÞJÁLFARI UNDIR 21 ÁRS LANDSLÍÐS ÍSLANDS, LÉK 8 LEIKI Í MEISTARAEILDINNI MEÐ HERTHA BERLIN

Kolbeinn minnir mann á Marco van Basten

Eyjólfur Sverrisson er sannfærður um að Kolbeinn Sigþórsson geti staðið sig í Meistaradeildinni. Sjálfur lék Eyjólfur átta leiki í þessari sérstaklega deild í heimi.

Eyjólfur var atvinnumaður í þrettán ár og varð bæði þýskur og tyrkneskur meistari. Hann er með reyndustu leikmönnum Íslands á erlendri grund og veit vel hvað þarf til þess að ná langt í boltanum.

„Kolbeinn getur farið alla leið,“ segir Eyjólfur og sparar honum ekki hólið. „Hann er mjög sérstakur leikmaður. Þýr yfir mikilli tæknilegri getu og er með ofboðslega flottar hreyfingar. Það er helst að þær minni mann á Marco van Basten eins og hann var í gamla daga. Þeir hjá Ajax hafa greinilega séð eitthvað í honum sem minnti þá á þessar gömlu hetjur.“ Eyjólfur segir að Kolbeinn fái varla stærra og betra svið en Meistaradeildina. „Sérstaklega ef liðin þeirra komast áfram í sextán liða úrslitin – það er draumur allra knattspyrnumanna.“

OF MARGIR ÚTLENDINGAR

Eyjólfur varð þýskur meistari með Stuttgart vorið 1992 og hefði líklega orðið fyrsti Íslendingurinn til að komast alla leið í riðlakeppni Meistaradeildarinnar ef mistök hefðu ekki átt sér stað í leik gegn Leeds United í 1. umferð undankeppni Meistaradeildarinnar um haustið. Þá mátti aðeins hafa þrjá útlendinga í hverju liði en Stuttgart skipti óvart fjórða útlendingnum inn á og leikurinn var dæmdur tapaður.

Eyjólfur var lánaður frá Stuttgart til Besiktas í Tyrklandi veturinn 1994-95 og varð tyrkneskur meistari með liðinu, sem þar með vann sér keppnisrétt í Meistaradeildinni. Eyjólfur hafði hins vegar ekki áhuga á því að leika áfram í Tyrklandi og sumarið 1995 seldi Stuttgart hann til Hertha Berlin, sem þá lék í næstefstu deild þýska boltans. Tveimur árum síðar var liðið komið upp í efstu deild og Eyjólfur átti stóran þátt í því að liðið náði sínum besta árangri, þriðja sæti í Bundesligunni veturinn 1998-99.

Eyjólfur Sverrisson

Fullt nafn: Eyjólfur Gjafar Sverrisson
Fæddur: 3. ágúst 1968
Starf: Þjálfari U21 árs landsliðs Íslands
Ferill sem leikmaður:
 1984–1989 Tindastóll 81 66
 1990–1994 Stuttgart 108 21
 1994–1995 Besiktas 33 9
 1995–2003 Hertha Berlin 193 13
Landsleikir: Ísland 66 10

LÉK GEGN AC MILAN OG BARCELONA

Eyjólfur lék loks með Hertha Berlin í Meistaradeildinni veturinn 1999 til 2000. Þar lék hann átta leiki en Hertha var í riðli með Chelsea, Galatasaray og AC Milan. Liðið endaði í öðru sæti riðilsins á eftir Chelsea en á þessum árum tók við önnur riðlakeppni með sextán liðum. Þar var Hertha í riðli með Barcelona, Porto og Sparta Prag en komst ekki áfram.



Eyjólfur Sverrisson í leik með Hertha Berlin. Hann lék með liðinu í átta ár og hjálpaði því að komast upp í efstu deild í Þýskalandi og alla leið í Meistaradeildina.

ÁRNI GAUTUR ARASON SPILAÐI 21 LEIK Í MARKI ROSENBORG Í MEISTARAEILD EVRÓPU Á ÁRUNUM 1989-2002

Fyrstur Íslendinga í Meistaradeildinni

Skagamaðurinn Árni Gautur Arason var fyrstur Íslendinga til að leika í Meistaradeildinni þegar hann stóð á milli stanganna hjá Rosenborg í leik gegn Galatasaray í október 1998.

Árni hafði verið varamarkvörður Rosenborg í rúm tveimur árum og aðeins spilað tvo deildarleiki þegar hann var óvænt kallaður inn í byrjunarliðið fyrir leikinn gegn Galatasaray. Hann stóð sig vel í leiknum og Rosenborg sigraði 3-0.

Hann lék einnig í síðari leiknum gegn Galatasaray en sá leikur tapaðist með sömu markatölu. Eftir það fékk hann ekki tækifæri fyrr en gegn Dynamo Kiev í febrúar 2000.

Árni náði að festa sig í sessi sem aðalmarkvörður liðsins og lék alls 21 leik í Meistaradeildinni. Meðal mótherja í þessum leikjum voru stórlíðin Real Madrid, Bayern München, Juventus, Inter, Ajax, Porto og Lyon. Árni Gautur yfirgaf Rosenborg undir lok árs 2003 og gekk til liðs við Manchester City.



Árni Gautur Arason lék með Rosenborg í sjö ár og var lengst af aðalmarkvörður liðsins. Rosenborg varð norskur meistari öll árin sem Árni lék með liðinu.

• HINIR FIMM FRÆKNU

Þeir fimm íslensku leikmenn sem leikið hafa í Meistaradeildinni eru:

- Eirður Smári Guðjohnsen, 45 leikir og 7 mörk með Chelsea og Barcelona 2003-2009.
- Árni Gautur Arason, 21 leikur með Rosenborg 1998-2002
- Eyjólfur Sverrisson, 8 leikir með Hertha Berlin 1999-2000.
- Sölvi Geir Ottesen, 3 leikir með FC København 2010-2011.
- Helgi Sigurðsson, 1 leikur með Panathinaikos 2000-2001.

Leikir í undankeppni Meistaradeildarinnar eru ekki taldir með í þessari tölfraði.



Wayne Rooney fagnar hér öðru marki sínu gegn tyrkneska liðinu Fenerbahce í Meistaradeildinni, 28. september 2004.

Þrenna í fyrsta leiknum

Wayne Rooney hefur skorað 25 mörk í 64 leikjum með Manchester United í Meistaradeildinni. Hann byrjaði með stæl þegar hann skoraði þrenna í fyrsta Meistaradeildarleik sínum, þegar United sigraði Fenerbahce frá Tyrklandi 6-2, skömmu eftir að United keypti hann frá Everton haustið 2004. Þetta var jafnframt fyrsti leikur Rooney fyrir United. Hann var

aðeins 18 ára og 335 daga gamall og er yngsti leikmaðurinn sem skorað hefur þrenna í Meistaradeildinni. Fimm aðrir leikmenn hafa skorað þrenna í sínum fyrsta Meistaradeildarleik: Marco van Basten (AC Milan), Faustino Asprilla (Newcastle United), Yakubu (Maccabi Haifa), Vincenzo Iaquinta (Udinese) og Grafite (Wolfsburg).

MIKEL ARTETA LÆKKAÐI Í LAUNUM TIL AÐ SPILA MEÐ ARSENAL Í MEISTARAEILDINNI

Byrjaði hjá Barcelona

Arsenal keypti Mikel Arteta frá Everton örfáum mínútum áður en félagsskiptaglugganum var lokað á Englandi. Hann segist hafa tekið á sig launalækkun til þess að fá tækifæri til að spila í Meistaradeildinni með Arsenal.

Arteta er fæddur í San Sebastián í Baskahéröðum Spánar. Besti vinur hans í æsku var Xabi Alonso, sem nú leikur með Real Madrid. Þá dreymdi um að leika saman með heimaliðinu, Real Sociedad, en leiðir skildu þegar þeir voru fimmtán ára og Barcelona bauð Arteta samning en Alonso fékk tækifæri með Sociedad. Arteta komst þó aldrei í aðallið félagsins en lék með B-liði Barcelona á sama tíma og Pepe Reina, núverandi markvörður Liverpool.

Það var góður skóli og Arteta er alinn upp við sama leikkerfi og allar helstu stjórnur Barcelona

Mikel Arteta

Fullt nafn: Mikel Arteta Amatriain
Fæddur: 26. mars 1982 (29 ára)
Verð: £10.000.000 frá Everton
Ferill:
 1999–2002 Barcelona B 42 3
 2000–2002 PSG (láni) 31 8
 2002–2004 Rangers 50 12
 2004–2005 Real Sociedad 15 1
 2005–2011 Everton 173 28
 2011– Arsenal 1 0
Landsleikir: Spánn U21 12 2

undanfarin ár. Hann var lánaður til PSG í Frakklandi árið 2000. Þaðan lá leiðin til Rangers, síðan heim til Sociedad í skamman tíma og loks til Everton. Núna er honum ætlað að stýra leik Arsenal á miðjunni og taka við hlutverki Cesc Fabregas, sem var seldur til Barcelona.



JÓHANN BERG GUÐMUNDSSON OG RÚRIK GÍSLASON, KANTMENN ÍSLENSKA LANDSLÍÐSINS, VERÐA Í ELDLÍNUNNI Í EVRÓPUDEILDINNI Í VETUR

Framtíðarstjörnur



Tveir af efnilegustu knattspyrnumönnum Íslands fá tækifæri til að láta að sér kveða í Evrópudeildinni í vetur. Jóhann Berg Guðmundsson leikur með hollenska liðinu AZ Alkmaar og Rúrik Gíslason leikur með danska liðinu Odense Boldklub. Báðir hófu þeir fótboltaferilinn í Kópavogi, Jóhann Berg með Breiðabliki en Rúrik með HK. Jóhann flutti fimmtán ára til Englands með foreldrum sínum og æfði um skamma hríð með unglíngaliði Chelsea og

JÓHANN BERG GUÐMUNDSSON



Fæddur: 27. október 1990 (20 ára)

Staða á velli: Vinstri kantmaður

Ferill:

2008	Breiðablik	22	6
2010-2011	AZ Alkmaar	25	2
Landsleikir:	Ísland	13	0

síðar komst hann að hjá Fulham. Meiðsli settu strik í reikninginn og hann sneri heim til Íslands í desember 2007 og gekk á ný til liðs við Breiðablik. Hann kom sem stormsveipur inn í íslenska boltann vorið 2008 og var einn besti leikmaður Íslandsmótsins það ár. Jóhann gerði fimm ára samning við AZ Alkmaar í janúar 2009 og eftir eitt ár í varaliðinu stimplaði hann sig inn síðastliðinn vetur. Hann lék 23 deildarleiki og skoraði eitt mark, auk þess sem hann skoraði eitt mark í hollensku bikarkeppninni og tvö mörk í níu leikjum í Evrópudeildinni. Jóhann hefur haldið uppteknum hætti það sem af er þessu tímabili og búinn að skora bæði í hollensku deildinni og í undankeppni Evrópudeildarinnar.

Rúrik vakti ungur athygli með HK og hann gerði samning við belgíska stórlíðið Anderlecht í febrúar 2004. Honum líkaði ekki dvölin í Belgíu og rifti samningnum síðar sama ár. Sumarið 2005 lék hann með meistaraflokki HK í næstefstu deild og stóð sig mjög vel. Þaðan lá leiðin til Charlton Athletic, þar sem hann gerði þriggja ára samning en náði aldrei að komast í aðalliðið. Rúrik náði loks að láta ljós sitt skína eftir að hann gekk til liðs við danska liðið Viborg árið 2007. Hann vakti mikla athygli fyrir frammistöðu sína og eitt af sterkustu liðum Dana,

OB, lagði allt í sölurnar til að fá hann til sín tveimur árum seinna. Hjá OB hefur Rúrik verið ein aðalstjarna liðsins.

RÚRIK GÍSLASON



Fæddur: 23. febrúar 1988 (23 ára)

Staða á velli: Hægri kantmaður

Ferill:

2004	Anderlecht	0	0
2005	HK	12	1
2005-2007	Charlton	0	0
2007-2009	Viborg	47	17
2009-2011	Odense	50	8
Landsleikir:	Ísland	12	1



Riðlarnir í Evrópudeildinni

Í Evrópudeildinni eru 48 lið sem skipt er í tólf riðla. Stærstu nöfnin í ár eru Tottenham, Paris Saint-Germain, PSV Eindhoven, Lazio, Schalke og Atlético Madrid en auk þess verður spennandi að fylgjast með Íslendingaliðunum, FC København, Odense Boldklub, AZ Alkmaar og AEK Aþenu. Alls komast 32 lið áfram úr riðlakeppninni og sjálfur úrslitaleikurinn fer fram í Búkarest miðvikudaginn 9. maí 2012.

A-riðill

Tottenham (England)
Rubin Kazan (Rússland)
PAOK (Grikkland)
Shamrock Rovers (Írland)

G-riðill

AZ Alkmaar (Holland)
Metalist Kharkiv (Úkraína)
Austria Vín (Austurríki)
Malmö FF (Svíþjóð)

B-riðill

FC København (Danmörk)
Standard Liège (Belgía)
Hannover 96 (Þýskaland)
Vorskla Poltava (Úkraína)

H-riðill

Braga (Portúgal)
Club Brugge (Belgía)
Birmingham (England)
Maribor (Slóvenía)

C-riðill

PSV Eindhoven (Holland)
Hapoel Tel Aviv (Ísreal)
Rapid Búkarest (Rúmenía)
Legia Varsjá (Pólland)

I-riðill

Atlético Madrid (Spánn)
Udinese (Ítalía)
Rennes (Frakkland)
Celtic (Skotland)

D-riðill

Sporting Lissabon (Portúgal)
Lazio (Ítalía)
Zürich (Sviss)
Vaslui (Rúmenía)

J-riðill

Schalke 04 (Þýskaland)
Steaua Búkarest (Rúmenía)
Maccabi Haifa (Ísrael)
AEK Larnaca (Kýpur)

E-riðill

Dynamo Kiev (Úkraína)
Besiktas (Tyrkland)
Stoke (England)
Maccabi Tel Aviv (Ísrael)

K-riðill

Twente (Holland)
Fulham (England)
Odense (Danmörk)
Wisla Kraków (Pólland)

F-riðill

Paris Saint-Germain (Frakkland)
Athletic Bilbao (Spánn)
Red Bull Salzburg (Austurríki)
Slovan Bratislava (Slóvakía)

L-riðill

Anderlecht (Belgía)
AEK Aþena (Grikkland)
Lokomotiv Moskva (Rússland)
Sturm Graz (Austurríki)

SÖLVI GEIR OTTESEN OG RAGNAR SIGURÐSSON LEIKA Í VÖRNINNI HJÁ FC KØBENHAVN

Besta varnarlína í Danmörku

Það verður gaman að fylgjast með danska liðinu FC København í Evrópudeildinni í vetur. Með liðinu leika Íslendingarnir Sölvi Geir Ottesen og Ragnar Sigurðsson.

Sölvi og Ragnar eru báðir miðverðir og það mun mæða mikið á þeim í leikjum liðsins sem er í sterkum riðli með Standard Liège frá Belgíu, Hannover 96 frá Þýskalandi og Vorskla Poltava frá Úkraínu.

Sölvi hefur verið í miklum metum hjá aðdáendum FCK síðan hann kom til liðsins sumarið 2010. Hann skoraði mikilvægasta mark í sögu félagsins þegar hann tryggði liðinu 1-0 sigur á Rosenborg í undankeppni Meistaradeildarinnar í fyrra og þar með sæti í riðlakeppninni.

Ragnar var keyptur frá sænska liðinu IFK Gautaborg í sumar og á fyrir höndum harða baráttu um sæti í liðinu. FCK er með sterkustu vörn danska boltans og hefur fengið á sig fæst mörk allra liða í dönsku deildinni undanfarin þrjú ár. Þessi sterki varnarleikur hefur tryggt liðinu titilinn öll þrjú árin.

Nýr þjálfari FCK er Svíinn Roland Nilsson, fyrrverandi bak-

Sölvi Geir Ottesen hefur verið lykilmáður í vörn dönsku meistaranna FC København frá því hann kom til liðsins frá SønderjyskE í júní 2010.



RAGNAR SIGURÐSSON

Fæddur: 19. júní 1986 (25 ára)

Kaupverð: 118 milljónir króna

Ferill:

2004-2006	Fylkir	38	2
2006-2011	IFK Gautaborg	122	11
2011-	FC København	4	0
Landsleikir:	Ísland	16	0

vörður IFK Gautaborg, Sheffield Wednesday og Coventry. Hann tók við af Norðmanninum Ståle Solbakken sem var ráðinn til Köln í sumar. Nilsson leiddi Malmö FF til

SÖLVI GEIR OTTESEN

Fæddur: 18. febrúar 1984 (27 ára)

Kaupverð: 150 milljónir króna

Ferill:

2001-2004	Víkingur	36	0
2004-2008	Djurgården	35	2
2008-2010	SønderjyskE	54	6
2010-	FC København	19	4
Landsleikir:	Ísland	15	0


sigurs í sænsku deildinni í fyrra og fyrsta verk hans eftir að hann tók við FCK var að kaupa Ragnar, sem hann þekkti vel úr sænska boltanum.

Elfar bíður færís

Miðvörðurinn efnilegi Elfar Freyr Helgason gekk til liðs við AEK í Aþenu í júlí eftir að hafa verið einn besti miðvörður Pepsi-deildarinnar með Breiðabliki undanfarin tvö ár.

Elfar er snöggur og sterkur í loftinu og hann á framtíðina fyrir sér. Hann gerði þriggja ára samning við AEK en hann var til reynslu hjá félaginu síðastliðið haust þar sem þjálfari liðsins, Spánverjinn Manolo Jimenez, hreifst af honum.

Samkeppni um stöður í miðri vörn AEK er mikil en þó gæti Elfar átt möguleika á að vinna sér sæti í liðinu. Miðvörðurinn Traianos Dellas, sem var einn besti maður Grikkja er þeir urðu Evrópumeistarar 2004, er orðinn 35 ára og á ekki mikið eftir í boltanum.



ELFAR FREYR HELGASON

Fæddur: 27. júlí 1989 (22 ára)

Staða á velli: Miðvörður

Kaupverð: 21 milljón króna

Ferill:

2009-2011	Breiðablik	44	1
2011-	AEK Aþena	0	0
Landsleikir:	Ísland	1	0

EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN OG FÉLAGAR HANS Í AEK FRÁ AÐENU MÆTA ANDERLECHT Í EVRÓPUDEILDINI Á FIMMTUDAG Í BEINNI Á STÖÐ 2 SPORT

Mætir Anderlecht á afmælisdaginn

Eiður Smári Guðjohnsen gekk til liðs við gríska félagið AEK í Aþenu í sumar og það mun væntanlega mæða mikið á honum í Evrópudeildinni í vetur. Fyrsti leikur liðsins í riðlakeppninni, gegn Anderlecht, verður sýndur í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport á fimmtudag.

Íslendingar hafa aldrei áður sýnt grískum fótbolta eins mikinn áhuga og nú. Arnar Grétarsson var óvænt ráðinn yfirmaður knattspyrnumála AEK í mars 2010. en hann lék með liðinu á árunum 1997 til 2000. Í sumar fékk Arnar bæði Eið Smára og varnarmanninn Elfar Frey Helgason til liðs við AEK og þar á bæ eru bundnar miklar vonir við Íslendingana.

HEIMSÆKIR ÆSKULÓÐIR

Fyrsti leikur AEK í Evrópudeildinni er gegn Anderlecht í Belgíu á fimmtudag. Sama dag fagnar Eiður Smári 33 ára afmæli sínu, en hann er fæddur 15. september 1978.

Eiður Smári ætti að þekkja vel til á þessum velli því þar gerði Arnór faðir hans garðinn frægan með Anderlecht á árunum 1983-1990. Arnór náði hátindi ferilsins með Anderlecht veturinn 1986-1987 þegar hann varð belgískur meistari með liðinu, markahæsti leikmaður deildarinnar og valinn besti leikmaðurinn í Belgíu.

Á þessum árum steig Eiður Smári sín fyrstu skref í fótboltanum. Á meðan Arnór lék með Anderlecht spilaði Eiður Smári með drengjaliði í bænum Brussegem þar sem fjölskyldan bjó skammt fyrir utan

Eiður Smári Guðjohnsen

Fæddur: 15. september 1978 (32 ára)

Ferill:

1994	Valur	17	7
1994-1998	PSV Eindhoven	13	3
1998	KR	6	0
1998-2000	Bolton	55	18
2000-2006	Chelsea	185	54
2006-2009	Barcelona	72	10
2009-2010	Mónakó	9	0
2009-2010	Tottenham	11	1
2010-2011	Stoke	4	0
2010-2011	Fulham	10	0
Landsleikir:	Ísland	67	24

Brussel. Hann var aðalmarkaskorari liðsins og sýndi strax mikla knattspyrnuhæfileika. Á sumrin lék hann síðan með ÍR á Íslandi.

LEIKJAHÆSTUR ÍSLENDINGA

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Eiður Smári mætir Anderlecht í Evrópukeppni því hann var í liði Chelsea sem lék gegn Anderlecht í Meistaradeildinni í nóvember 2005. Chelsea sigraði 2-0.

Eiður Smári er langleikjahæstur íslenskra leikmanna í Meistaradeildinni, en hann lék 45 leiki og skoraði sjö mörk fyrir Chelsea og Barcelona á árunum 2003-2009. Þá eru ekki meðtaldir þrjú leikir og eitt mark í undankeppni Meistaradeildarinnar. Hann lék einnig sjö leiki og skoraði þrjú mörk í UEFA-keppninni með Chelsea á árunum 2000-2002.

Eiður Smári er einnig eini Íslendingurinn sem hefur verið í sigurliði í Evrópukeppni en hann sat reyndar á bekknum allan tímann í úrslitaleik Barcelona og Manchester United árið 2009.



Eiður Smári Guðjohnsen verður 33 ára á fimmtudag þegar hann leikur með AEK gegn Anderlecht. Þessi lið mættust einnig í Evrópudeildinni í fyrra og þá hafði Anderlecht betur, 3-0 í Belgíu og liðin gerðu síðan 1-1 jafntefli í Aþenu.

MYND AEK

Arnór lék tvisvar til úrslita og Ásgeir einu sinni

Enginn Íslendingur hefur verið í sigurliði í UEFA-bikarnum eða Evrópukeppni bikarhafa. Þær keppnir voru sameinaðar árið 1999 undir nafni UEFA-bikarsins, sem breyttist síðan í Evrópudeildina (UEFA Europa League) árið 2009.

Arnór Guðjohnsen komst tvisvar í úrslitaleik með Anderlecht, einu sinni í UEFA-bikarnum og einu sinni í Evrópukeppni bikarhafa, en tapaði í bæði skiptin.

Arnór var á sínu fyrsta tímabili með Anderlecht, 1983-84, þegar liðið komst í úrslitaleik UEFA-bikarsins og mætti þar Tottenham. Arnór hafði glímt við meidsli allan veturinn og lék ekki fyrri leikinn sem fram fór í Belgíu og endaði 1-1. Hann kom inná sem varamaður í leik liðanna á White Hart Lane en leikurinn endaði einnig með jafntefli og eftir framhengingu var gripið til vítaspyrnukeppni. Staðan var 4-3 fyrir



Arnór Guðjohnsen (neðri röð, lengst til hægri) með leikmönnum Anderlecht fyrir úrslitaleikinn gegn Sampdoria í Evrópukeppni bikarhafa 1990. MYNDIR NORDICPHOTOS/GETTY

Tottenham þegar komið var að Arnóri að taka fimmtu vítaspyrnu liðsins en Tony Parks varði spyruna og Tottenham fangaði sigri.

Anderlecht komst í úrslit í Evrópukeppni bikarhafa vorið 1990 og mætti þar Sampdoria. Leikurinn endaði með markalausum jafntefli en Gianluca Vialli tryggði

Sampdoria titilinn með tveimur mörkum í framlengingu.

Ásgeir Sigurvinsson lék til úrslita í UEFA-bikarnum með Stuttgart árið 1989 en tapaði fyrir Diego Maradona og félagum hans í Napoli. Fyrri leikurinn endaði með 2-1 sigri Napoli á Ítalíu og sá seinni, sem fram fór í Stuttgart, endaði 3-3.

• ÍSLENDINGARNIR Í GRÍSKA BOLTANUM

Eiður Smári Guðjohnsen og Elfar Frey Helgason leika með AEK frá Aþenu í Evrópudeildinni og Arnar Grétarsson er einn af æðstu stjórnendum liðsins.

- **Sigurður Grétarsson**, bróðir Arnars, varð fyrstur Íslendinga til þess að leika í gríska boltanum þegar hann gekk til liðs við Iraklis sumarið 1984. Liðið lék í efstu deild og Sigurður skoraði nokkur mörk og vakti athygli fyrir frammistöðu sína. Eftir eitt ár í Grikklandi var hann seldur til Luzern í Sviss.
- Rikharður Daðason var lánaður frá KR til Kalamata í grísku 1. deildinni snemma árs 1997 og lék með liðinu frá febrúar til aprílloka. Hann spilaði tíu leiki og skoraði eitt mark í efstu deild áður en hann fór aftur til KR.
- **Arnar Grétarsson** gekk til liðs við AEK frá Leiftri sumarið 1997. Á fyrsta tímabili hans í Grikklandi varð liðið í 3. sæti



og komst í 8-liða úrslit í Evrópukeppni bikarhafa. Tímabilið 1998-99 lenti liðið í 2. sæti og spilaði í UEFA-bikarnum og á þriðja og síðasta árinu varð liðið bikarmeistari en hafnaði í 3. sæti deildarinnar. Alls lék hann 67 deildarleiki og skoraði eitt mark. Hann hélt síðan til Lokeren í Belgíu sumarið 2000.

- Kristófer Sigurgeirsson fór frá Fram til Aris í október 1998 og lék þar út tímabilið, alls 15 deildarleiki.

- **Helgi Sigurðsson** lék í tvö ár með Panathinaikos. Hann kom til liðsins frá Stabæk í Noregi fyrir 127 milljónir króna í ágúst 1999 en átti erfitt með að festa sig í sessi hjá félaginu og á tveimur árum spilaði hann aðeins 29 deildarleiki og skoraði tíu mörk. Hann var seldur til Lyn í Noregi fyrir 30 milljónir króna sumarið 2001.



Flott umgjörð um frábæra keppni

Meistaradeild Evrópu er flottasta íþróttaefni sem völ er á og umgjörðin um keppnina á Stöð 2 Sport verður glæsileg í vetur.

Upphíttun hefst hálf tíma fyrir leik þar sem spáð er í spilin fyrir kvöldið. Sýndir verða þrír leikir samtímis á Stöð 2 Sport og hliðarrásur og íþróttafréttamenn Stöðvar 2 munu lýsa leikjunum eins og þeim einum er lagið.

Strax að leikjunum loknum taka Meistaramörkin við þar sem farið er yfir alla leikina, mörkin skoðuð og öll umdeildu atvikin krufin til mergjar. „Við ætlum að halda áfram á svipaðri braut og undanfarin ár auk þess sem það verða alltaf einhverjar

nýngar,“ segir Hörður Magnússon sem mun stýra Meistaramörkunum ásamt Arnari Björnssyni í vetur.

„Við fáum til okkar menn sem hafa mikla þekkingu og innsýn í liðin og leikkerfin sem þau spila. Við verðum með viðtöl við stjórnanna fyrir og eftir leiki þannig að knattspyrnuáhugamaðurinn fær stemninguna beint í æð. Það er dagskrá frá því vel fyrir leik og langt fram á kvöld. Þetta er flottasti, besti og skemmtilegasti fótbolti sem völ er á og við munum kappkosta við að gera umgjörðina í kringum leikina sem glæsilegasta.“

Allir leikirnir sem sýndir eru á aðalrásinni, Stöð 2 Sport, verða einnig sendir út í háskerpu.



BAKHJARLAR STÖÐ 2 SPORT

Iceland Express og Vífilfell eru bakhjarlar Stöðvar 2 Sports og stuðla að því að allt besta íþróttaefni í heimi stendur íslenskum íþróttaáhugamönnum til boða. Forsvarsmenn fyrirtækjanna ætla að fylgjast vel með Meistaradeildinni í vetur og hafa sínar skoðanir á því hvaða lið á eftir að hampa bikarnum næsta vor.

MATTHÍAS IMSLAND Iceland Express

Matthías Imsland, forstjóri Iceland Express, hefur fylgst með fótbolta frá því hann var gutti og segist ætla að fylgjast með Meistaradeildinni af miklum áhuga í vetur



þrátt fyrir að hans uppáhaldslið, Liverpool, sé ekki með í keppninni að þessu sinni. „Ég sakna að sjálfsgöðu minna manna úr þessari keppni en treysti á að þar á bæ sé verið að byggja upp lið sem getur gert flotta hluti innan þriggja ára,“ segir Matthías.

Matthías telur að Barcelona sé sigurstranglegasta liðið í keppninni í ár og segist halda með liðinu í keppninni. „Það er unun að sjá þá spila. Þeir þekkjast hvern annan vel og spila hraðan sóknarbolta sem er gríðarlega gaman að horfa á.“

GUÐJÓN GUÐMUNDSSON Vífilfell

Guðjón Guðmundsson, framkvæmdastjóri markaðs- og sölusviðs Vífilfells, er mikill áhugamaður um knattspyrnu.

„Ég hef fylgst með Meistaradeildinni frá upphafi hennar og mun svo sannarlega gera það áfram. Mitt lið er Manchester United og ég hef haldið með þeim síðan þeir komu hingað til lands og spiluðu við Val árið 1982.“

Guðjón hefur farið á 5 leiki í Meistaradeildinni, þar af 4 úrslitaleiki. Hann vonast til að sjá sína menn í úrslitum næsta vor. „Barcelona og Real Madrid verða einnig með í baráttunni, líklega ásamt háværu nágrönnunum í City.“



Leikirnir í Meistaradeildinni

A-riðill

Bayern München (Þýskaland)
Villarreal (Spánn)
Manchester City (England)
Napoli (Ítalía)

14. sept. Man. City - Napoli
14. sept. Villarreal - Bayern
27. sept. Bayern - Man. City
27. sept. Napoli - Villarreal
18. okt. Napoli - Bayern
18. okt. Man. City - Villarreal
2. nóv. Bayern - Napoli
2. nóv. Villarreal - Man. City
22. nóv. Napoli - Man. City
22. nóv. Bayern - Villarreal
7. des. Man. City - Bayern
7. des. Villarreal - Napoli

E-riðill

Chelsea (England)
Valencia (Spánn)
Bayer Leverkusen (Þýskaland)
Genk (Belgía)

13. sept. Chelsea - Leverkusen
13. sept. Genk - Valencia
28. sept. Valencia - Chelsea
28. sept. Leverkusen - Genk
19. okt. Leverkusen - Valencia
19. okt. Chelsea - Genk
1. nóv. Valencia - Leverkusen
1. nóv. Genk - Chelsea
23. nóv. Leverkusen - Chelsea
23. nóv. Valencia - Genk
6. des. Chelsea - Valencia
6. des. Genk - Leverkusen

16 liða úrslit

14. og 15. febrúar 2012 - fyrri leikir
21. og 22. febrúar 2012 - fyrri leikir
6. og 7. mars 2012 - seinni leikir
13. og 14. mars 2012 seinni leikir

8 liða úrslit

27. og 28. mars 2012 - fyrri leikir
3. og 4. apríl 2012 - seinni leikir

B-riðill

Internazionale (Ítalía)
CSKA Moskva (Rússland)
Lille (Frakkland)
Trabzonspor (Tyrkland)

14. sept. Lille - CSKA
14. sept. Inter - Trabzonspor
27. sept. CSKA - Inter
27. sept. Trabzonspor - Lille
18. okt. CSKA - Trabzonspor
18. okt. Lille - Inter
2. nóv. Trabzonspor - CSKA
2. nóv. Inter - Lille
22. nóv. CSKA - Lille
22. nóv. Trabzonspor - Inter
7. des. Lille - Trabzonspor
7. des. Inter - CSKA

F-riðill

Arsenal (England)
Marseille (Frakkland)
Borussia Dortmund (Þýskaland)
Olympiacos (Grikkland)

13. sept. Olympiacos - Marseille
13. sept. Dortmund - Arsenal
28. sept. Arsenal - Olympiacos
28. sept. Marseille - Dortmund
19. okt. Marseille - Arsenal
19. okt. Olympiacos - Dortmund
1. nóv. Arsenal - Marseille
1. nóv. Dortmund - Olympiacos
23. nóv. Marseille - Olympiacos
23. nóv. Arsenal - Dortmund
6. des. Olympiacos - Arsenal
6. des. Dortmund - Marseille

Undanúrslit

17. og 18. apríl 2012 - fyrri leikir
24. og 25. apríl 2012 - seinni leikir

Úrslitaleikur

19. maí 2012 - Allianz Arena
í München

C-riðill

Manchester United (England)
Benfica (Portúgal)
Basel (Sviss)
Otelul Galati (Rúmenía)

14. sept. Benfica - Man. Utd
14. sept. Basel - Otelul
27. sept. Man. Utd - Basel
27. sept. Otelul - Benfica
18. okt. Otelul - Man. Utd
18. okt. Basel - Benfica
2. nóv. Man. Utd - Otelul
2. nóv. Benfica - Basel
22. nóv. Man. Utd - Benfica
22. nóv. Otelul - Basel
7. des. Basel - Man. Utd
7. des. Benfica - Otelul

G-riðill

Porto (Portúgal)
Shakhtar Donetsk (Úkraína)
Zenit St. Petersburg (Rússland)
APOEL (Kýpur)

13. sept. Porto - Shakhtar
13. sept. APOEL - Zenit
28. sept. Zenit - Porto
28. sept. Shakhtar - APOEL
19. okt. Shakhtar - Zenit
19. okt. Porto - APOEL
1. nóv. Zenit - Shakhtar
1. nóv. APOEL - Porto
23. nóv. Zenit - APOEL
23. nóv. Shakhtar - Porto
6. des. Porto - Zenit
6. des. APOEL - Shakhtar

D-riðill

Real Madrid (Spánn)
Lyon (Frakkland)
Ajax (Holland)
Dinamo Zagreb (Kroatía)

14. sept. Zagreb - Real Madrid
14. sept. Ajax - Lyon
27. sept. Real Madrid - Ajax
27. sept. Lyon - Zagreb
18. okt. Zagreb - Ajax
18. okt. Real Madrid - Lyon
2. nóv. Ajax - Zagreb
2. nóv. Lyon - Real Madrid
22. nóv. Real Madrid - Zagreb
22. nóv. Lyon - Ajax
7. des. Ajax - Real Madrid
7. des. Zagreb - Lyon

H-riðill

Barcelona (Spánn)
AC Milan (Ítalía)
BATE Borisov (Hvíta-Rússland)
Viktoria Plzen (Tékkland)

13. sept. Barcelona - AC Milan
13. sept. Plzen - BATE
28. sept. BATE - Barcelona
28. sept. AC Milan - Plzen
19. okt. AC Milan - BATE
19. okt. Barcelona - Plzen
1. nóv. BATE - AC Milan
1. nóv. Plzen - Barcelona
23. nóv. AC Milan - Barcelona
23. nóv. BATE - Plzen
6. des. Barcelona - BATE
6. des. Plzen - AC Milan





Ragnar Hermannsson, rekstarstjóri Rönning, segir hönnunarlínurnar frá Gorenje henta fólki sem vilji heildarútlit í eldhúsið.



MYND/ANTON

Heildarútlit í eldhúsið

Rönning heimilistæki starfrækir þrjár verslanir á landinu, í Skútuvogi í Reykjavík, á Akureyri og á Reyðarfirði. Hjá Rönning er áhersla lögð á heildarþjónustu við viðskiptavini.

Við seljum tvö vörumerki í heimilistækjum hjá Rönning, Fagor og Gorenje,“ útskýrir Ragnar Hermannsson, rekstrarstjóri Rönning heimilistækja í Skútuvogi. „Það er skemmtileg saga á bak við Fagor-fyrirtækið en það var stofnað af presti í Baska-héraðinu á Spáni. Hann safnaði samskotum til að stofna fyrirtæki í héraðinu sem framleiddi eitthvað sem íbúarnir þyrftu á að halda. Í dag eru Fagor-heimilistækin seld um allan heim,“ segir Ragnar. Öll eldunartæki hjá Rönning eru frá Gorenje, rótgrónu fyrirtæki sem leggur áherslu á gæði. „Gorenje var stofnað á sjötta áratugnum og er í Slóveníu. Það framleiðir öll sín heimilistæki á sama stað, ólíkt mörgum fyrirtækjum sem dreifa framleiðslunni eftir því hvað þau þurfa að borga fyrir vinnuafli í hverju landi,“ segir Ragnar, en Gorenje hefur einnig unnið með þekktum hönnuðum við framleiðslu heimilistækjanna.

„Gorenje hefur það fram yfir aðra framleiðendur. Fyrirtækið hefur meðal annars unnið með ítölsku hönnunarstofunni Pininfarina, en sú stofa hefur hannað bíla fyrir Ferrari. Línan þeirra er heildstæð og falleg en Rönning er eina verslunin hér á landi með þá línu,“ segir Ragnar. Þá er Gorenje einnig í samstarfi við franska hönnuðinn Ora-Ito og fást tvær línur heimilistækja eftir hann hjá Rönning. „Hönnunarlínurnar henta fólki vel sem er að leita að öðruvísi útlit í eldhúsinu. Fólk horfir meira í heildstæðar línur í dag frekar en einstök tæki. Við erum einnig með góða samninga við þjónustuverkstæði og sjáum sjálf um alla varahluti í öll tæki í hverri línu,“ segir



Ora Ito White línan fæst hjá Rönning.

MYND/RÖNNING

Ragnar og leggur áherslu á góða þjónustu við viðskiptavini.

„Okkar mottó er að selja fólki það sem það vill en ekki eitthvað sem það hefur enga þörf fyrir. Við seljum þér ekki ofn með átta eða tíu kerfum á, þegar þú notar bara þrjú eða fjögur,“ segir Ragnar.

Fyrirtækið Johann Rönning var stofnað árið 1933 og Rönning heimilistæki árið

1987. Ragnar segir starfsfólk Rönning fylgjast vel með og reglulega bætist nýjar línur í vöruúrvalið.

„Við erum alltaf með augun opin fyrir nýjungum. ATAG er til að mynda nýtt merki á markaðnum sem er væntanlegt í Rönning. Sú lína er með mjög sérstöku og skemmtilegu útliti og henni fylgir átta ára ábyrgð á varahlutum séu fjórar vörur úr

línunni keyptar. Um áramótin koma einnig tvær nýjar línur frá Gorenje þar sem meðal annars verður hægt að fá ofn með snjallsímaviðmóti. Þá verður einnig hægt að fá heimilistæki með díóðuljósum þar sem er hægt að velja um sjö mismunandi liti og breyta stemmingunni í eldhúsinu eftir því. Það eru því spennandi tímar fram undan hjá Rönning.“

Húsráð og leiðbeiningar

Með hverju seldu heimilistæki hjá Rönning fylgir bók með húsráðum og leiðbeiningum um notkun hvers tækis. Til dæmis hvernig matvæli geymast best í ísskápnum og hvernig meðhöndla á þvott svo eitthvað sé nefnt.

Meðalheimili hendir yfir 100 kílóum af grænmeti og öðrum matvælum á ári. Ár eftir ár. Þennan risavaxna haug má að nokkru leyti skrifa á ranga meðferð við geymslu matvæla. Lestu um kælisvæðin þrjú í bókinni Brrrh sem fylgir með Gorenje-kæliskápum.

Í bókinni er ekki reynt að bregða ljósi á þá fjölmörgu eiginleika nútíma ísskápa sem hjálpa til við að halda matnum óskemmdum. Sjónum er hins vegar beint að kælisvæðunum þremur sem finna má í flestum ísskápum: +8°C, +5°C, 0°C. Þessi þrískipting skiptir höfuðmáli upp á geymslu matvæla.



Neytendur geta sparað sér umtalsverðar upphæðir í matarinnkaupum með því að geyma matvæli á réttan hátt. Leiðbeiningabók fylgir öllum Gorenje-ísskápum.



**6TH SENSE TÆKNIN
GERIR GÆFUMUN
ER LAÐA Á FRAM
SAMHLJÓMINN
Í UMHVERFINU**

**Whirlpool hefur framleitt
hágæða tæki í 100 ár**



Whirlpool Cube línan endurskilgreinir hugmyndina um innbyggð raftæki og gefur eldhúsinu yfirbragð sem uppfyllir jafnvel háleitustu væntingar. Whirlpool Cube er fánlegt í nokkrum stílgerðum sem marka tímamót í hönnun og passa fyrir allar helstu innréttingar. Sem dæmi er Glamour gerðin tækninundur úr hágæða gleri og með 6th Sense tækni í elementum sem hönnuð eru til að framkalla eðal matargerð um leið og þau spara tíma og orku.



SENSING THE DIFFERENCE

KOMIÐ OG SKOÐIÐ ÚRVALIÐ



Heimilistæki ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

BÍLAR & FARATÆKI

Viltu persónulega þjónustu?



Hafðu samband við mig hlynur@diesel.is



HONDA TRX 450 Árgerð 2008, ekinn 40 tíma, Nerf bars - Demparahlífar - Ný yfirfarið og smurt - Rafstart. Verð 620.000. Rnr.131743.

Diesel.is Kletthálsi 15, 110 Reykjavík Sími: 578 5252 http://www.diesel.is

bilfang.is S. 567 2000



Dodge Grand Caravan SXT (7 manna) 04/2005 ek aðeins 56 þ.km 3.8 V6, 1 eigandi flott eintak TILBOÐSVERÐ 1580 þús

Bílasalan Bilfang Malarhöfða 2, 110 Rvk. Sími: 567 2000 www.bilfang.is



Allir Suzuki utanborðsmótorar á lækkuðu verði og flestar stærðir á lager til afgreiðslu strax.

Suzuki Umboðið ehf Skeifan 17, 108 Reykjavík Sími: 568 5100 http://www.suzuki.is

bilauppbod.is

Parftu að kaupa eða selja bíl?

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppbod - Krókur Sími: 522 4610 www.bilauppbod.is www.bilauppbod.is

Bíla & FerðavagnaMarkaður

Óskum eftir 560 hjólhýsi með tveim rúmum, árg. 2006 og yngra. Fyrir enn af viðskiptavinum okkar. Óskum einnig eftir öllum gerðum af ferðavögnum á skrá.

Ferðavagnamarkaður Höfðabakka 9, 110 Reykjavík Sími: 445 3367 www.ferdavagnamarkadur.is



HÖFÐABÍLAR ... þar sem bílar seljast



TOYOTA Land cruiser 100VX Árgerð 2002, ekinn 108 þ.KM, bensín, sjálfskiptur Eins og nýr -TILBOÐSVERÐ- 2.990þ Rnr.153890.

Höfðabílar Fossháls 27, 110 Reykjavík Sími: 577 4747 www.hofdabilar.is



TOYOTA Reykjanesbæ



Ford Transit með krana!!! Til sölu Ford Transit 125-350 diesel árg. 2002 ekinn ca 140 þ km 5 gíra skoðaður 2012 er á tvöföldu að aftan, bíll mikið endurnýjaður s.s. turvína, vél, kúpling, spissar, oliuverk og .fl á pallinum er áfastur Hiab krani, bíll í góðu standi verð 1290 þús, án vsk. Uppl. s. 420 6600

Toyota Reykjanesbæ Njarðarbraut 19, 260 Reykjanesbær Sími: 420 6600



NISSAN Armada LE. Árgerð 2005, ek. 67 þ.KM, bensín, sjálfskiptur. 315hó. Flottur, lítið ekinn og einn með öllum aukahlutum. Tilboð 2.750þ.kr. Ásett verð 3990þús. kr. Rnr.190249.



Audi A4 2,0 QUATTRO, árg. 7/2007, ek 56þús.km, 200hó, sjálfskiptur, 4x4, leður, lúga, álfelgur, off, Mjög flottur umboðsbíll og vel búinn, Tilboðsverð 3990þús.kr, Rnr 191574, Er á staðnum,

100 bílar ehf Þverholt 6, 270 Mosfellsbær Sími: 517 9999 Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16. www.100bilur.is

Bílar til sölu



TIL SÖLU : Toyota Auris 2008 „EINN EIGANDI, keyrður 79.000km Verð:1.990.000,- áhv.1.370.000,- = 620.000,- stgr ..afþ á mán 33.000,- og fer lækkandi. Uppl. í síma 896-3362 Þóra Ólaf.



Til sölu Nissan Almera Luxury árgerð 2001 Bíll í mjög góðu standi. Sægraenn. Keyrður 110.000. Beinskíptur. 1600 vél. Dráttarkúla. Loftkæling. Ásett verð kr. 650.000. Uppl. í s. 896 1683

Bílar til sölu



Range Rover HSE TDV8 Árgerð 2007, ekinn 63þ. km, dísel. Gullfallegt eintak sem er á staðnum. Verð 8.890.000kr. Skipti möguleg. Raðnúmer 152293.



Jeep Grand Cherokee New. Árgerð 2011, ekinn 26þ.km, bensín. Nýja útlitið. Bíllinn er til sýnis hjá okkur. Verð 7.990.000 kr. Skipti möguleg. Raðnúmer 131301.



Subaru Forester X Árgerð 2010, ekinn 20þ. km, bensín, ssk. Bíll eins og nýr og er á staðnum! Verð 3.990.000kr. Skipti möguleg. Raðnúmer 131768.

STÓRA BÍLASALAN

Kletthálsi 2 110 RVK S. 586 1414 HTTP://WWW.STORA.IS



TILBOÐ DAGSINS

HONDA JAZZ 1.4i

Nýskráður 6/2008, ekinn 61 þ.km, bensín, 5 gírar.

Verð kr. 1.990.000

Tilboðsverð kr. 1.590.000



TOYOTA LAND CRUISER 120 VX Nýskráður 10/2007, ekinn 79 þ.km, dísel, sjálfskiptur. Verð kr. 6.990.000



ACURA MDX SH AWD Nýskráður 7/2007, ekinn 24 þ.mílur, bensín, sjálfskiptur. Verð kr. 6.990.000



SUBARU LEGACY OUTBACK 2.5i Nýskráður 4/2008, ekinn 75 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð kr. 3.690.000



PORSCHE CAYENNE Árgerð 2005, ekinn 96 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð kr. 3.990.000



OPEL ANTARA ELEGANCE Nýskráður 5/2008, ekinn 93 þ.km, dísel, sjálfskiptur. Verð kr. 3.590.000



MITSUBISHI L200 INTENSE Nýskráður 8/2008, ekinn 30 þ.km, dísel, sjálfskiptur. Verð kr. 3.150.000



PEUGEOT 407 SW XR Nýskráður 10/2006, ekinn 61 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð kr. 2.290.000



VOLKSWAGEN JETTA COMFORT Nýskráður 6/2006, ekinn 67 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð kr. 2.150.000 Tilboð kr. 1.790.000



HONDA ACCORD COMFORT Nýskráður 4/2006, ekinn 67 þ.km, bensín, 5 gírar. Verð kr. 1.990.000



PEUGEOT 307 XT Nýskráður 6/2007, ekinn 67 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð kr. 1.950.000



HONDA CR-V EXECUTIVE Nýskráður 1/2004, ekinn 106 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð kr. 1.890.000



HYUNDAI SONATA GLS Nýskráður 7/2005, ekinn 115 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð kr. 1.650.000



HONDA ACCORD TOURER SPORT Nýskráður 1/2004, ekinn 140 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð kr. 1.450.000



FORD EXPLORER XLT 4WD Árgerð 2003, ekinn 104 þ.mílur, bensín, sjálfskiptur. Verð kr. 1.350.000



VOLKSWAGEN TOURAN Nýskráður 2/2004, ekinn 107 þ.km, bensín, 6 gírar. Verð kr. 1.350.000

Opnunartími Mánudaga - föstudaga milli kl. 10:00 og 18:00 Laugardaga milli kl. 12:00 og 16:00



BERNHARD

NOTAÐIR BÍLAR

Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

Arena
Dansverslun



20% afsláttur út september af öllum ballettskóm (mjúkum) og jazzballettskóm

Arena dansverslun
Eiðistorgi
Seltjarnarnesi
S: 587-8184 893-8184
www.arena.is

Nudd



TANTRA MASSAGE
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

NUDD - FÓTAAÐGERÐIR - DETOX

Tilboð fótaaðgerðir + nudd upp fyrir hné kr. 5.500 2 saman kr. 9.900. Tekið á kvillum, næringu, hreifingu, bætiþfumu, vinnu, lífsstíl, hamingju og fl. 2ja st. meðferð kr. 7500. JB Heilsulind. S. 823 8280.

Ódýrir og vandaðir ferðanuddbekkir og óléttubekkir til sölu. S. 891 6447, Óli.

Þjónusta

Frí greining
Líkamshlustun. G ben jurtávörur. Sími 588 2260 / 863 2261

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Gistiheimili - Guesthouse

www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mánn. í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktad & öryggismyndavél. S. 555 3464.

Vantar þig hýsingu fyrir tjaldvagn, fellihýsi, hjólhýsi eða húsbíl, rétt rúmar klst. frá Rvk. Verð frá: 22 þ. fyrir veturinn. Uppl. í s:897-9814

Vetrargeymsla fyrir bíla, húsbíla, hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagna og fl. Upphitað húsnæði, Sanngjamt leiguverð. Uppl. í s. 899 0274 og 893 5574 og á www.husbilageymslan.net

Viðgerðarmaður
Verslunartækni óskar eftir að ráða starfsmann í viðgerðir með reynslu af kæliviðgerðum í þjónustudeild.

Vinsamlegast sendið upplýsingar á stefan@verslun.is

Verslunartækni, Draghálsi 4, 110 Reykjavík Sími: 535 1300, verslun@verslun.is

Barnapössun óskast í Hveragerði fyrir 4ja mánaða barn, nokkra tíma á viku. S. 845 7158.

Óska eftir að ráða mótasmíði og kranamann sem fyrst. Umsóknir með upplýsingar um fyrri störf sendist á tm.vinna@gmail.com

Starfsfólk óskast í heilsdag eða hlutastarf í verslunum við Laugaveg með kvennfatnað og fylgihluti. Uppl. í s. 691 7976.

Stýrimann vantar á 60 tn línubát frá Hafnarfirði. (Lúða). Sími: 866 9874.

Ýmislegt



Plastgeymslu útihús. 4,5fm. Auðveld í uppsetningu og viðhaldsfrí. Verð 180þús. Uppl. í síma 893 3503 eða 845 8588.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

SKAPAFU Í VETUR SKRÁÐU ÞIG Á NÁMSKEIÐ

Skartgripasmíði, Tréútskurður, hnífasmíði, gler og 15 önnur. Sjá HANDVERKSHUSID.IS, skráning S:555-1212

Herbergi til leigu!
Herbergi með húsgögnum og wc til leigu. Áhugasamir sendi post á thjonusta@365.is Fyrir fimmtudaginn 16.sept. Merkt „herbergi“

Til leigu frá 1.okt 3herb falleg sólrík íbúð m.húsgögnum í rólegu umhverfi í vesturbæ reykjavíkur 101. S. 899 6255

Litil 40m2 íbúð í Innri Njarðvík til leigu á 45.000 pr m. innfallið rafmagn / hiti uppl í 772 7113 Lilja

Til leigu 3ja herb. íbúð í Setberginu Hfj. áhugasamir hafið samband í 611 8793.

ATVINNA

Atvinna í boði



Sölumaður óskast.
Bifreiðaumboð óskar eftir reyndum sölumanni sem þarf að geta hafið störf strax við sölu notaðra bíla.

Upplýsingar sendist á thjonusta@365.is Merkt „sölumaður“

Atvinna óskast

Ég er 56 ára íslenskur kerfisfræðingur og vantar vinnu. Margt annað kemur til greina. Vinsamlegast sendið mér línu á netfangið ief@ief.is

TILKYNNINGAR

Tapað - Fundið

Dýsarpáfagaukurinn okkar, Þæja tapaðist um kl 13.00 á laugardaginn. Hún sást síðast fljúga í átt að Borgarspítalanum. Vinsamlegast látið vita í síma 698 4559.

HEILSA

Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifstill.is

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nuddnámskeið
Vöðvanudd, svæðanudd. www.dao.is

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Gisting

Spánn-Costa Brava laust frá 01. nóvember, vikuleiga. www.starplus.is og www.starplus.info

Fyrir veiðimenn

Silunganet Silunganet
Mikil úrval. Heimavík, S. 892 8655 www.heimavik.is

Geymsluhúsnæði

Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótörhljól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

Ferðavagnageymsla í Borgarf. f. tjaldv. fellih. hjólh. bátar o.fl. upphitað, gott verð S: 612 6130 email: solbakk1.311@gmail.com

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktad. S: 564-6500

HÚSVAGNAGEYMSLA
UPPHITAÐ, þurr, hreint og lyktarlaust. Verð og myndir á Facebook: Húsvagnageymslan Eyrarbakka S: 564 6501.

Leikskólinn Vinaminni.

Laus er til umsóknar 100% staða starfsmanns í leikskólanum Vinaminni Asparfelli 10 111 Reykjavík. Leikskólinn Vinaminni er sjálfstætt starfandi skóli. Í starfinu er lögð aðaláhersla á að efla félagsfærni, samskipti, sjálfstæði og sjálfsvitund barnanna Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af leikskólastarfi eða vinnu með börnum.

Nánari upplýsingar hjá Sólvægu leikskólalastjóra sími 8618055 og 5870977

Leiguumsjón
láttu okkur sjá um fasteignina þína.

Gerð leigusamninga. Auglýsingar, samskipti og upplýsingagjöf gagnvart leigutaka og leigusala. Samskipti við banka vegna trygginga. Innheimta leigugjalds - skilvirk eftirfylgni innheimtu. Umsjón og eftirlit með fasteigninni. Markmið með leigu-umsjón er að auðvelda fasteignaeiganda útleigu fasteignar og halda verðgildi eignar. Hjá Leiguliðum starfa 3 löggiltir leigumiðlarar með mikla reynslu á sviði útleigu á íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Sjá www.leigulidar.is leiguumsjón eða s- 517-3440

Styrkir

Atvinna

Löggiltur fasteignasali óskast

Fasteignasala í góðum rekstri óskar eftir löggiltum fasteignasala til starfa við skjalagerð, kaupsamninga, afsöl o.s.frv. Góð vinnuástaða og góður andi. Reynsla áskilin.

Sendið umsóknir á netfangið box@frett.is merkt „Lögg Fast“

Fasteignir

RE/MAX Senter

Vantar þig reyndan sölumann sem setur kraft í söluna?

Hafðu samband við verðlaunaðan sölumann og fáðu að vita hvað hægt er að gera, það kostar ekki krónu.

Vernharð Þorleifsson
Sími: 699 7372
venni@remax.is

Ástþór Reynir
lögg. Fasteignasali
senter@remax.is
414 4706

Styrkir frá NATA

North Atlantic Tourism Association

Samstarf Íslands, Grænlands og Færeyja á sviði ferðamála

TIL VERKEFNA Í FERÐAÞJÓNUSTU

Allir sem starfa að eflingu ferðaþjónustu á milli landanna þriggja geta sótt um styrki til samstarfsverkefna á eftirfarandi sviðum ferðaþjónustu:

- Til sameiginlegra markaðssetningarverkefna
- Til nýsköpunar- og vöruþróunarverkefna
- Til þekkingarheimsókna og miðlunar gagnkvæmrar reynslu milli ferðaþjónustuaðila
- Til gæða- og umhverfismála innan ferðaþjónustunnar

Ítarlegri upplýsingar ásamt umsóknareyðublöðum er að finna á vef Ferðamálastofu, www.ferdamalastofa.is. Umsóknir skulu vera á ensku eða dönsku. Hámarksstyrkur til verkefnis er 100 þúsund danskar krónur, eða að hámarki 50% kostnaðaráætlunar.

Lokafrestur til að skila umsókn er 30. september 2011 og mun niðurstaða stjórnar NATA liggja fyrir eigi síðar en 1. nóvember. Umsóknir sendist á skraning@ferdamalastofa.is á rafrænu formi.

TIL KYNNIS- OG NÁMSFERÐA

Um er að ræða ferðastyrki til þeirra sem vinna að samstarfsverkefnum sem varða tvö af löndunum þremur hið minnsta. Hámarksstyrkur á hvern einstakling er 1.000 danskar krónur vegna ferða milli Íslands og Grænlands annars vegar og Íslands og Færeyja hins vegar, en styrkur getur þó ekki numið meira en 25% ferðakostnaðar. Ekki eru veittir styrkir vegna gistingar og upphalds.

Sækja má um styrk til kynnis- og námsferða eftirtaldrar:

- Skóla
- Íþróttahópa
- Tónlistarhópa
- Annars menningarsamstarfs

Ítarlegar upplýsingar ásamt umsóknareyðublöðum er að finna á vef Ferðamálastofu, www.ferdamalastofa.is. Umsóknir skulu vera á ensku eða dönsku.

Lokafrestur til að skila umsókn er 30. september 2011 og mun niðurstaða stjórnar NATA liggja fyrir eigi síðar en 1. nóvember. Umsóknir sendist á skraning@ferdamalastofa.is á rafrænu formi.

NATA er samstarfsmyndun ferðamálaráðuneyta í Færeyjum, á Grænlandi og á Íslandi. Markmið samningsins er að auka skilvirki í samstarfi aðila er sinna ferðamála í Færeyjum, á Grænlandi og á Íslandi með því að styrkja, samþætta og tryggja framboð samvinnuverkefna aðildarlöndanna á þeim sviðum ferðamála þar sem þau eiga einkum sameiginlegra hagsmuna að gæta.

Minningar - og styrktartónleikar

Minningar- og styrktartónleikar verða í Bústaðakirkju sunnudaginn 18. september klukkan 20. Meðal einsöngvára eru Jóhann Friðgeir Valdimarsson, Anna Sigríður Helgadóttir, Gréta Hergils Valdimarsdóttir, Edda Austmann Harðardóttir, Hanna Björk Guðjónsdóttir, Björg Birgisdóttir og Svava Kristín Ingólfssdóttir. Einnig syngur kór Bústaðakirkju og nokkrir hljóðfæraleikarar koma fram, þeirra á meðal Jónas Þórir á píano og Jón Þorsteinn Reynisson á harmóníku.

Svava Kristín Ingólfssdóttir heldur tónleikana til minningar um dótturdóttur sína, Karenu Mist Kristinsdóttur sem lést 23. desember 2010 og til minningar um önnur börn sem dáði hafa vöggudauða, úr veikindum eða í slysum. Tónleikarnir eru jafnframt til styrktar Líf - Kvinnadeild Landspítalans. Aðgangseyrir er 1.500 krónur.

SÖNGKONA OG KÓRSTJÓRI
Svava Kristín Ingólfssdóttir heldur tónleikana í göfugum tilgangi.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR



Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Anna Björg Björnsdóttir
Skálateigi 1, Akureyri,

verður jarðsöngin frá Akureyrarkirkju föstudaginn 16. september kl. 13.30.

Sigrún Hjaltadóttir
Jón Hjaltason
Hrönn Hjaltadóttir
Þorsteinn Hjaltason

Sævar Sigmarsson
Lovisa Björk Kristjánsdóttir
Hrafnhildur Björnsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langlangamma

Sigríður Löve

bókasafnsfræðingur,
Suðurlandsbraut 58, Reykjavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Mörk 10. september. Jarðsöngur verður frá Áskirkju mánudaginn 19. september kl. 15.00. Blóm eru afþökkuð en þeim sem minnst vilja hinnar látnu er bent á líknarstofnanir.

Jón Steingrímsson
Steingrímur Jónsson
Þóra Jónsdóttir
Vigdís Löve Jónsdóttir
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.

Guðrún Olga Einarsdóttir
Július Lennart Friðjónsson



Þökkum af albug öllum sem sýndu samúð og kærleik við andlát og útför elskaðs eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

Haldórs Magnússonar

fv. frkvsstj. Sunnubraut 36, Kópavogi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Heimahlynningar, Líknardeildar Kópavogi og allra sem önnuðust hann af alúð og umhyggju í veikindum hans og heiðruðu minninguna við útför hans. Guð blessi ykkur öll.

Jóhanna Guðmundsdóttir
Vilborg Halldórsdóttir
Steinunn Halldórsdóttir
Oddný Halldórsdóttir
Orri, Björn Halldór, Sunna, Hanna Alexandra, Þórunn Soffia, Halldór Sörli, Júlía Sif og Fannar Alexander.

Helgi Björnsson

Fagstéttir keppa um titla

Matardagur 2011 verða haldnir í Hótel- og matvæla-skólanum í Kópavogi 16. til 18. september. Þar sýnir fagfólk í matvælagreinum handverk sitt og haldnar verða ýmsar keppnir. Klúbbur matreiðslumeistara velur Matreiðslumann ársins og Vínþjónafélag Íslands velur Vínþjón ársins. Bakaradeild skólans velur Bakara ársins í samstarfi við Landsamband bakarameistara, Matvæla- og veitingafélag Íslands og birgja.

Samtök ferðaþjónustunnar, Matvæla- og veitingafélag Íslands og IÐAN

fræðslusetur velja síðan Matreiðslunema ársins og Framreiðslunema ársins. Landssamband bakarameistara kynnrir fagið og gefur gestum að smakka heilkornsbrauð.

Meistarafélag kjötiðnarmanna sýnir réttu handtökin við úrbeiningu og meðferð á kjöti. Kaffibarþjónafélag Íslands kynnrir starfsemi sína og býður gestum að smakka á kaffi.

Öllum er velkomið að koma og fylgjast með keppni og kynningum en nánari dagskrá Matardaganna er að finna á www.freisting.is.



KEPPT Í BAKSTRÍ Meðal annars verður keppt um titilinn Bakari ársins.

Skógræktarskóli

Fróðleiksfúsum trjáræktendum á Vestur- og Austurlandi býðst skógræktarnám á næstu misserum á vegum verkefnisins Grænni skóga hjá Endurmenntunardeild Landbúnaðarháskóla Íslands. Kennt verður í starfsaðstöðu skólans að Reykjum í Ölfusi og á Hvanneyri og fyrir austan fer kennslan fram á Héraði. Um sextán námskeið er að ræða, þar af eru þrettán skyldunámsgreinar. Fyrstu námskeiðin verða kennd nú á haustönn 2011 og þau síðustu vorið 2014. Að meðaltali eru 2,5 námskeið á önn og kennt á föstudögum og laugardögum.

Fjallað er um mörg af grunnatriðum skógræktar, svo sem val á trjátegundum, undirbúning lands fyrir skógrækt, uppeldi og



SKÓGUR Fyrstu námskeiðin verða í haust og þau síðustu vorið 2014.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

gróðursetningu skógarplantna, skógarumhirðu og skjólbelti.

Verkefnisstjóri er Björgvin Örn Eggertsson sem hefur netfangið bjorgvin@lbhi.is. Vissara er að sækja um sem fyrst.

- gun

Jón og séra Jón í Bíói Paradís

Kvikmynd Steinþórs Birgissonar, Jón og séra Jón, verður frumsýnd í Bíói Paradís á fimmtudagskvöld klukkan 20.

Myndin, sem fjallar um séra Jón Ísleifsson, hlaut áhorfendaverðlaun á heimildarmyndahátíðinni Skjaldborgu 2011.

Séra Jón hefur verið sóknarprestur í Árnesi Ströndum í tólf ár. Hann lifir lífinu á sinn eigin sérstæða máta og af honum eru margar sögur bæði sannar og ósannar. Í kjölfar langvinnra deilna innan safnaðarins er svo komið að mikill meirihluti sóknarbarna hefur skrifað undir vantraust á séra Jón og lýst því yfir að þau vilji ekki að hann starfi lengur



STEINÞÓR BIRGISSON Kvikmynd hans Jón og séra Jón hlaut áhorfendaverðlaun Skjaldborgar.

sem sóknarprestur í Árnesprestakalli.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Þórey Jónsdóttir

fótaaðgerðafræðingur,
frá Þorvaldsstöðum í Breiðdal,

lést á Sjúkrahúsinu á Akranesi laugardaginn 10. september. Jarðsöngur verður frá Akranesirkirkju föstudaginn 16. september kl. 14.00. Jarðsett verður að Þorvaldsstöðum í Breiðdal mánudaginn 19. september kl. 11.00.

Guðný Jóna Ólafsdóttir
Daðey Þóra Ólafsdóttir
Erla Ólafsdóttir
Eygló Þóra Gilbertsdóttir
barnabörn og barnabarnabarn

Guðjón Guðmundsson
Fjölur Þorsteinnsson
Óskar Ingi Ágústsson



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Magnús Baldvinsson

múraramestari, til heimilis að Hjúkrunarheimilinu Holtsbúð í Garðabæ, áður Grænuhlíð 7,

lést í Holtsbúð sunnudaginn 4. september. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 13. september kl. 13.00.

Arndís Magnúsdóttir
Benjamín Grendal Magnússon
Sæunn Grendal Magnúsdóttir
Baldvin Grendal Magnússon

Sigrún Grendal Magnúsdóttir
Sigrður Grendal Magnússon
barnabörn og barnabarnabörn.

Hafsteinn Filippusson
Guðbjörg Kristjánsdóttir
Grétar Sveinsson

Guðmundur J. Guðlaugsson
Sigríður Björk Bragadóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Jóna Jóhanna Þórðardóttir

sem lést föstudaginn 9. september á Heilbrigðisstofnuninni á Patreksfirði, verður jarðsöngin frá Patreksfjarðarkirkju laugardaginn 17. september kl. 14.00. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Slysavarnardeildina Unni Patreksfirði, reikningur 0153-26-001609 kt. 450390-2679.

Hilmar Árnason
Halldór Árnason
Þórður Steinar Árnason
Hugrún Árnadóttir
Gísli Jón Árnason
Helena Rakel Árnadóttir
Berglind Árnadóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Guðlaug Rósa Friðgeirsdóttir
María Óskarsdóttir
Áslaug Hauksdóttir
Stefán Egilsson
Friður Magnúsdóttir
Pálmi Stefánsson
Stefán Hagalín Ragúelsson



Þökkum af albug öllum þeim sem sýndu okkur samúð og blýju við andlát og útför ástkærs eiginmanns, sonar, bróður, tengdasonar, mágs og frænda,

Ragnars Heiðars

Kristinssonar

húasmíðameistara,
Bæjarbrekku 10, Álftanesi.

Sérstakar þakkir færur við þeim sem hjálpuðu til við erfidrykkjuna.

Ragnheiður Katrín Thorarensen


Ingibjörg Magnúsdóttir
Hulda Björk Ingibergsdóttir
Kristín Þorvaldsdóttir
Þorvaldur Jón Kristinsson
Ólafur Kristinsson
Oddur C.S. Thorarensen
Elín Thorarensen
Alma Thorarensen
og frændsystkin

Þorbjörg Inga Jónsdóttir
Unnur L. Thorarensen
Úlfar Örn Friðriksson
Sindri Sveinbjörnsson

Ljósmyndakeppni Nokia N8 er að ljúka

Taktu þátt núna og þú getur unnið **100.000 kr.** í verðlaun. Allra síðasti dagur til að senda inn myndir er **16. september**. Allar upplýsingar um keppnina eru á **www.n8.is**.

Nokkrar skemmtilegar myndir úr keppninni



N8 besti myndavélasíminn á markaðnum

myndavélin
N8

Nokia N8 er með 12 MP myndavél, stærstu myndavélaflögu í farsíma, Carl Zeiss-linsu, Xenon-flassi og myndbandsupptöku í háskerpu og stereo.



krossgáta

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. dylja, 6. hætta, 8. iðn, 9. næra, 11. ónefndur, 12. liðsemi, 14. krafsa, 16. bardagi, 17. lík, 18. fálmi, 20. tveir eins, 21. heimili.

LÓÐRÉTT

1. þræðir í vefnaði, 3. hvort, 4. drottinsvik, 5. beita, 7. ákvörðun, 10. einkar, 13. glápi, 15. nabbí, 16. ái, 19. í röð.

LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. hvafi, 3. efi, 4. landdráfi, 5. arða, 6. afi, 7. all, 8. gón, 9. all, 10. all, 11. gón, 12. all, 13. gón, 14. all, 15. gón, 16. all, 17. gón, 18. fumi, 19. öfi, 20. öfi, 21. inni.

BYLGJAN 25
ÁRA
989

Heimir & Kolla vakna með þér í bítið



Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

Þráinn á tökkunum og Gissur með fréttirnar

FRÉTTIR

VIÐSKIPTI

ÍPRÓTTIR

LÍFIÐ

UMRÆÐAN

STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI

Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísis, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.



Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á vísi.



Meiri Vísir.

VÍSIR

Hinn óbreytti heimur

BAKÞANKAR Kolbeins Óttarssonar Proppé

Mikið hefur verið rætt og ritað um Mírás hryðjuverkamanna á skotmörk í Bandaríkjunum 11. september 2001. Skyldi engan undra; um hræðilega atburði var að ræða sem haft hafa mikil áhrif á heimsbyggðina. Nú, tíu árum síðar, er hins vegar grátlegast að líta yfir farinn veg og sjá þau tækifæri sem glatast hafa til að gera heiminn sem við öll búum í að betri stað. Þeim var fórn að altari eigin hagsmuna, hefndarþorsta og gamaldags heimsmyndar. Leiðtoga heimsins skorti áræði og þor til að breyta til hins betra.

PAR eru Íslendingar engin undantekning. Stjórnvöld hér á landi studdu hefndarárás Bandaríkjanna á Afganistan. Árás sem var illa skipulögð og – líkt og svo oft áður – algjörlega laus við áætlun um hvað tæki við þegar, og ef, vopnin hljóðnuðu. Samkvæmt skýrslu frá Sameinuðu þjóðunum féllu 2.777 almennir borgarar í Afganistan árið 2010. Fyrstu sex mánuði ársins 2011 eru þeir 1.462. Óbreyttir borgarar sem féllu í árásum hryðjuverkamanna á Bandaríkjunum voru 2.977. Enginn þeirra saklausu borgara sem fallið hafa í Afganistan bar ábyrgð á þeim árásum. Þeim var fórn að altari hagsmuna Bandaríkjanna. Auga fyrir auga, tönn fyrir tönn.

INNÉRÁSIN í Írak er síðan sérkapítuli út af fyrir sig. Þeir Íslenskir ráðamenn sem hana studdu munu seint geta þvegið

skammarstimpilinn af sér. Ekki þurfti nema grunnskólalækingu á heimsmálum til að sjá í gegnum málatilbúnað innrásaraðila. Því miður bjuggu þeir sem um véluðu ekki yfir þeirri þekkingu. Eða bjuggu yfir henni en kusu að ljúga.

INNÉRÁSARAÐILAR hafa ekki einu sinni haft fyrir því að telja saman hve mörg saklaus mannslíf aðgerðir þeirra hafa kostað. Sömu aðilar og vita upp á háir hve margir Bandaríkjamenn féllu 11. september yppa öxlum og telja mannfall í Írak hjóm eitt. Tölurnar þar eru á bilinu 100 þúsund til rúmlega 1 milljón, allt eftir því hver telur og hvernig mannfall er skilgreint. Þetta studdu formenn Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks, innblásnir af lygum hagsmunaaðila. Og hafa ekki enn svarað fyrir.

HEIMURINN breyttist 11. september 2001 er viðkvæði sem heyrst oft. Því miður er það ekki rétt. Sannleikurinn er nefnilega sá að heimurinn breyttist ekkert. Gamaldags hugsunaráttur ofbeldis og skiptingar í „okkur“ og „hina“ festist í sessi. Það eina sem breyttist var birtingarmynd þess hugsunaráttar.


OG jú, fyrir þau hundruð þúsunda sem hafa fallið fyrir vestrænum vopnum breyttist heimurinn vissulega. Þau voru myrt með blessun alþjóðasamfélagsins. Hvenær þeim verður reistur minnisvarði er hins vegar ekki vitað.



myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Overli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott




58.12345

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S
MIÐSTÆRÐ Á 1.000 KR.
MEÐ 3 ÁLEGGSTEGUNDUM ■ EF ÞÚ SÆKIR

dominos.is



BONUS BONUS BONUS BONUS



OPNUM KL. 11:00 OPNUM KL. 11:00



595
KR. 690G
COCOA PUFFS
690 GRAMMA PAKKI



GOTT Í HÁDEGINU
JUMBÓSAMLOKA + 330ML FERSKUR
ÁVAXTASAFI FLORIDANA EÐA TRÓPI
359 KRÓNUR



495
KR. 518G
CHEERIOS
518 GRAMMA PAKKI



Neutral þvottaefni 1,9 kg



1/2 LAMBASKROKKUR FROSINN

895
KR. KG



GOUDAOSTUR 26%
300 KR. LÆGRA VERÐ
998 KR. KG.
VERÐ ÁÐUR: 1298 KR. KG



159
KR. KG
NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR Í LAUSU
GULLAUGA OG RAUÐAR



459
KR. PK
400 GRÖMM GRÍMS-
PLOKKFISKUR



598
KR. KG
STEIKTAR FISKBALLUR



198
KR. 1 LTR
TRÓPÍ 1 LTR.



359
KR. 950G.
FRÁ ARGENTÍNU
NÝ FERSK LÍFRÆN EPLI



198
KR. 1/2 KG
BÓNUS RÚGBRAUÐS-
KUBBUR 500 GRÖMM



29
KR. 85G
EUROSHOPPER NÚÐLUR



359
KR. 1/2 KG.
AKURSEL LÍFRÆNAR
GULRÆTUR

Góður tilbúinn matur fyrir 3-4

998
KR. BAKKINN

PARF AÐEINS AÐ HITA!



1498
KR. 900G
EUROSHOPPER FROSNAK
KJUKLINGABRINGUR

BONUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veititungda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklöbbur



7 STEPHEN FRY verður kynnr bresku kvikmyndaverðlaunanna, BAFTA, í sjöunda sinn í febrúar á næsta ári. Hann var kynnr á árunum 2000 til 2006 við góðar undirtektir. Leikarinn tekur við keflinu af sjónvarpsmanninum Jonathan Ross.

Sólgin í skrýttinn mat

Söngkonan Beyoncé Knowles tilkynnti á dögunum að hún eigi von á barni. Nú berast fréttir af því að hún er sólgin í afar furðulegan mat á meðgöngunni, eins og vill gerast. Knowles hefur nefnilega hámað í sig banana með tómatsósu, Bounty-ís með chili-sósu, Oreo-kex með súrum gúrku og brauð með bræddu súkkuláði.



FURÐULEGUR SMEKKUR Beyoncé Knowles er sólgin í furðulegan mat á meðgöngunni.

Knowles ku vera svo sólgin í matinn skrýtna að eftir að hún kom fram á myndbanda-hátíð MTV á dögunum þurfti hún hreinlega að hlaupa af sviðinu til að byrja að háma í sig.

Hlakkar til að hitta Sly

Harðjaglenn Jason Statham getur ekki beðið eftir því að vinna aftur með Sylvester Stallone. Þeir unnu saman við The Expendables í fyrra og núna eru tökur á framhaldsmyndinni að hefjast í Búlgaríu eftir tvær vikur. „Ég skemmti mér vel með Sly. Það verður gaman að vinna með honum aftur,“ sagði Statham. Staðfest hefur verið að Dolph Lundgren og Mickey Rourke endurtaki hlutverk sín í The Expendables 2. Orðrómur um að John Travolta, Jean-Claude Van Damme og sjálfur Chuck Norris leiki í myndinni hefur einnig verið uppi.

KYNÓÐUR SIMON COWELL

Kærastra Simons Cowell til tuttugu ára lýsir honum sem kynóðum hundi. Hann hafi oft haldið framhjá henni en aldrei viljað viðurkenna það. Ástamál Cowells eru enn og aftur í kastljósi fjölmiðla.

Bandaríska söngkonan Sinitta ræddi á mjög opinskáan hátt um samband sitt við sjónvarpsstjórna Simon Cowell í nýlegu tímariti People. Tilefnið var viðtal útvarpsmannsins Howards Stern við Cowell. Þar upplýsti sjónvarpsmógullinn að hann hefði átt nána stund með tveimur konum í einu og að hann væri ekki viss um hvort hann væri enn trúlofaður afgangsa förðunarmeistararum Mezhgan Hussainy. Talskona Cowells brást mjög snögg við þegar Cowell lét þessi orð falla og sagði fjölmiðlum að Cowell væri mjög annt um einkalíf sitt.

Sinitta kæmi það hins vegar ekki á óvart ef Hussainy hefði gefist upp á Cowell. Sjónvarpsmaðurinn hafi aldrei verið við eina fjölna felldur. „Hann hélt oft og mörgum sinnum framhjá mér og ég fann það eiginlega strax að ég gæti ekki treyst honum,“ hefur People eftir söngkonunni. Sinitta var fyrsti skjólstaðingur Cowells en hún varð stórstjarna á meðan Cowell var að koma sér á framfæri í umboðsmennsku og var enn tiltölulega óþekktur. Sinitta og Cowell hafa haldið góðu sambandi í gegnum tíðina en söngkonan lýsir honum engu að síður sem kynóðum hundi. „Hann er eins og persónan í Shaggy-laginu It Wasn't Me. Þar er náunginn alltaf gripinn glóðvolgur við framhjáaldið en neitar alltaf sök. Þannig var Cowell. Hann elskar allar konur, af öllum stærðum og gerðum.“

Cowell hefur enn ekki viljað staðfesta að sambandi hans og Hussainy sé lokið. Daily Mirror greinir hins vegar frá því að Hussainy sé flutt í „grafreit gamalla kærastra“ eins og húsíð er kallað af nánnum vinum sjónvarpsstjórnunnar en það er skammt frá glæsilegri villu sjónvarpsmannsins í Beverly Hills. „Ég veit ekki hvort Simon hafi hætt með henni eða hún með honum. Maður veit aldrei með hann.“

freyrgija@frettabladid.is



SUNDUR OG SAMAN

Sinitta og Simon Cowell voru saman í tuttugu ár. Sinitta segir að Cowell hafi haldið framhjá sér með fjölda kvenna. Ástallf Cowells er aftur í kastljósinu eftir útvarpsviðtal en þar sagðist útvarpsmaðurinn ekki viss um hvort trúlofun hans og Mezhgan Hussainy stæði enn.

NORDICPHOTOS/GETTY

Hafðu það aðeins betra

Námsmönnum í Námsvild bjóðast námsstyrkir, bókastyrkir, frjár debetkortafærslur og margt fleira. Handhöfum stúdentakortsins bjóðast einnig ýmis sértílböð og afslættir svo þeir hafi það aðeins betra.

Kynntu þér Námsvild í næsta útibúi eða á www.isb.is.

Hafðu bankann með þér



Sæktu „appið“ í snjallsímann þinn á m.isb.is.



Skannaðu stríkamerkid til að sækja „appið“ í símann



<http://www.islandsbanki.is/farsiminn/>



Aðeins dauðinn mun stöðva U2

Bono, söngvari U2, telur að hlóm-sveitin muni starfa áfram um ókomna tíð, eða þangað til meðlimir hennar gefa upp öndina.

„Þetta er eins og með prestana. Eina leiðin út er í kistu,“ sagði Bono um framtíð U2 í viðtali við Coventry Telegraph. Hann bætti því við að meðlimir sveitarinnar bæru mikla virðingu hver fyrir öðrum og það hefði mikið að segja.

Bono lét þessi orð falla þegar hann mætti, ásamt gítarleikaranum The Edge, á frumsýningu heimildarmyndarinnar From the Sky Down á kvikmyndahátíðinni í Toronto. Myndin fjallar um gerð plötunnar



BONO OG THE EDGE Tuttugu ár eru liðin síðan platan Achtung Baby með U2 kom út.

Achtung Baby sem er orðin tuttugu ára gömul.

„Það var erfitt að horfa á myndina. Við erum ekki sérlega góðir í

því að horfa um öxl. Edge þurfti til dæmis að pína mig til að hlusta á safnplöturnar sem við gerðum áður en þær voru gefnar út,“ sagði Bono. „Ég hef bara engan áhuga á því hvað við höfum gert. Mér finnst miklu meira spennandi hvað við ætlum að gera.“

Söngvarinn skilur ekkert í því hvers vegna einhverjir vilja sjá heimildarmynd um hvernig Achtung Baby varð til. „Við sömdum fullt af lögum og á endanum hljómuðu þau ansi vel. Þessi mynd snýst um hve litlu munadi að lögin urðu ekki til. Ég skil engan veginn af hverju einhver vill horfa á þetta.“

Braust inn og lét renna í baðkarið

Hinn 36 ára gamli Daniel Bedard var handtekinn í Montreal í Kanada á dög-unum og ákærður fyrir að brjótast inn í glæsihýsi söngkonunnar Celine Dion. Bedard stal húslyklum René Angélil, eiginmanns Dion, úr bíl hans og hélt svo heim til þeirra. Þar gerði hann sig heimakominn,



BROTIST INN Maðurinn sem braust inn til Celine Dion og eiginmanns hennar ætlaði í heitt bað.

borðaði sætabrauð og lét renna í heitt bað.

Honum varð svo á að setja öryggis-kerfi hússins í gang og þegar lögreglan mætti á svæðið sagði hann: „Nei, hæ. Hvað eruð þið að gera hér?“

Bedard var handtekinn á staðnum.



DÖÐRUÐU Jennifer Lopez og Bradley Cooper höfðu meiri áhuga á hvort öðru en sumartískunni 2012 frá Tommy Hilfiger.

Daðrandi á tískuviku

Svo virðist sem söngkonan vinsæla Jennifer Lopez skemmti sér vel á lausu en hún sat á fremsta bekk á tískusýningu Tommy Hilfiger ásamt leikaranum Bradley Cooper. Vel fór á með þeim tveimur og höfðu ljósmyndarar sýningarinnar meira áhuga á parinu en fatnaðinum.

Lopez og Cooper fóru síðan út að borða saman og ýttu þar með undir orðróm þess efnis að eitt-hvað meira sé á milli þeirra en vinskapur. Talsmaður Lopez segir hins vegar að þau tvö hafi hist til að ræða sameiginlegt verkefni. Lopez skildi við söngvarann Marc Anthony fyrr í sumar og skemmti sér vel á tískuvikunni í New York.

Drakk bjór og þyngdi sig

Hugh Jackman hafði ekkert á móti því að þyngja sig fyrir hlutverk sitt í myndinni Real Steel. Leikarinn fer með hlutverk fyrrverandi hnefaleikamanns í myndinni. Um framtíðarmynd er að ræða sem fjallar um vélmenni sem eigast við í boxhringnum í stað manna. Jackman þurfti ekki að vera í jafngóðu formi og vanalega fyrir hlutverkið og líkaði það vel. „Það var fínt að geta fengið sér bjór af og til,“ sagði hinn 43 ára Jackman.



Myndin verður frumsýnd vestanhafs 7. október.

ÞYNGDI SIG Jackman hafði ekkert á móti því að þyngja sig fyrir hlutverkið.

NÝTT ÚTLIT HEFST Í KVÖLD KL. 21.25

NETFRELSI FYLGIR MEÐ ÁSKRIFT AÐ SKJAREINUM



SkjárEinn býður þér vandaða dagskrá, einfalda og auðskiljanlega verðskrá og svo geturðu horft á upphaldspættina þína í SkjárEinn Netfrelsi þegar þér hentar. Áskrift að SkjáEinum kostar aðeins 3.490 kr. á mánuði meðan Stöð 2 kostar 7.490.

Tryggðu þér áskrift í 595 6000 eða smelltu þér á skjareinn.is

Með áskriftinni færðu **Netfrelsi** og getur séð alla upphaldspættina þína í fullum gæðum á netinu hvar og hvenær sem er.



SKJAREINN ADEINS **3.490 KR.** Á MÁNUÐI



Sígild bók Ingólfs endurútgefin

„Ég var búinn að vera í Skruddu í fimm-tán ár og mig langaði til að gera eitthvað annað,“ segir Ívar Gissurason, nú fyrrverandi forleggjari hjá Skruddu.

Ívar er búinn að setja íbúð sína í miðbæ Reykjavíkur í leigu og er fluttur til smábæjarins Sjöpo í Svíþjóð ásamt konu sinni. Þar hyggst hann verða innan handar dóttur sinni sem er að fara í framhaldsnám, og vera afi í hjáverkum.

Ívar hefur þó ekki alveg sagt skilið við bókaútgáfu því í prentsmiðju er komin endurútgáfa á bók Ingólfs heitins Margeirssonar, Lífsjátning: Endurminningar Guðmundu Elíasdóttur söngkonu. Ástæðan er sú að Ívar er að standa við gefið loforð. „Við Ingólfur erum frændur, hann er móður-

bróðir minn. Við sátum saman þegar ég var búinn að taka þessa ákvörðun og vorum að rabba saman. Hann hafði mikinn áhuga á því að við færum að bralla eitthvað saman og ég lofaði honum að fyrst skyldi ég gefa út eftirlætisbókina mína, Lífsjátningu. Þetta er því draumur okkar beggja að rætast,“ en Ívar segist hafa heyrt það út undan sér að bók sé í miklum metum hjá ungum konum um þessar mundir. „Ingólfi hefði þótt vænt um að heyra það.“

Ívar útilokar ekki að fara út í bókaútgáfu á nýjan leik en það verði hins vegar aldrei jafn stórt í sniðum og Skrudda var. „Hugurinn er alveg farinn að mjatla en ég ætla þá að gera eitthvað sem hef gaman af og þykir vænt um.“

- fgg



FLUTTUR AF LANDI BROTT Ívar Gissurason, oftast kenndur við Skruddu, er fluttur til Svíþjóðar til að aðstoða dóttur sína. Hann hyggst þó gefa aftur út samtalsbókina Lífsjátningu eftir Ingólf Margeirsson sem kom út fyrir þrjátíu árum.

Sykur með glænýtt lag

Elektrópoppsveitin Sykur hefur sent frá sér nýtt lag í stafrænu formi sem nefnist Shed Those Tears. Þetta er einnig fyrsta smáskífulag sveitarinnar sem kemur út í Bretlandi. Lagið fékk góða dóma í breska blaðinu The Guardian á dögum þar sem hljóðgervlarnir, taktarnir og raddirnar þóttu blandast einkar vel saman. Lagið verður að finna á næstu plötu Sykurs sem er væntanleg síðar á árinu á vegum Record Records. Fram undan eru tónleikar á Hoxton Bar and Kitchen í London 29. september á hinn norrænu Ja Ja Ja-upp-ákomu og á Airwaves-hátíðinni.



RIHANNA Breska hljómsveitin Coldplay hefur tekið upp dúett með bandarísku söngkonunni Rihönnu.

Söng dúett með Coldplay

Breska hljómsveitin Coldplay hefur tekið upp dúett með bandarísku söngkonunni Rihönnu. Lagið heitir Princess of China og verður að finna á plötunni Mylo Xylo to sem kemur út 24. október. „Lögin á plötunni mynda eina heild. Strákar og stelpur eru aðalpersónurnar og efst á listanum hjá stelpunum var Rihanna en það tók okkur smá tíma að safna kjarki til að spyrja hana,“ sagði söngvarinn Chris Martin. „Hún hefur ótrúlega rödd og hún er mjög ólík minni.“



TWO STEP HORROR Dúóið Two Step Horror er skipað þeim Þórði Grímssyni og Önnu Margréti Björnsson.

Fyrsta platan frá Horror

Dúóið Two Step Horror, sem er skipað Þórði Grímssyni og Önnu Margréti Björnsson, hefur gefið út sína fyrstu plötu, Living Room Music. Þarið samdi plötuna veturinn 2008 til 2009 í stofunni heima hjá sér. Hún kom út í Bretlandi í maí hjá óháðu bresku útgáfunni Outlier Records. Platan er núna fánleg í 12 Tónum, Smekkleysu og Lucky Records. Two Step Horror er í höpnum Vebeth sem samanstendur af tónlistar- og myndlistarmönnum. Meðal annarra meðlima eru hljómsveitirnar Singapore Sling, Third Sound, The Dead Skeletons, The Gogo Darkness, Hank og Tank og The Meek frá Bandaríkjunum.



Nýtt



Gráða & feta ostanteningar í olíu

Gráða & feta ostanteningar henta vel í kartöflusalatið, á pítsuna, í sósuna, salatið, ofnréttinn og á smáréttabakkann.



HYTA HUSDÉJA

Grín og gítarspil

Tónlistarmaðurinn Gylfi Ægisson heldur upp á 65 ára afmælið sitt með því að flytja bestu lögin sín í bland við gamanmál í Salnum í Kópavogi 12. nóvember.

„Ég verð einn með grín og gaman eins og ég er með í afmælum og hefur þótt mjög vinsælt,“ segir Gylfi. „Ég hef verið að skemmta mjög mikið í afmælum, fyrir utan það sem ég er að gera með GRM,“ segir hann og á þar við hljóm-



sveitina sem er skipuð honum, Rúnari Þór og Megasi. Önnur plata þeirra kemur út fyrir jól og eru þeir þegar búnir að syngja lögin í hljóðveri.

Miðasala á afmælistónleikana hefur gengið vel og með sama áframhaldi verður uppselt um næstu mánaðamót. - fb

65 ÁRA Gylfi Ægisson heldur upp á afmælið sitt með tónleikum í Salnum.

Fönguðu kraftinn á einni helgi

Önnur plata Hellvar, Stop That Noise, kemur út á miðvikudaginn. „Við tókum hana „live“ upp á einni helgi í desember. Aron Arnarsson var á tökkunum og þetta var hugmynd frá honum. Hann hafði verið á tökkunum hjá okkur á Airwaves og sagðist vilja fanga kraftinn hjá okkur. Það var alveg hárrétt ákvörðun hjá honum,“ segir Elvar Geir Sævarsson.

Um tónjöfnun (mastering) á plötunni sá JJ. Golden frá Golden Mastering, sem hefur unnið með böndum eins og Primus, Sonic Youth, Caexico og Neurosis.

Fyrsta plata Hellvar kom út

fyrir fjórum árum og hefur ýmislegt breyst síðan þá. Sveitin var upphaflega dúett Elvars Geirs og Heiðu Eiríksdóttur en er núna kvintett. „Síðasta plata var bara með forrituðum trommuheila. Við vorum að daðra við elektróníska músík en núna er þetta mest bara keyrslurokk.“

Hellvar heldur útgáfu- og hlustunarpartý í Nýlenduverzlun Hemma og Valda á miðvikudagskvöld. Þá verður nýr meðlimur kynntur til leiks, Haukur Viðar Alfredsson úr Morðingjunum sem tekur við bassanum af Sverri Ásmundssyni. - fb



TEKIN UPP Á EINNI HELGI Önnur plata Hellvar, Stop That Noise, var tekin upp á einni helgi í desember í fyrra.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Þriðjudagur 13. september 2011

Tónleikar

20.00 Pasi Eerikäinen fiðluleikari og Jón Sigurðsson pianóleikari flytja verk eftir Strauss, Brahms, Kuusisto og Jón Nordal í Bergi á Dalvík.

21.00 Dúettinn **Simon & Clover** leikur á tónleikum á Café Rosenberg. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

Leiklist

20.00 Leikfélagið **Sýnir** flytur leikverkið Tristram og Ísönd í Gaflaraleikhúsinu í Hafnarfirði. **Miðaverð er kr. 2.000.**

Fundir

16.30 Alþjóðamálastofnun og NEXUS, standa að málstofu um Grænland og Norðurslóðir. Málstofan er öllum opin og verður haldin í **Háskóla Íslands, Lögbergi 101.**

Umræður



20.00 Umræðukvöld um norrænar bókmenntir með þátttöku Piu Tafdrup, **Einars Mús Guðmundssonar**, Jóns Yngva Jóhannssonar og Auðar Aðalsteinsdóttur. Umræður verða á skandinavísku og ensku og fara fram í Norræna húsinu.

Uppákomur

20.00 Ritlistarhópur Kópavogs stendur fyrir minningardagskrá um átta látn skáld úr Kópavogi í Forsælunni við Salinn í Kópavogi. Aðgangur er ókeypis.

Tónlist

21.00 Spilakvöld á **Þríkinu** og plötusnúðurinn Dj dr Zeuss þeytir skífum.

22.00 Plötusnúðurinn **HalliValli** þeytir skífum á Kaffibarnum.

22.00 Karóki með tónlistarmanninum Ragnari Ólafssyni, sem spilar undir og raddar, á **Café Oliver.**

Fyrirlestrar

12.30 **Antti Kuosmanen**, sendiherra Finnlands hjá OECD, heldur fyrirlestur á vegum Alþjóðamálastofnunar og Rannsóknaseturs um smáríki, í fundarsal **Norræna hússins.**

Útivist

Korpúlfarnir, samtök eldri borgara í Grafarvogi, standa fyrir sundleikfimi í **Grafarvogssundlaug.**

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is



- Lifid heil



www.lyfja.is

+ Til hamingju með daginn

Fylgstu með og nýttu þér fjölmörg spennandi tilboð í tilefni af 15 ára afmæli Lyfju.

Tilboðin hér að neðan gilda til 16. september.

Viteyes og Thera Tears

15% afmælisafsláttur

VITEYES augn vítamín með zinki og luteíni.

- Aðeins tvö hylki á dag
- Þróað af læknum með tilliti til augnbotnahrömunar

Thera Tears gervitár og gel gegn augnþreytu og þurrki.

- Engin rotvarnarefni
- Haldast lengur í augnum
- Handhægar dagsumbúðir með tappa



Guli miðinn

25% afmælisafsláttur



Afsláttur af allri línunni.

Nutrilenk Gold

20% afmælisafsláttur

Náttúrulegt byggingarefni fyrir liðina. Hentar fólki sem þjáist af slit og verkjum í liðamótum. NUTRILENK GOLD hefur fengið frábærar viðtökur hérlandis og státar af þúsundum ánægðra viðskiptavina.



KAL Crystal Magnesium Solaray D vítamín

25% afmælisafsláttur

